LILJA GUNNARSDÓTTIR

Á yfir fjörutíu pör af flottum sokkabuxum

• tíska • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

FERMINGAR

Skreytingar, veisluföng og föt á fermingarbörn

Sérblað um fermingar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

STEFÁN GUNNARSSON

Botnlanginn afhentur í fyrsta sinn í kvöld

Verðlauna verstu auglýsingar ársins

FÓLK 30

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. febrúar 2009 — 50. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Áttræð myndasöguhetja

Borgarbókasafn Reykjavíkur og Myndlistaskólinn í Reykjavík efna til samkeppni í tilefni af 80 ára afmæli Tinna.

TÍMAMÓT 22

Klífur Hvannadalshnjúk

Sveppi fer á hæsta tind landsins ásamt Haraldi Ólafssyni pólfara.

FÓLK 38

Rætur hrunsins

Danir hafa breytt stjórnarskrá sinni til að draga úr valdi ráðherra og auka stjórnskipulegt vald þingsins, segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 20

Ensku liðin unnu

Liverpool og Chelsea unnu bæði góða sigra í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar í gær.

ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMULOFT NÁLGAST Í dag verður lengst af hæg austlæg átt, en 8-15 m/s sunnan og vestan til í kvöld. Stöku él með ströndum en snjókoma eða slydda fyrir sunnan og vestan síðdegis og í kvöld.

VEÐUR 4

Nýr Seðlabankastjóri tekur til starfa í dag

Nýtt Seðlabankafrumvarp var afgreitt úr viðskiptanefnd í gærkvöldi. Gengið hefur verið frá því hver tekur við stjórninni til bráðabirgða. Hann verður settur í starfið þegar lögin taka gildi. Heimildir blaðsins herma að hann sé útlenskur.

STJÓRNMÁL Frumvarp um stjórnskipulagsbreytingar á Seðlabanka Íslands var afgreitt úr viðskiptanefnd í gær. Það verður því tekið til þriðju umræðu í dag og líklega afgreitt sem lög síðdegis.

Seðlabankastjóri verður settur til bráðabirgða um leið og lögin taka gildi. Heimildir Fréttablaðsins herma að búið sé að ganga frá bráðabirgðaráðningunni. „Það segir í bráðabirgðaákvæðinu eftir breytingu að tvær greinar í starfsmannalögunum gildi ekki um þessa bráðabirgðaskipun," sagði Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar eftir nefndarfundinn í gær. „Annars vegar að það þarf ekki að auglýsa og þar sem verið er að setja mann í þetta starf, en ekki skipa, þá er ekkert sem mælir gegn því að hann sé útlendingur." Heimildir Fréttablaðsins herma að sú leið hafi verið valin að leita út fyrir landsteinana eftir manni til að gegna starfinu tímabundið en það hefur ekki fengist staðfest.

Samþykkt var breytingartillaga sem felur það í sér að peningastefnunefnd fær það verkefni að gefa út viðvörun meti hún það svo að hætta steðji að efnahagskerfinu.

„Ef markmiðið með frumvarpinu hefur verið að koma seðlabankastjórum frá þá hefur verið farin mikil fjallabaksleið," segir Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í viðskiptanefnd. Hann segir ennfremur að vinnubrögð fulltrúa stjórnarflokkanna hafi einkennst af taugaveiklun og líklega hafi það stafað af því að sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé að koma í dag og allt kapp sé lagt á að koma núverandi bankastjórum frá af þeim sökum.

„Síðan hefur verið sagt að þetta sé gert til að eyða óvissu en það er ekki rétt," bætir hann við. „Því nú verður bráðabirgðabankastjóri settur í stafið en það geta liðið vikur og mánuðir uns nýir seðlabankastjórar taka við til að sinna starfinu til famtíðar." - jse

FJÖR Á ÖSKUDEGI Miðborgin fylltist í gær af kátum börnum í grímubúningum sem héldu öskudaginn hátíðlegan. Öskudagur er upphafsdagur lönguföstu og er hann alltaf haldinn á miðvikudegi í sjöundu viku fyrir páska. Dagurinn er sérlega mikilvægur í kaþólskri trú þar sem hann er dagur iðrunar fyrir drýgðar syndir auk föstunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ingólfur Júlíusson ljósmyndari:

Í bandarískum ferðaþætti

FÓLK „Þetta verður rosa spennandi verkefni af því að við ætlum að skoða Bandaríkin eins og enginn hefur séð þau áður," segir Ingólfur Júlíusson ljósmyndari.

INGÓLFUR JÚLÍUSSON

Hann verður þátttakandi í nýjum ferðaþætti sem verður tekinn upp í Bandaríkjunum á næstunni. Um einn prufuþátt verður að ræða þar sem Ingólfur og tveir þáttastjórnendur skoða landið frá nýstárlegu sjónarhorni. Í þættinum mun Ingólfur tjá sig um það sem fyrir augu ber ásamt stjórnendunum.

Einnig ætlar hann að festa mannlífið á filmu. Ef þátturinn fær mikla athygli verða fleiri slíkir gerðir og þeir sýndir um gjörvöll Bandaríkin og hugsanlega víðar. -fb/ sjá síðu 38

Breska fjármálaeftirlitið:

Segir bankann hafa skort fé

EFNAHAGSMÁL Breska fjármálaeftirlitið vill ekki tjá sig um orð Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra, um að miklir fjármagnsflutningar úr dótturfélagi Kaupþings hefðu valdið því að bresk stjórnvöld settu hryðjuverkalög á Landsbankann í Bretlandi.

Það eina sem fjölmiðlafulltrúi eftirlitsins staðfestir er að ástæða þess að gripið hafi verið til aðgerða gegn Singer & Friedlander, dótturfélagi Kaupþings, hafi verið sú að félagið hafi ekki átt nægilegt fé til að halda áfram rekstri.

Fyrrum forstjóri Kaupthing Singer & Friedlander, Ármann Þorvaldsson, neitar því að óeðlilegir fjármagnsflutningar hafi verið úr félaginu á þessum tíma og tiltekur sérstaklega upphæðir þær sem Davíð Oddsson hafði á hraðbergi. - kóþ

Tveir íslenskir karlmenn um fimmtugt ákærðir fyrir fíkniefnainnflutning:

Fljótandi kókaín frá Hondúras

DÓMSMÁL Tveir íslenskir karlmenn um fimmtugt hafa verið ákærðir af ríkissaksóknara fyrir að hafa staðið saman að innflutningi á rúmlega 1,8 lítrum af kókaíni í vökvaformi frá Hondúras hingað til lands. Efnin hafi þeir ætlað til sölu.

Að beiðni annars mannsins sendi ónafngreindur maður fíkniefnin með hraðsendingafyrirtækinu FedEx til Íslands á heimilisfang hins mannsins.

Fíkniefnin fundust fyrst við leit lögreglunnar á Miami í Bandaríkjunum hinn 18. september. Þau voru send lögregluyfirvöldum á Íslandi þar sem þeim var skipt út fyrir gerviefni. Sendingin var síðan afhent manninum sem hún var stíluð á undir eftirliti lögreglu 21. september. Hann afhenti vitorðsmanni sínum efnin. Sá síðarnefndi hugðist koma þeim í duftform og afhenda til söludreifingar. Báðir mennirnir stóðu í þeirri trú að sendingin innihéldi fíkniefni.

Þá er annar mannanna einnig ákærður fyrir að hafa verið tekinn í fjögur skipti með talsvert magn af mismunandi fíkniefnum í fórum sínum, einkum þó kókaín. - jss

KÓKAÍN Koma áttti kókaínvökvanum í duftform og selja.

Sumarbæklingur
Heimsferða
er kominn út

www.heimsferdir.is

ostur.is

Skólaostur nú í sneiðum og á tilboði

Nýjung

SPURNING DAGSINS

Össur, fær ekki fólkið hland fyrir hjartað?

„Nei, því nú getur það létt á sér með góðri samvisku."

Myndum af íslenskum útrásarvíkingum verður komið fyrir í hlandskálum karlaklósettsins á tónleika- og skemmtistaðnum Sódómu Reykjavík, sem verður opnaður í miðbænum 6. mars næstkomandi. Össur Hafþórsson er einn af eigendum staðarins.

Guðríði Þorvaldsdóttur leið eins og barni þegar hún fann skeyti við Garðskaga:

Fann flöskuskeyti frá Grænlandi

FÓLK „Þegar ég fann flöskuskeytið kom yfir mig þessi eftirminnilega barnslega tilfinning. Mér leið hreinlega eins og ég yngdist um fjörutíu ár," segir Guðríður Þorvaldsdóttir, sem gekk fram á flöskuskeyti frá Grænlandi í fjörunni á Garðskaga, milli vitans og Ásgarðalands, síðasta sunnudag.

Guðríður segist hafa fundið á sér að hún ætti að fara niður að sjó í göngu um leið og hún opnaði augun um morguninn. „Sólin skein í um það bil hálftíma eða klukkutíma, einmitt meðan við vorum að labba í fjörunni. Það er líka skemmtilegt að segja frá því að stuttu eftir að skeytið fannst hitti

SKEYTI Í FLÖSKU Guðríður skilur ekki grænlensku og veit því ekki hvert umfjöllunarefni skeytisins er.

ég ungan dreng, Gunnar, sem var á göngu með móður sinni. Móðir Gunnars hljóðaði upp þegar hún sá flöskuskeytið og sagði að Gunnar hefði rétt í því verið að tala um hve gaman væri nú ef þau fyndu flöskuskeyti. Ég sagði honum þá að það væri hægt að óska sér svo heitt að skeytið kæmi til manns. Hann var mjög undrandi og ánægður með það," segir Guðríður.

Skeytið er langt, dagsett í ágúst á síðasta ári og merkt símanúmeri og veffangi. „Ég hef ekki hringt enn, en ég sendi tölvupóst án þess að fá svar. Við skiljum auðvitað ekki grænlensku og vitum því ekki hvað stendur í bréfinu, en gaman væri ef einhver gæti hjálpað við að ráða í bréfið," segir Guðríður Þorvaldsdóttir. - kg

Hönnuðurinn Sruli Recht:

Fékk verðlaun fyrir regnhlíf

FÓLK Hönnuðurinn Sruli Recht sem býr og starfar á Íslandi vann nýlega til IDA-verðlauna eða International Design Awards 2008 fyrir hönnun á regnhlíf og belti.

Hann sigraði í flokknum aukahlutir í ferðalög með regnhlíf sem ber heitið The Umbuster en handfang hennar er í líki hnúajárns.

Hann varð einnig í öðru sæti í sama flokki með sylgjulausa beltið ~Elt. Beltið er að öllu leyti framleitt á Íslandi og skorið með nýstárlegri tækni þar sem notuð er mjó vatnsbuna.

-sg/Sjá ALLT

Kafla Indriða um skattaskjól hafnað

Ósk fyrrverandi ríkisskattstjóra um að fá að fjalla um eignir Íslendinga í skattaparadísum við úttekt á íslenska skattkerfinu fékk ekki hljómgrunn annarra í nefndinni. „Hefði verið afskaplega gagnlegt," segir fulltrúi ASÍ í nefndinni.

EFNAHAGSMÁL Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, vildi skrifa kafla um erlend eignatengsl og skattaskjól í skýrslu sem gerð var fyrir fjármálaráðuneytið um íslenska skattkerfið og afhent var ráðuneytinu í september í fyrra. Aðrir nefndarmenn lögðust hins vegar gegn því að slíkur kafli yrði í skýrslunni og höfðu betur.

Skýrslan, sem ber heitið Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni, er afrakstur nefndar sem skipuð var í febrúar 2006 af fjármálaráðherra til að fara yfir skattkerfið „til að varpa ljósi á hvaða þættir það væru sem gera það samkeppnishæft og skilvirkt", eins og segir í skýrslunni sjálfri.

ÓLAFUR DARRI ANDRASON

„Já já, ég get ekki neitað því að ég lagði til að það yrði kafli í skýrslunni um þessi mál, það er að segja þessi erlendu eignatengsl sem hefðu vaxið svona mikið hérlendis og aðkomu þessara skattaparadísa að þessum málum," segir Indriði. Hann var búinn að vinna kaflann, sem byggðist á lengri úttekt hans á málinu á grundvelli upplýsinga frá Seðlabankanum og Kauphöll Íslands.

„En eins og gengur þá er svona skýrsla niðurstaða samkomulags um hvað þar á að vera og hvað ekki og ég hygg að einhverjir hafi talið að þetta væri efni sem félli kannski ekki beint undir erindisbréf nefndarinnar. Það var komið fram mikið efni og menn þurftu að velja og hafna hvað færi inn í skýrsluna og í hvaða formi og það náttúrlega réðst af ýmsum sjónarmiðum," segir Indriði.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ og einn nefndarmanna, segist hafa tekið undir tillögu Indriða í nefndinni. „Ég hefði gjarnan viljað sjá þetta inni og hefði talið það afskaplega gagnlegt," segir hann. „En við Indriði vorum því miður í minnihluta í nefndinni."

Ólafur Darri segir það hafa verið samkomulag frá upphafi að skýrslan væri samantekt og innihéldi ekki beinar tillögur. Málin skyldi vinna í sem mestri sátt og það sem væri ágreiningur um yrði einfaldlega látið kyrrt liggja. „Í því ljósi gerði ég ekki ágreining um það að þetta væri ekki inni," segir hann.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru það einkum nefndarmennirnir Tryggvi Þór Herbertsson, fyrrverandi efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sem voru andvígir því að fjallað yrði um þessi mál í skýrslunni. stigur@frettabladid.is

NEFNDARMENN

- Formaður: Friðrik Már Baldursson - þá prófessor við HÍ, nú við HR.
- Indriði H. Þorláksson - þá ríkisskattstjóri, nú settur ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.
- Tanya Zharov - þá lögfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu.
- Maríanna Jónasdóttir - skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu
- Vilhjálmur Egilsson - þá ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, nú framkvæmdastjóri SA.
- Ragnar Ingimundarson - hagfræðingur BSRB
- Ólafur Darri Andrason - hagfræðingur ASÍ.
- Tryggvi Þór Herbertsson - þá prófessor við HÍ, síðar bankastjóri og efnahagsráðgjafi forsætisráðherra.
- Þorlákur Björnsson - deildarstjóri hagdeildar Orkuveitu Reykjavíkur (starfaði ekki með nefndinni).

INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON

Formaður Samfylkingar:

Kynnir áform sín í vikunni

STJÓRNMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, hyggst kynna framtíðaráform sín í stjórnmálum síðar í vikunni, að því er segir í tilkynningu frá Samfylkingunni.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Hún hefur nú snúið heim úr þriggja vikna leyfi sínu á Spáni, þar sem hún var að jafna sig eftir veikindi og skurðaðgerðir á heila. Hún er sögð geta náð sér að fullu, eftir einhvern tíma.

Ingibjörg mun þessa dagana ræða við Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og fara yfir stjórnmálastöðuna. Hún hyggst ekki ræða við fjölmiðla. - kóþ

Landsvirkjun setur upp varnir:

Álverð ekki lægra í sjö ár

VIÐSKIPTI Álverð er nú um sextán prósentum lægra en Landsvirkjun miðaði við í arðsemisútreikningum sínum vegna byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Í útreikningunum var miðað við meðalverðið 1.550 Bandaríkjadali fyrir hvert tonn af áli. Það hefur lækkað verulega frá síðasta sumri, stóð í 1.264 dölum í fyrradag og hafði þá ekki verið lægra í sjö ár.

Verð á raforku til stóriðju er tengt álverði og hefur þróun álverðs lægri tekjur í för með sér fyrir orkufyrirtæki. Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir fyrirtækið hafa gert framvirka samninga þegar álverð stóð í hæstu hæðum og varið sig gegn lækkandi raforkuverði. - jab/ Sjá síðu 18

Samstarf Írana og Rússa:

Íranar ræsa kjarnorkuver

ÍRAN, AP Íranar og Rússar skýrðu frá því í gær að fyrsta kjarnorkuverið í Íran hafi verið sett í gang í tilraunaskyni.

Jafnframt segjast Íranar hafa tekið í notkun þúsund skilvindur í viðbót til auðgunar úrans og eru skilvindurnar þar með orðnar sex þúsund talsins.

Íranar halda því statt og stöðugt fram að þeir hafi einungis í huga að nota kjarnorku í friðsamlegum tilgangi, en stjórnvöld á Vesturlöndum, einkum bandarísk stjórnvöld, hafa ítrekað talið hættu á að Íranar muni nota kjarnorkuna til að koma sér upp kjarnavopnum. - gb

Geir H. Haarde:

Nefndin sker úr um sektina

EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, segist ekki taka málflutning Davíðs Oddssonar persónulega en hann sagðist í Kastljósviðtali í fyrradag hafa ítrekað varað ríkisstjórnina við. „Þetta mál er ekki á persónulegum nótum," sagði hann í samtali við blaðamenn í gær.

GEIR H. HAARDE

Sagði Geir enn fremur að rannsóknarnefnd mundi leiða sannleikann í ljós í þessu máli og réttast væri að bíða eftir þeim úrskurði. Hann sagði einnig að bankarnir bæru höfuðábyrgð á því hvernig komið væri. Þeir nutu góðs af því ástandi sem var þegar nóg var af fjármagni á lágu verði en voru svo ekki í stakk búnir þegar ástandið versnaði. - jse

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

Ókeypis máltíð fyrir börnin!

Þegar þú kaupir máltíð, fá börnin, tíu ára og yngri, að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.
Verið velkomin í IKEA

IKEA® FOOD

Verslun opin 11-19 alla daga | Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

Möguleikar á að draga Breta fyrir Mannréttindadómstól Evrópu:

Ekki ákveðið að hætta við

STJÓRNMÁL „Engin breyting hefur orðið á fyrirhuguðum stuðningi ríkisstjórnarinnar við hugsanlega málshöfðun skilanefnda Landsbankans og Kaupþings á hendur breska ríkinu. Íslenska ríkið yrði hins vegar ekki beinn aðili að slíkum málum," segir í yfirlýsingu frá Viðskiptaráðuneytinu frá í gær.

Var yfirlýsingin send vegna fréttar Financial Times, þar sem Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði í viðtali við blaðamann að íslenska ríkisstjórnin hefði engar áætlanir uppi um að fara í mál vegna frystingar eigna í Bretlandi við bankahrunið.

Í yfirlýsingunni kemur jafnframt fram að enn sé verið að kanna möguleika á að vísa málum til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði á Alþingi í gær, við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar, að ákvörðun fyrri ríkisstjórnar varðandi málshöfðun og stuðning vegna málshöfðunar stæði. „Þar á meðal var að leita allra leiða til þess að sækja málið fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. En það er ekki búið að leiða það til lykta eða kanna til þrautar. Eftir því sem ég best veit er sú vinna enn í gangi og ekkert útilokað í þeim málum," sagði Þórunn. - ss

GYLFI MAGNÚSSON Blaðamaður FT virðist hafa misskilið viðskiptaráðherra þegar Gylfi sagði íslensku ríkisstjórnina ekki hafa plön um málaferli gegn breska ríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON

sumarferdir.is

Madeira í sumar

CS Madeira Resort & Spa ☆☆☆☆☆

1 vika, 10. - 17. júlí
með morgunverði

frá 90.744 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn

-ódýrustu sætin bókast fyrst!

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

GENGIÐ 25.02.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	111,97	112,51
Sterlingspund	162,06	162,84
Evra	143,7	144,5
Dönsk króna	19,287	19,399
Norsk króna	16,406	16,502
Sænsk króna	12,737	12,811
Japanskt jen	1,154	1,1608
SDR	165,49	166,47

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
177,3752
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ástralska fjárfestinum Steve Cosser hefur verið boðið til fundar með Íslandsbankamönnum í dag:

Þórsmörk festir kaup á Morgunblaðinu

FJÖLMIÐLAR Íslandsbanki tók í gær tilboði Þórsmerkur í útgáfufélagið Árvakur, sem gefur út Morgunblaðið.

Hvorki kaupandi né bankinn gefur upp kaupverðið, að öðru leyti en því að tilboð Þórsmerkur hafi verið 200 milljónum hærra en næsthæsta tilboð, frá ástralska fjárfestinum Steve Cosser.

Sá mun vilja fá staðfestingu á því að hann hafi ekki átt hæsta tilboðið og hefur verið boðið til fundar með bankamönnum í dag.

Már Másson, fjölmiðlafulltrúi Íslandsbanka, segir að hæsta tilboðinu hafi vissulega verið tekið og að engar kröfur aðrar en fjárhagslegar hafi verið gerðar til væntanlegra kaupenda. Árvakri fylgir meðal annars útgáfuréttur blaðsins, fasteign að Hádegismóum og prentsmiðja.

Meðal fjárfesta í Þórsmörk eru Óskar Magnússon, Gísli Baldur Garðarsson, Guðbjörg Matthíasdóttir og Þorsteinn Már Baldvinsson.

„Morgunblaðið hefur verið rekið með ágætri afkomu um áraraðir," segir Óskar. „En svo hafa verið erfiðleikar undanfarin ár. Ef mönnum tekst að skilja og fást við þá, ásamt með öðrum áformum sem við kunnum að hafa, getur þetta orðið prýðisrekstur í framtíðinni, eins og hann var í fortíðinni." Hann vill ekki ræða hverjir þessir erfiðleikar eru, né heldur um hugsanleg áform Þórsmerkur.

Óskar segir að aukið samstarf milli prentmiðla á markaði, svo sem um prentun, geti vel komið til greina. „Og ég held að það gæti verið mjög hagkvæmt fyrir alla, án þess að það skekki samkeppni," segir Óskar. Spurður um áform til hagræðingar bendir Óskar á að starfsmönnum blaðsins hafi nú þegar verið fækkað verulega. Ekkert hafi verið rætt um aðrar mannabreytingar á ritstjórn.

- kóþ

ÓSKAR MAGNÚSSON Óskar fer fyrir hópi fjárfesta undir nafninu Þórsmörk, en við kaupin færist hlutur núverandi hluthafa niður í núll. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Frá Síberíu til Moskvu:

Réttað á ný yfir Khodorkovskí

RÚSSLAND, AP Rússneski olíujöfurinn Mikhaíl Khodorkovskí og félagi hans, Platon Lebedev, hafa verið fluttir úr fangelsi í Síberíu til fangelsis í Moskvu, þar sem halda á ný réttarhöld yfir þeim.

KHODORKOVSKÍ

Khodorkovskí var í eina tíð ríkasti maður Rússlands. Hann var dæmdur árið 2005 til átta ára fangelsis fyrir skattsvik.

Gagnrýnendur segja þau réttarhöld hafa verið sýndarréttarhöld, til þess gerð að styrkja stjórnvöld og þagga niður í Khodorkovskí, sem hafði gagnrýnt stjórnina harðlega.

Nýjar ákærur um svik og þjófnað hafa verið lagðar fram. **- gb**

Íhaldsformaður missir son:

Bretar sameinast í samúð

BRETLAND, AP Sex ára gamall fjölfatlaður sonur Davids Cameron, leiðtoga breska Íhaldsflokksins, lést óvænt á sjúkrahúsi í Lundúnum í gærmorgun. Fréttin af andláti drengsins sameinaði stjórnmálamenn úr öllum flokkum í að sýna fjölskyldu hans samúð.

Ivan Cameron var elstur þriggja barna íhaldsleiðtogans og eiginkonu hans, Samönthu. Hann var spastískur og þjáðist auk þess af sjaldgæfu, alvarlegu formi flogaveiki.

Gordon Brown forsætisráðherra tjáði þinginu að „andlát barns er óbærileg sorg sem vart er á nokkurt foreldri leggjandi". Fyrirspurnartíma forsætisráðherrans var aflýst af þessu tilefni. **- aa**

ÁKVÁÐU AÐ FRESTA ENDURSKOÐUN Forystusveit ASÍ og SA ákváðu í gær að fresta endurskoðun kjarasamninga fram í júní. Lágmarkstekjutrygging hækkar þó í 157 þúsund krónur og verður því hærri en lágmarkslaun. Reiði er innan ASÍ vegna bréfs sem forseti ASÍ sendi til að kanna viðbrögð við hugmynd um að fimm verkalýðsfélög segðu sig úr samfloti hreyfingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lægstu laun hækka um 12 þúsund krónur

ASÍ og SA hafa ákveðið að fresta endurskoðun kjarasamninga þangað til í júní. Lágmarkstekjutrygging hækkar um 12 þúsund krónur og verður 157 þúsund, eða hærri en atvinnuleysisbætur. Margir sárir og reiðir eftir átökin innan ASÍ.

VINNUMARKAÐUR Alþýðusambandið, ASÍ, og Samtök atvinnulífsins, SA, hafa náð samkomulagi um að fresta endurskoðun kjarasamninga og þar með launahækkunum, sem áttu að koma til framkvæmda 1. mars, fram í júní. SA hefur fallist á að hækka um næstu mánaðamót lágmarkslaun um 12 þúsund krónur með því að hækka lágmarkstekjutryggingu í 157 þúsund krónur. Félagsmenn fá líka einn orlofsdag í viðbót og fá því 30 daga sumarfrí á næsta ári.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir að SA telji rétt að hækka lágmarkstekjutrygginguna strax því að það dragi það mikið úr hvötum til vinnu ef atvinnuleysisbætur séu hærri en lágmarkslaun. Samkomulagið nú sé frágengið og gildi líka fyrir félagsmenn verkalýðsfélaganna fimm sem hafa óskað eftir allsherjaratkvæðagreiðslu um það. Endurskoðun fari fram fyrir 1. júlí.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir að lágmarkstekjutryggingin sé fyrst og fremst öryggisnet. „Væntanlega grípur það einhverja en vonandi verða þeir ekki margir."

Reiði og hiti hefur kraumað meðal félagsmanna fimm stéttarfélaga vegna endurskoðunar kjarasamninganna. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sendi félögunum nýlega fyrirspurn til að kanna hvort félögin vildu afturkalla umboð samninganefndarinnar og láta reyna á launahækkanir um mánaðamótin en meirihluti hefur verið fyrir því innan ASÍ að fresta endurskoðun kjarasamninga fram á sumar.

Forystumennirnir svöruðu að þetta væri ekki svara vert og vísuðu í tillögu sína um að fara í allsherjaratkvæðagreiðslu innan ASÍ og leyfa félagsmönnum þannig að taka afstöðu til þess. „Þegar svona mikilvægt mál liggur fyrir þá er afar brýnt að félagsmenn geti tekið ákvörðun um það sjálfir," segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Gylfi segir að ASÍ hafi ekki umboð til að leggja málið í atkvæðagreiðslu. Félögin hefðu sjálf átt að gera það innan sinna raða. Frestunin taki til allra félaganna. Í sumar verði svo reynt að ná þríhliða samkomulagi. En vafalaust hafi þetta mál afleiðingar í framtíðinni.

„Það er ekki bara þannig að þessir fimm félagar geti lýst yfir að þeir séu reiðir. Það eru margir aðrir yfir sig reiðir yfir því með hvaða hætti framgangan hefur verið." **ghs@frettabladid.is**

Ráðist á bækistöð ETA:

Baskar mótmæla ofbeldi

SPÁNN Óánægður íbúi í baskabænum Lazkao braust inn á kaffihús í bænum, þar sem aðskilnaðarsinnar úr ETA-samtökunum hafa haft bækistöð. Maðurinn braut og bramlaði allt sem hann gat.

Hann var reiður vegna þess að íbúð hans, sem var beint á móti skrifstofu Sósíalistaflokksins í bænum, skemmdist í sprengingu á sunnudagskvöld. Fjöldi bæjarbúa, þar á meðal hópur stjórnmálamanna, kom saman í bænum til að mótmæla ofbeldisverkum aðskilnaðarsinna, sem hafa færst í aukana nú í aðdraganda kosninga, sem verða í næsta mánuði. **- gb**

Jón Baldvin Hannibalsson:

Býður sig fram með fyrirvara

STJÓRNMÁL Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi formaður Alþýðuflokksins og ráðherra, býður sig fram í eitt af átta efstu sætum Samfylkingarinnar í Reykjavík. Þetta kemur fram í tilkynningu sem hann sendi fjölmiðlum í gær.

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Í tilkynningunni segir að framboðið sé sett fram án vísunar til tiltekins sætis með fyrirvara um og í trausti þess að boðað stjórnarfrumvarp um persónukjör nái fram að ganga þannig að væntanlegir alþingismenn öðlist ótvírætt umboð kjósenda.

Jón Baldvin sat á þingi í 16 ár. Hann var fyrst kjörinn árið 1982 en hætti þingmennsku árið 1998. Eftir þingmennsku varð hann sendiherra í Bandaríkjunum og síðar Finnlandi. **- th**

VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

LÆGÐ Á LEIÐINNI
Það vantar ekki lægðirnar þessa dagana. Ein kemur í dag. Samfara því hvessir fyrir sunnan og vestan auk þess sem úrkomuloft siglir inná landið úr suðri. Því má búast við snjókomu á öllum suðurhelmingi landsins í kvöld. Allra syðst má reyndar búast við slyddu eða jafnvel rigningu. Frost verður um mestallt land en sunnan til hlánar þegar lægðin nálgast.



Á MORGUN
5-13 m/s, hvassast með ströndum nyrðra.

LAUGARDAGUR
3-10 m/s hvassast á Vestfjörðum.

HEIMURINN

Alicante	16°
Amsterdam	8°
Basel	5°
Berlín	4°
Billund	7°
Eindhoven	8°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	18°
London	12°
New York	6°
Orlando	22°
Osló	2°
París	12°
Róm	11°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

NOKIA
5800
XpressMusic
Kemur
í sölu
Í DAG
Tónlistarsími
SNERTISKJÁR 3.2“
GPS
8GB minni
3G
STAÐSETNINGARTÆKI
Stereo hátalarar
3.2 Mpix myndavél
WiFi
nokia
on ice
RÁS
THULE
www.nokiaonice.is
Tónlistarhátíð föstudaginn 3. apríl
í Listasafni Reykjavíkur
og Sódómu Reykjavík
MIÐI Á NOKIA ON ICE FYLGIR HVERJUM NOKIA 5800 XpressMusic SÍMA
Bang Gang | Dr. Spock | Jeff Who? | Sometime | Mammút | Sudden Weather Change | Cosmic Call | Bárujárn | DJ Matti

KJÖRKASSINN

Var Davíð Oddsson sannfærandi í Kastljóssviðtalinu?

Já 49%

Nei 51%

TELUR ÞÚ AÐ JÓN BALDVIN HANNIBALSSON VERÐI NÆSTI FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR?

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Karlmaður, grunaður um stórfellda líkamsárás sem leiddi til dauða, áfram inni:

Allt að sextán ára fangelsi

DÓMSMÁL Karlmaður sem grunaður er um að hafa ráðist heiftarlega að litháískum landa sínum í sumarbústað í Grímsnesi, með þeim afleiðingum að hinn síðarnefndi lést, gæti átt yfir höfði sér allt að sextán ára fangelsi. Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manninum til 18. mars.

Ríkissaksóknari hefur höfðað sakamál á hendur hinum meinta árásarmanni. Honum er gefið að sök að hafa 7. nóvember slegið fórnarlambið hnefahögg í höfuðið. Skömmu síðar greip hann um manninn, ýtti honum svo hann féll á gólfið af stól. Árásarmaðurinn hafi þá ítrekað sparkað í og stigið á höfuð hans og efri hluta líkama hans á meðan hann lá á gólfinu, svo hann hlaut höggáverka víðs vegar á höfði og líkama.

Jafnframt miklar blæðingar í heilastofni, dreifðar blæðingar í heila með bjúg aðallega við hægra heilahvel og blæðingar milli heilahimna, með þeim afleiðingum að hann lést stuttu síðar af völdum atlögunnar.

Árásarmaðurinn hefur setið inni frá 8. nóvember.

Tveir samlandar hans eru ákærðir fyrir brot gegn lífi og líkama þar sem þeir létu fyrir farast að koma fórnarlambinu undir læknishendur.

SUMARBÚSTAÐURINN Í þessum bústað réðst maður á annan með alvarlegum afleiðingum.

Fangaflótti í Grikklandi:

Fangavörðum stefnt fyrir rétt

GRIKKLAND, AP Fjórum fangavörðum og þyrluflugmanni var í gær stefnt á ný fyrir rétt til að svara ásökunum um afglöp í starfi fyrir að hafa ekki getað hindrað flótta tveggja fanga í þyrlu úr öryggisfangelsi í Aþenu fyrr í vikunni.

Tveir verjendur sakborninganna sögðu sig frá málinu í kjölfar þess að þeir sögðust telja hallað á skjólstæðingana í öllum málatilbúnaðinum. Tveir aðrir lögmenn verða útnefndir til að verja sakborningana. Víðtæk leit að flóttaföngunum, sem sátu inni fyrir vopnað rán, hefur engan árangur borið. Þeir flúðu með sama hætti fyrir þremur árum. - aa

Krefur ríkið um 449 milljónir í bætur

Stjórnarformaður Nýja Kaupþings, Gunnar Örn Kristjánsson endurskoðandi, sem sagði af sér í gær eftir tveggja daga setu í stjórninni, stendur í málaferlum við íslenska ríkið. Hann krefur það um 449 milljónir króna í skaðabætur.

BANKAMÁL Gunnar Örn Kristjánsson endurskoðandi, sem sagði af sér stjórnarformennsku Nýja Kaupþings í gær, stendur í málaferlum við íslenska ríkið sem hann krefur um 449 milljónir króna í skaðabætur. Gunnar Örn hefur einungis setið fáeina daga í stjórninni.

„Skipan Gunnars bar brátt að og við nánari skoðun taldi hann starfið viðameira og fela í sér meiri bindingu en hann hefur aðstöðu til að inna af hendi," segir í tilkynningu frá fjármálaráðherra.

Þegar Fréttablaðið spurði Steingrím J. Sigfússon hvort þessi ákvörðun tengdist yfirstandandi málaferlum Gunnars Arnar eða þeirri staðreynd að hann hefði verið ákærður fyrir vanrækslu í starfi í apríl 2004 sem endurskoðandi Tryggingasjóðs lækna, kveður fjármálaráðherra svo ekki vera.

„Það er eitthvert einkamál sem hann er með út af einhverri málsmeðferð sem er algjörlega óskylt þessum verkefnum, þannig að það blandaðist ekkert inn í þetta," segir ráðherra.

Það var ríkislögreglustjóri sem lagði fram ákæruna sem vísað er til á hendur Gunnari Erni í apríl 2004. Þar var honum meðal annars gefið að sök að hafa vanrækt skyldur sínar sem löggiltur endurskoðandi ársreikninga Tryggingasjóðs lækna. Ákæran var gefin út í framhaldi af því að framkvæmdastjóri Tryggingasjóðs lækna hafði orðið uppvís að því að draga sér um 75 milljónir króna úr sjóðnum.

Héraðsdómur sýknaði Gunnar Örn af ákærunni en ríkissaksóknari áfrýjaði til Hæstaréttar.

Hæstiréttur vísði málinu frá dómi meðal annars vegna þess að verknaðarlýsing í ákæru væri verulegum annmörkum háð. Í lok maí 2005 gaf ríkissaksóknari efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra fyrirmæli um að hefja rannsókn á máli Gunnars Arnar að nýju.

Unnið var að því að fá tvo löggilta endurskoðendur að málinu en það gekk ekki þrautalaust. Í nóvember 2006 féll málið svo á tíma samkvæmt stjórnarskránni og mannréttindasáttmála Evrópu og ríkissaksóknari fyrirskipaði að það skyldi látið niður falla.

FRÁFARANDI FORMAÐUR BANKASTJÓRNAR Gunnar Örn Kristjánsson sem sat fáeina daga á stóli formanns bankastjórnar Nýja Kaupþings stendur í málaferlum og vill tæpar 500 milljónir frá íslenska ríkinu.

Niðurstaða dómstóla fékkst því ekki.

Gunnar Örn höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu þar sem hann krafðist 449 milljóna króna í skaðabætur, eins og áður sagði. Héraðsdómur sýknaði íslenska ríkið. Gunnar Örn áfrýjaði málinu til Hæstaréttar þar sem það verður tekið fyrir á næstu mánuðum.

jss@frettabladid.is

Sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins bíður eftir niðurstöðum frá FME:

Nokkur mál til rannsóknar

LÖGREGLUMÁL Nokkur mál eru komin í rannsóknarfarveg hjá embætti sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins, en enginn hefur fengið stöðu grunaðs manns vegna þeirra rannsókna.

Embættið, sem tók til starfa um síðustu mánaðamót, bíður eftir upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu (FME) úr skýrslum endurskoðunarfyrirtækja um bankana.

Talsvert magn ábendinga hefur borist embættinu, bæði hugleiðingar og upplýsingar um einstök atvik, segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri fullyrti að fjölmörg einkahlutafélög hafi fengið sérstaka fyrirgreiðslu í bönkunum í Kastljósi Ríkissjónvarpsins á þriðjudag. Hann sagðist enn fremur fá fjölda ábendinga vegna bankahrunsins.

Ólafur segir að ekki sé ástæða til að kalla Davíð til fundar, eða biðja hann að upplýsa hvaða mál hann eigi við, að svo komnu máli. Mörg þeirra mála gætu skýrst þegar FME lýkur yfirferð yfir skýrslur endurskoðunarfyrirtækja um viðskipti bankanna fyrir hrun.

Ólafur hvetur þó alla, opinbera starfsmenn jafnt sem aðra, til að koma ábendingum um möguleg lögbrot í aðdraganda bankahrunsins til sín. Það megi til dæmis gera í gegnum vefsíðu embættisins, serstakursaksoknari.is. - bj

RANNSÓKN Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sér ekki ástæðu til að kalla Davíð Oddsson seðlabankastjóra á sinn fund. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

www.chanel.com

ULTRA
CORRECTION
LINE REPAIR

GETUM VIÐ LOKSINS SNÚIÐ ÁHRIFUM
TÍMANS VIÐ?

Á www.ultracorrection.com finnið þið sannleikann um hrukkur

ULTRA CORRECTION
LINE REPAIR
CRÈME DE JOUR ANTI-RIDES SPF 15
ANTI-WRINKLE DAY CREAM SPF 15
PRÉCISION
CHANEL

CHANEL

PRÉCISION

KOMDU Á CHANEL DAGA Í HAGKAUP
26. FEBRÚAR TIL 4. MARS

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Prinsessa hvaða frændþjóðar okkar giftir sig á næsta ári?*
2. *Konu hvaða leikmanns Manchester United var ógnað með hnífi í innbroti?*
3. *Hvaða hljómsveit verður leiðbeinandi í rokksmiðju í félagsmiðstöðinni Garðalundi í Garðabæ?*

Þrítugur íbúi á Hvammstanga tók sambandserfiðleikum illa og skemmdi íbúð:

Kveikti í fötum og ók út í sjó

LÖGREGLUMÁL Þrítugur maður var handtekinn á Hvammstanga á þriðjudag eftir að hafa kveikt í íbúð sinni og síðan ekið bíl unnustu sinnar út í sjó.

Maðurinn bjó ásamt unnustu sinni í kjallara þríbýlishúss við Höfðabraut á Hvammstanga. Unnustan hafði nýverið flutt út og virðist það hafa orðið honum tilefni til verknaðarins.

Slökkvilið var kallað til á þriðja tímanum um daginn þegar eldur logaði í íbúðinni. Maðurinn hafði þá gengið berserksgang í íbúðinni og borið eld að fötum sem þar voru.

Að því loknu ók hann brott á bíl sem skráður er á unnustu hans og út í sjó við ströndina. Bíllinn var hálfur í kafi þegar Blönduóslögregluna bar að garði. Ekki mun þó hafa verið bráð hætta á ferðum og svo virðist sem maðurinn hafi ekki ætlað að vinna sjálfum sér tjón.

Íbúðin er töluvert skemmd eftir brunann, einkum vegna reyks að sögn lögreglunnar á Akureyri sem annast rannsókn málsins. Allt innanhúss er ónýtt. Þá er bíllinn einnig töluvert skemmdur, enda ók maðurinn yfir nokkuð af stórgrýti á leið sinni niður fjöruna.

Maðurinn var drukkinn og játaði verknaðinn við yfirheyrslur hjá lögreglu. Honum var sleppt um hádegisbil í gær. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu vegna ýmissa afbrota. **- sh**

FRÁ HVAMMSTANGA Efri hæð hússins er einnig töluvert skemmd, að sögn lögreglu. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Opið hús í Tækniskólanum:

Bjóða klippingu á 1.500 krónur

SKÓLAMÁL Hársnyrtinemar Tækniskólans bjóða gestum klippingu á 1.500 krónur á opnu húsi á kynningardegi skólans, sem haldinn verður laugardaginn 28. febrúar á milli kl. 12 og 16. Á kynningardeginum verða auk þess í boði opnar vinnustofur í teiknun og hönnun, köfunarskóli, ljósmyndastúdíó, skartgripagerð, ratleikur og sýningar á verkefnum nemenda ásamt því að þyrla Landhelgisgæslu mætir.

Opið verður í Sjómannaskólahúsinu, gamla Iðnskólanum, Vörðuskóla og Flugskólanum.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.tskoli.is

Miðsjávarfiskur:

Ný gulldeplumið fundin

SJÁVARÚTVEGUR Ný gulldeplumið hafa fundist djúpt suður af Vestmannaeyjum. Frá þessu var sagt á heimasíðu Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) í gær.

Í fréttinni segir að sjö skip séu nú á veiðum á miðunum nýfundnu, Hugin VE, Kap VE, Birtingur NK, Jóna Eðvalds SF, Guðmundur VE, Hoffell SU og Ásgrímur Halldórsson SF.

Öll hafi þau fengið einhvern afla í fyrradag, en bræla og leiðindaveður hafi haft í för með sér að ekki hafi verið hægt að kasta í gærmorgun.

Nokkrir erfiðleikar hafa verið með geymslu aflans sökum smæðar gulldeplunnar, en lausnar á þeim vanda mun ekki langt að bíða. **- kg**

Grunaður kynlífsþrælahaldari og fíkniefnasmyglari:

Catalina í varðhaldi en neitar öllu

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur vísaði í gær frá dómi kæru Catalinu Mikue Ncogo þess efnis að gæsluvarðhaldi yfir henni yrði aflétt. Formgalli var á kæru Catalinu og því mun hún sitja í varðhaldi til morgundagsins eins og héraðsdómur hafði úrskurðað um.

Catalina var handtekinn við komuna til landsins frá Hollandi á föstudaginn síðasta grunuð um skipulagt mansal og að hafa ætlað að flytja til Íslands allt að tíu kíló af kókaíni frá Amsterdam. Hollensk lögregla handtók kærasta hennar, Helga Val Másson, með efnið í fórum sínum á Schiphol-flugvelli í Amsterdam í síðustu viku.

Þá þykir lögreglu vera til staðar „rökstuddur grunur þess efnis að hinn ætlaði innflutningur fíkniefnanna tengist mun umfangsmeiri innflutningi fíkniefna hingað til lands á undanförnum mánuðum og árum," segir í gæsluvarðhaldsúrskurði.

Yfirheyrslur hafa haldið áfram yfir Catalinu síðustu daga og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins neitar hún alfarið sök í málinu, bæði hvað varðar meintan innflutning á fíkniefnum og skipulagningu á mansali.

Catalina er talin hafa rekið vændisþjónustu í húsi á Hverfisgötu um nokkra hríð þar sem hún mun hafa gert út fjórar konur og hagnast á því. **- sh**

ARNEY EINARSDÓTTIR Bauð hæst í einbýlishúsalóð á uppboði vorið 2006. Nú getur hún hvorki fjármagnað byggingu á lóðinni né selt hana. Borgin neitar að taka lóðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

www.hafnarfjordur.is

DEIGLAN

Uppspretta hugmynda, hvatningar og samstöðu

Deiglan verður opin kl. 09.00 – 12.00 alla virka daga.

Láttu sjá þig!

Í dag opnar DEIGLAN, atvinnu- og þróunarsetur Hafnarfjarðarbæjar, í Menntasetrinu við Lækinn.

Deiglan er vettvangur fyrir fólk sem vill hrinda hugmyndum til atvinnusköpunar í framkvæmd auk þess að vera aðstaða fyrir námskeið, samveru, hugmyndavinnu og þróun nýrra atvinnutækifæra.

Boðið verður upp á fjölbreytt námskeið og ráðgjöf í kjölfar atvinnumissis. Fulltrúar stéttafélaga, Vinnumálastofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar o. fl. verða með fasta viðtalstíma til að tryggja greiðan aðgang að upplýsingum, leiðum til úrbóta og hugsanlegum atvinnutækifærum.

Allir sem vilja leggja hönd á plóginn við uppbyggingu Deiglunnar eru hvattir til að líta inn eða hafa samband við Brynhildi Barðadóttur, verkefnisstjóra Deiglunnar, í síma 664 5526 eða á netfangið brynhildur@hafnarfjordur.is.

HAFNARFJÖRÐUR

FABRIKAN

Kærir borgina vegna lóðar í Úlfarsárdal

Kona sem keypti lóð á uppboði í Úlfarsárdal segir mismunun að hún fái ekki að skila lóðinni líkt og þeir sem fengu úthlutað. Einn lóðarhafi kærir. Borgin segir ekki hægt að breyta reglum eftir vindi.

STJÓRNSÝSLA „Ég vil að borgin taki við lóðunum og endurgreiði eins og gert hefur verið við aðra. Fólk er tæknilega gjaldþrota," segir Arney Einarsdóttir, lóðarhafi í Úlfarsárdal.

Arney og maður hennar keyptu útboðslóð í Úlfarsárdal vorið 2006. Þau buðu 14 milljónir í lóðina sem þau fengu í Iðunnarbrunni. Framkvæmdir áttu að hefjast í síðasta lagi í fyrrahaust en borgin framlengdi þann frest að sögn Arneyjar um tvö ár. „Þeir láta líta svo út að það sé ívilnandi fyrir okkur en er í raun fyrst og fremst ívilnandi fyrir borgina," segir hún.

Arney kveður níu lóðarhafa frá útboðinu 2006 nú hafa ráðið sér sameiginlegan lögmann því borgin neiti að taka lóðir þeirra til sín og endurgreiða.

Allar forsendur fyrir lóðarkaupunum brustu með hruni bankakerfsins og frystingu fasteignamarkaðarins að sögn Arneyjar. Hennar fjölskylda beri ekki ábyrgð á þeim hörmungum og blóðugt sé að þurfa að fara í langvinn málaferli. „Þetta getur tekið nokkur ár svo áður en því lýkur geta allir verið orðnir gjaldþrota," segir hún.

Arney bendir á að lóðum í hverfinu hafi verið úthlutað með öðrum hætti en með uppboði eftir vorið 2006. Allir sem fengu lóðir í þeirri úthlutun og voru ekki byrjaðir að byggja hafi mátt skila og fá endurgreitt. Þetta sé brot gegn stjórnsýslulögum því jafnræðis sé ekki gætt. Einn úr hópnum hennar hafi sent inn stjórnsýslukæru. „Fólk sem fékk úthlutunarlóð ódýrara hér við hliðina og ætlaði að byggja í samfloti við okkur er búið að skila og fá endurgreitt," útskýrir hún.

Borgin hefur verið að úthluta lausum lóðum með hagstæðari skilmálum að undanförnu. „Við getum engan veginn keppt við borgina um að selja lóðir. Við höfum verið með okkar á sölu frá því í mars í fyrra og það hafa engar fyrirspurnir komið. Ég get náttúrulega ekki boðið sömu lánakjör og Reykjavíkurborg eða lækkað verðið niður í ellefu milljónir. Sömuleiðis höfum við reynt að selja íbúðina okkar til að geta fjármagnað byggingu á lóðinni en það gengur bókstaflega ekki neitt," segir Arney.

Í svari Ágústar Jónssonar, skrifstofustjóra framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar, kemur fram að borgarráð hafi ákveðið að umræddum lóðum mætti ekki skila enda hafi ekkert ákvæði um slíkt verið í útboðsskilmálum. Staða efnahagsmála snerti borgina eins og aðra.

„Það væri ekki til að bæta ástandið ef Reykjavíkurborg breytti útboðs- og úthlutunarskilmálum vegna lóða eftir því hvernig vindar blása," segir í synjunarbréfi skriftstofustjórans til Arneyjar. **gar@frettabladid.is**

NÝJAR DÚNDURKILJUR!

„Besta bók Yrsu.“

★ ★ ★ ★

– Páll Baldvin Baldvinsson

„Besta bók Grishams um langt árabil.“

– New York Times

Fór beint á toppinn í Bandaríkjunum
– bæði innbundin og í kilju!



Mest selda og „besta ævisaga ársins 2008.“

„Mögnuð Magnea.“
– Sigríður Arnardóttir, sirry.is

Veröld
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK



KJÖT KVATT Í NEW ORLEANS Dwayne Washington, fimm ára, tekur þátt í sprengidagsgöngu í New Orleans í Louisiana, Mardi Gras-göngunni frægu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Krakkar í grímubúningum sungu og fengu frítt í bíó í Kringlunni á öskudaginn:

Nammið kláraðist allt mjög fljótlega

FÓLK „Mér finnst mjög skrýtið að allt nammið skuli vera búið klukkan ellefu, klukkutíma eftir að búðirnar opna," segir Sigurlaug Stella Ágústsdóttir, sem fór með níu ára dóttur sinni og vinkonu hennar í Kringluna í gær, öskudag. Ungu vinkonurnar ætluðu að syngja í skiptum fyrir sælgæti en gripu í tómt í flestum verslununum.

Sigurlaug segir þetta hafa verið viðkvæðið mörg ár í röð. „Búðirnar verða að gera eitthvað í þessu, því þær hafa heilt ár til að undirbúa þennan dag. Krakkarnir ferðast jafnvel langar leiðir í strætó hingað til einskis," segir Sigurlaug.

ÖSKUDAGUR Yngstu þegnarnir klæddu sig upp og sungu vítt og breitt um landið í

Rannveig Tryggvadóttir, markaðsstjóri Kringlunnar, segir algjörlega undir verslunum Kringlunnar komið hversu mikið sælgæti sé í boði fyrir börnin í búningunum. Fjöldi þeirra sem koma í Kringluna á þessum segi sé hins vegar gríðarlegur. „Þetta eru hundruð eða þúsundir krakka sem eru mætt hingað vel fyrir opnun klukkan tíu. Þegar ég rölti í gegnum Kringluna í morgun sá ég raðir út úr nánast hverri einustu búð, þannig að það er augljóst að töluvert magn af sælgæti var gefið."

Öskudagsbörnum var boðið á frían kvikmyndasýningar í hádeginu í gær. Rannveig segir þrjá sali hafa fyllst á örskotsstundu af þakklátum börnum, sex hundruð talsins. - kg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-2254

Hvernig fæ ég yfirsýn yfir útgjöld heimilisins?

Get ég hætt að vinna við 65 ára aldur?

Er munur á nafn- og raunvöxtum?

Eru skuldabréf málið í dag?

Af hverju losna ég aldrei við yfirdráttinn?

Hvort er betra að spara í verðtryggðu eða óverðtryggðu í dag?

Hver er munurinn á vara- og neyslusparnaði?

Hvað er verðtrygging og hvernig virkar hún?

Hvernig næ ég tökum á fjármálunum?

Fjármálanámskeið á vegum Íslandsbanka og Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík

Undanfarið hafa margir viðskiptavinir Íslandsbanka lýst þeirri skoðun sinni að bankinn eigi að bjóða fjármálafræðslu fyrir almenning. Þess vegna býður Íslandsbanki nú fjármálanámskeið í samstarfi við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík. Leiðbeinandi verður Þór Clausen, M.Sc. í fjármálum, ásamt ráðgjöfum frá Íslandsbanka.

Markmið námskeiðsins er að veita ráðleggingar um flest sem snýr að fjármálum fjölskyldunnar. Þátttakendur verða fræddir um sparnað, lán, efnahagsreikning heimilisins, heimilisbókhald, fjárfestingar, lífeyrissparnað og margt fleira.

Námskeiðin fara fram í Opna háskólanum í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, og eru öllum opin. Hvert námskeið stendur í 3 klst. og þátttökukostnaður er 1.000 kr. eða 1.000 punktar í Vildarklúbbi Íslandsbanka.

Nánari upplýsingar á islandsbanki.is/fjarmalanamskeid.

Næstu námskeið:

- Laugardaginn 28. febrúar Kl. 10.00–13.00
- Miðvikudaginn 4. mars Kl. 17.15–20.15

Skráning á www.opnihaskolinn.is eða í síma 599 6394.

OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Íslandsbanki

FLAK VÉLARINNAR Tyrkneska farþegaþotan brotnaði í þrjá hluta skammt frá enda flugbrautarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tyrknesk flugvél brotnaði í þrjá hluta

Níu manns fórust og fimmtíu slösuðust þegar farþegaþota hrapaði í Hollandi. Meira en áttatíu manns sluppu ómeiddir út úr vélinni. Mjúkur jarðvegur dró úr högginu. Hollenska stjórnin segir að rannsókn á orsökum slyssins verði hraðað.

HOLLAND, AP Níu manns fórust þegar tyrknesk farþegaþota hrapaði með 135 manns innanborðs á Schiphol-flugvelli við Amsterdam. Meira en fimmtíu manns særðust, margir alvarlega og sumum er vart hugað líf.

Meðal þeirra sem fórust voru báðir flugmenn vélarinnar og einn flugstjórnarnemi.

Hollensk stjórnvöld segja að rannsókn slyssins verði hraðað. Flugritar vélarinnar verða sendir til Parísar til greiningar.

Vélinni, sem var af gerðinni Boeing 737-800, var flogið frá Istanbúl í Tyrklandi snemma morguns og hrapaði í aðflugi að Schiphol-flugvelli stuttu áður en komið var að flugbrautinni. Annar hreyfillinn lá nærri óskemmdur skammt frá flakinu en hinn fannst mikið skemmdur um 200 metra frá. Vélin brotnaði í þrjá hluta í brotlendingunni. Stélið brotnaði af og einnig fór skrokkur vélarinnar í sundur skammt aftan við flugklefann.

Binali Yildarim, samgönguráðherra Tyrklands, sagði það ganga kraftaverki næst að ekki skyldu fleiri hafa látið lífið. „Sú staðreynd að vélin lenti á mjúkum jarðvegi og að enginn eldur braust út átti hlut að því að halda fjölda látinna í lágmarki," sagði hann.

Einn farþeganna, Huseyin Sumer, sagðist hafa skriðið út um gat á vélarskrokknum.

„Við vorum alveg að lenda og skildum ekkert hvað var að gerast, sumir farþeganna öskruðu af hræðslu en þetta gerðist svo hratt," sagði hann.

Vélin kom niður á moldarsvæði sem hafði verið plægt og var því nægilega mjúkt til að draga úr áhrifum höggsins, að því er sérfræðingar segja.

Flestir farþeganna voru Tyrkir eða Hollendingar.

Orsök slyssins er óljós. Skyggni var gott þegar vélin kom til lendingar. Vélin var aðeins sjö ára gömul og viðhaldi hafði verið sinnt reglulega, síðast í desember síðastliðnum.

Ekki er talið að eldsneytisskortur hafi valdið slysinu, því reglur kveða á um að farþegaþotur verði að hafa mun meira eldsneyti en þarf til að fljúga á áfangastað. Talið er hugsanlegt að eldsneyti hafi lekið niður í gljúpan jarðveginn strax eftir hrapið, og þar með hafi líkur minnkað á því að eldur kviknaði. gudsteinn@frettabladid.is

Sakborningar mættu þegar skattahluti Baugsmálsins var þingfestur í héraðsdómi:

Krefjast frávísunar málsins

BAUGSMÁL Lögmenn allra sakborninga í skattahluta Baugsmálsins kröfðust frávísunar málsins þegar það var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Sakborningar mættu allir í réttarsal en þurftu ekki að taka afstöðu til ákærunnar vegna frávísunarkröfunnar.

Ákært er fyrir brot á skattalögum. Ákærð eru þau Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums, og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs. Þá eru fyrirtækin Baugur Group og fjárfestingarfélagið Gaumur, fjölskyldufyrirtæki Jóns Ásgeirs, einnig ákærð í málinu.

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, segir að forsendur fyrir frávísunarkröfu hafi verið tvíþættar. Annars vegar hafi ákærðu þegar verið gerð refsing með ákvörðun skattayfirvalda um sektir vegna skattskila.

Hins vegar sé krafist frávísunar vegna annmarka á málinu. Til dæmis því að nú sé ákært í þriðja skipti í sama málinu og að það hafi nú verið á sjöunda ár í rannsókn.

Björn Þorvaldsson, saksóknari hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, mótmælti frávísunarkröfum verjenda. Dómari veitti verjendum frest til 13. mars til að skila inn skriflegum greinargerðum í málinu. - bj

Í RÉTTARSAL Þau Kristín Jóhannesdóttir, Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson eru ákærð í málinu og mættu í réttarsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NÓATÚN

Heitur matur í hádeginu

NJÓTTU ÞESS BESTA!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

KÍKTU Á HEIMASÍÐU NÓATÚNS: www.noatun.is

NÓATÚN

TAP Unnið við Saab 9-3 í verksmiðjunni í Trollhättan. Um 300.000 króna tap hefur verið á hverjum bíl sem farið hefur af færibandinu síðustu tíu árin. NORDICPHOTOS/AFP

FBL-GREINING: SAAB-BÍLAVERKSMIÐJURNAR Í SVÍÞJÓÐ

Endalok frumkvöðuls

Sænska bílaverksmiðjan Saab hefur farið fram á greiðslustöðvun eftir að móðurfélagið General Motors í Bandaríkjunum tilkynnti að það myndi ekki leggja Saab til meira fé og sænsk stjórnvöld höfnuðu beiðni um að leggja til fé eða ábyrgðir til að rekstur Saab stöðvaðist ekki. Þar sem ekki þykir líklegt að í núverandi heimskreppu finnist fjárfestir sem geti bjargað fyrirtækinu stendur það sennilega frammi fyrir endalokunum.

■ Verkefnaauki fyrir flugvélasmiði

Saab-bílaverksmiðjurnar voru stofnaðar sem deild í flugvélasmiðjunni Svenska Aeroplan-Aktiebolag (þess vegna skammstöfunin SAAB). Árið 1944 var hafist handa við þróun fyrsta Saab-bílsins, sem fimm árum síðar var hafin framleiðsla á í Trollhättan norður af Gautaborg undir heitinu Saab 92. Hann var tæknilega framúrstefnulegur, framdrifinn og straumlínulagaðri en nokkur annar bíll sem í boði var á þessum tíma. Árið 1955 var Saab 92 uppfærður í Saab 93 og hann átti síðar eftir að þróast í Saab 95 og 96. Hann hélst í framleiðslu fram til 1980. Árið 1967 var hafin framleiðsla á Saab 99, stærri og „venjulegri" bíl. Saab var frumkvöðull í túrbótækninni, þ.e. að útbúa bílvélar með forþjöppu, er Saab 99 Turbo kom á markað árið 1976. Túrbótæknin hefur fylgt Saab-bílum allar götur síðan. Meðal annarra hefða sem áunnu Saab sérviskuímynd var að hafa svissinn í gólfstokknum á milli framsætanna.

■ Grafið undan sérstöðunni

Árið 1970 var 500.000. Saabinn framleiddur, 1976 sá milljónasti. Heildarframleiðslan náði tveimur milljónum árið 1987. Fjárhagskröggur leiddu til þess að árið 1990 keypti GM 50% í Saab-bílaverksmiðjunum og eignaðist félagið að fullu árið 2000. Árið 1993 stóð GM fyrir því að nýr Saab 900 yrði framleiddur á undirvagni Opel Vectra, sem Saab-aðdáendum þótti mikil goðgá. Síðan þá hafa allir Saabar deilt tækni með öðrum bílum úr GM-samsteypunni. Á síðustu árum hefur sala Saab dalað stöðugt og mikið tap verið á rekstrinum. Árið 2007 voru alls 137.000 Saab-bílar framleiddir og á síðasta ári var ársframleiðslan komin niður undir 100.000.

Ársfundur Verkfræðistofnunar

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ www.verk.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Öskju, Sturlugötu 7

Fimmtudaginn 26. janúar, frá kl. 16 til 18

Dagskrá:

» 16:00 Setning
Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

» 16:10 Umhverfi og framtíð nýsköpunar
Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens

» 16:30 Nýjar leiðir við rafvæðingu bílaflotans
Helgi Þór Ingason, dósent í iðnaðar- og vélaverkfræði við HÍ

» 16:50 CLARA – frá hugmynd til sprotafyrirtækis
Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, frumkvöðull hjá CLARA

» 17:10 Viðurkenning fyrir framúrskarandi rannsóknarframlag

» 17:15 Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni

» 17:20 Ársskýrsla Verkfræðistofnunar
Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar Verkfræðistofnunar

» 17:30 Léttar veitingar

Fundarstjóri er Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor í umhverfis- og byggingarverkfræði við HÍ. **Allir velkomnir.**

ÍSLENSKA SIA.IS/HSK 43229 02/09

FRÉTTASKÝRING: Þingmenn og viðskipti

Fáir segja frá tengslum við fyrirtæki eða félög

Fregnir í véfréttarstíl berast um að þekktir menn úr stjórnmálalífinu hafi fengið sérfyrirgreiðslu hjá bönkunum. Á sama tíma vex krafan um að málin verði rannsökuð og menn dregnir til ábyrgðar. En hver eru tengsl þingmanna við fyrirtæki og félög? Fréttablaðið spurði en aðeins 22 af 63 þingmönnum svöruðu.

Þeir verða sífellt fleiri sem eru komnir að mörkum þolinmæði sinnar þar sem ekkert virðist þokast í rannsókn á viðskiptum og viðskiptahegðun bankanna og stórra viðskiptavina þeirra fyrir og skömmu eftir bankahrun. Nú síðast var Davíð Oddsson seðlabankastjóri að undrast aðgerðarleysi í þessum efnum. Hverjir eru þessir þekktu menn úr þjóðlífinu og stjórnmálalífinu sem hann sagði að hefðu fengið sérfyrirgreiðslu í bönkunum?

Þingmenn hafa einnig endurómað þennan óþolinmæðistón. Fréttablaðið hefur óskað eftir svörum frá þeim um það hvort þeir sitji í stjórnum fyrirtækja eða félaga og þá hverra.

Eins hvort þeir hafi látið af slíkri stjórnarsetu á síðasta ári eða hvort þeir hafi prókúru einhvers staðar.

Spurt var fyrir um mánuði síðan og hafa 22 þingmenn svarað. Þingmenn Vinstri grænna bentu einnig á vefsíðu sína þar sem upplýsingar um stjórnarsetu þingmanna flokksins liggja fyrir og eru svör þriggja þingmanna flokksins fengin þaðan. Einn þingmanna Frjálslynda flokksins svaraði, það er Jón Magnússon sem nú hefur gengið til liðs við Sjálfstæðismenn.

FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

SVÖR ÞINGMANNA UM TENGSL SÍN VIÐ FYRIRTÆKI OG FÉLÖG

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR
4 SVARA, 22 SVARA EKKI

Ásta Möller
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Var formaður stjórnar Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga til ársloka 2008.
Prókúra:
Nei

Kjartan Ólafsson
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Er í stjórn Skógræktarfélags Árnesinga
Prókúra:
Nei

Ólöf Nordal
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Ekki í neinni stjórn
Prókúra:
Nei

Jón Magnússon
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
„Engum nema í tengslum við þjóðmál"
Prókúra:
„Nei, ekki frá því að ég settist á Alþingi."

SAMFYLKING
7 SVARA, 11 SVARA EKKI

Ágúst Ólafur Ágústsson
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Engri
Prókúra:
Nei

Ásta R. Jóhannesdóttir
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Engri
Prókúra:
Nei

Björgvin G. Sigurðsson
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Engri
Prókúra:
Nei

Ellert B. Schram
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Engri
Prókúra:
Nei

Einar Már Sigurðsson
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Í stjórn útgáfufélags Austurgluggans
Prókúra:
Nei

Gunnar Svavarsson
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Í stjórn HS orku sem var áður Hitaveita Suðurnesja
Prókúra:
Nei

Katrín Júlíusdóttir
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Engri
Prókúra:
Nei

FRAMSÓKNARFLOKKUR
4 SVARA, 3 SVARA EKKI

Eygló Þóra Harðardóttir
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Situr í stjórn Þorsks á þurru landi ehf. og IceCod á Íslandi ehf. Er í stjórn Visku – fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.
Prókúra:
Prókúruhafi hjá Þorski á þurru landi.

Helga Sigrún Harðardóttir
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
„Er varamaður í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar, hef einu sinni mætt á fund á síðastliðnum fimm árum."
Prókúra:
Nei

Magnús Stefánsson
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
„Ég er hvergi í stjórn fyrirtækis."
Prókúra:
Nei

Valgerður Sverrisdóttir
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Engri
Pófkúra:
Nei

VINSTRI GRÆNIR
6 SVARA - SVÖR ÞRIGGJA FENGIN AF VEF FLOKKSINS

Álfheiður Ingadóttir
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Var stjórnarformaður í Framfarafélagi Flateyjar í 4 ár, fram í október síðastliðinn.
Prókúra:
Nei

Árni Þór Sigurðsson
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Er varamaður í stjórn Heimssýnar, hreyfingu sjálfstæðissinna í Evrópumálum. Stjórnarmaður í Sjóminjasafninu Víkinni, Reykjavík. Var í hafnarstjórn Faxaflóahafna sem kjörinn fulltrúi Reykjavíkur, hætti í janúar 2008, stjórnarmaður í Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hætti þar 1. október 2007 og stjórnarmaður í Frjálsa fjárfestingarbankanum, hætti í mars 2007.
Prókúra:
Nei

Atli Gíslason
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Er helmingseigandi í lögfræðiskrifstofunni LAG - Lögmenn sf. sem hann hefur rekið frá árinu 1980. Lét af störfum þar eftir að hann settist á þing árið 2007.
Prókúra:
Hefur prókúru á móti meðeiganda sínum.

Jón Bjarnason
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
„Seta í stjórnum, nefndum eða ráðum utan þings: engin" (Svar fengið af vef Vinstri grænna).
Pófkúra:
Nei

Katrín Jakobsdóttir
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Engri
Prókúra:
Nei

Kolbrún Halldórsdóttir
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Situr í Þjóðleikhúsráði og er varamaður í stjórn félagsins Íslands-Panorama.
Prókúra:
Nei

Steingrímur J. Sigfússon
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
„Ég er í engum stjórnum fyrirtækja né félagasamtaka svo ég muni, nema stjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs."
Prókúra:
„Heldur engar prókúrur þar sem framkvæmdastjóri flokksins fer með þá prókúru."

Þuríður Backman
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Nei (Svar fengið af vef vinstri grænna).
Prókúra:
Nei

Ögmundur Jónasson
Í stjórn fyrirtækis eða félags:
Á sæti í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) og er formaður þess en þiggur ekki laun fyrir störf sín í þágu þess. Er í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Launað, 99.323 þúsund kr. Er formaður fjölskyldu- og styrktarsjóðs Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ). Ólaunað. Á sæti í stjórn HASLA, Hagrannsóknarstofnunar samtaka launafólks í almannaþjónustu. Ólaunað. Situr í aðskiljanlegum nefndum og ráðum á vegum verkalýðshreyfingarinnar. Þessi störf eru ólaunuð.
Prókúra:
Svarið er fengið af vefsíðu VG svo ekki fékkst svar um prókúru.

JÓNSSON & LE'MACKS • JÍ.IS • SÍA
Sannleikurinn
Gamanleikur með Pétri Jóhanni Sigfússyni
„og ætlaði þakið að rifna af húsinu í hvert skipti sem hann söng“
– Dr. Gunni, Fréttablaðið
„fer um víðan völl í ágætlega samhangandi flæði, með spikfeitum hápunktum“
– Dr. Gunni, Fréttablaðið
30 SÝNINGAR UPPSELDAR!
Nýjar sýningar komnar í sölu
26. febrúar, 20:00 UPPSELT!
27. febrúar, 19:00 UPPSELT!
27. febrúar, 22:00 UPPSELT!
28. febrúar, 19:00 UPPSELT!
28. febrúar, 22:00 UPPSELT!
1. mars, 20:00 UPPSELT!
6. mars, 19:00 UPPSELT!
6. mars, 22:00 UPPSELT!
13. mars, 19:00 UPPSELT!
13. mars, 22:00 UPPSELT!
14. mars, 19:00 UPPSELT!
14. mars, 22:00 UPPSELT!
21. mars, 19:00 UPPSELT!
21. mars, 22:00 UPPSELT!
27. mars, 19:00 Ný sýning í sölu
28. mars, 19:00 Ný sýning í sölu
28. mars, 22:00 Ný sýning í sölu
1. apríl, 20:00 Ný sýning í sölu
Miðasala í síma 568 8000 eða á www.borgarleikhus.is
PEPSI MAX
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Borgarleikhúsið
Ekki missa af sérstökum þætti um Sannleikann og Pétur Jóhann í kvöld á Stöð 2 kl. 20:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Vinsælustu *fyrirtækin*

FRJÁLS VERSLUN 1. TBL. 2009



„Bónus vinsælasta fyrirtækið á Íslandi sjöunda árið í röð"

Takk fyrir traustið og stuðninginn.
Starfsfólk Bónus

98
BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTE 98 kr.

298
BÓNUS KLEINUR 15 stk. 298

198
BÓNUS NÝBAKAÐ
KORNKUBBAR & BIRKIKUBBAR 4 stk 198 kr.

40%
AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI
FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR
LIFRARPYLSA MERKT VERÐ 759 KR.KG.
456 kr./kg.
BLÓÐMÖR MERKT VERÐ 698 KR.KG.
419 kr./kg.

1198
KJARNAFÆÐI
FROSNIR ÍSLENSKIR
NAUTAHAMBORGARAR 10x120g
1198 kr. MERKT VERÐ 1498 KR.KG 20% AFSLÁTTUR

479
KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FL
MERKT VERÐ 598 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 479 kr./kg.

129
98
TOPPUR SÍTRÓNU 2 ltr. 98 kr.
COKE XERO 2 ltr. 129 kr.

VINSÆLUSTU
BJÚGUN Í BÓNUS
399
KF KOFAREYKT SVEITABJÚGU
MERKT VERÐ 499 KR./KG. 20%AFSLÁTTUR
399 kr./kg.

149
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 kg 149 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR
OPIÐ: FIMMTUDAGA 12:00-18:30

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR 30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 698 KR./KG. **489 kr./kg.**

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 898 KR./KG. **539 kr./kg.**

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. **1798 kr./kg.**

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 598 KR./KG. **359 kr./kg.**

KJÖRFULG FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2109 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR **1476 kr./kg.**

ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR./KG. **1124 kr./kg.**

NAUTAVEISLU FERSKT ÍSLENSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.

ALI GRÍSABÓGUR FERSKUR **398 kr./kg.**

GRÍSAVEISLU FERSKT GRÍSAHAKK **498 kr./kg.**

KF NÝTT KJÖTFARS
399 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: FIMMTUDAGA 12:00-18:30

VISA

MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR EÐA UPPSELDAR VÖRUR

Útgjöldin
Meðaltalseyðsla hvers heimilis í ávexti á mánuði.



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: GRETA MJÖLL SAMÚELSDÓTTIR, FÓTBOLTAKONA OG ÞÁTTASTJÓRNANDI

Í skýjunum yfir rafdrifnum rúðum

„Bestu kaupin eru tvímælalaust bíllinn minn. Þetta er fyrsta eignin mín og mér finnst ég þvílíkt fullorðin að eiga bílinn sjálf," segir Greta Mjöll Samúelsdóttir sem er nýbúin að kaupa sér fimm dyra Nissan Almera. „Einu skilyrðin sem ég setti var að bíllinn væri með rafdrifnum rúðum og ég er alveg í skýjunum með hann. Áður en ég keypti bílinn var dýrasta eignin mín síminn þannig að þetta er stórt skref."

Hvað varðar verstu kaupin útskýrir Greta hvernig hún eignaðist hamsturinn Snata. „Það voru tyllidagar í MK og einhverjir strákar voru að gefa hamstur í útvarpsþætti sem ég fékk og skírði Snata. Mér fannst voða sniðugt að fá hamstur og dreif mig í dýrabúð og keypti búr og allar græjur fyrir um 7.000 krónur sem var mikið fyrir menntskæling." Greta segist hafa uppgötvað fljótt að hana langaði ekkert að eiga hamstur. „Snati hljóp á ískrandi hlaupahjólinu allar nætur og ég gat ekkert sofið. Mamma var heldur ekki ánægð með þessa viðbót á heimilið. Ég átti hamsturinn í einn eða tvo mánuði áður en ég gaf hann á gott heimili. Seinna komst ég svo að því að ég hefði getað fengið lánað hamstrabúr og sparað mér peninginn. Þetta voru klárlega verstu kaupin mín."

GÓÐ HÚSRÁÐ
KARTÖFLUMJÖL Í VATNIÐ

■ *Magnea Sverrisdóttir fasteignasali mælir með afskornum blómum inn á heimilið.*

„Ég reyni að vera sem oftast með afskorin blóm inni á heimilinu," segir Magnea Sverrisdóttir fasteignasali. „Mér finnst það létta lundina og gefa lit í tilveruna. Blómin gera heimilið fallegra og manni líður betur inni á heimilinu. Orkideur og túlípanar eru í miklu uppáhaldi. Túlípanar kosta ekki nema 1.000 krónur búntið og ég fékk einu sinni það ráð að setja smá kartöflumjöl út í vatnið til að halda þeim lifandi og fallegum lengur. Þetta ráð virkar vel, þeir lifa lengur og leka ekki niður."

■ **Verðmerkingar**

Verðmerkingum á hárstofum ábótavant

Aðeins 49 prósent af hársnyrtistofum á höfuðborgarsvæðinu voru með verðmerkingar sínar í lagi, samkvæmt könnun Neytendastofu. Alls var farið á 128 hársnyrtistofur og kannað hvort verðlisti yfir helstu þjónustuliði væri til staðar og hvort sérvara væri merkt. Aðeins 63 stofur höfðu allar verðmerkingar í lagi. Á þeim stofum var sérvara merkt með verði og viðskiptavinir höfðu greiðan aðgang að verðskrá yfir þá þjónustu í boði var. Hjá 44 hársnyrtistofum var verðskrá ekki sýnileg og á fimm þeirra var engin verðskrá til staðar á stofunni. Í 34 prósent tilvika vantaði því upplýsingar um verð á þeirri þjónustu sem í boði er fyrir neytendur.

■ **Verslun**

Bændamarkaðir blómstra á Suðurlandi

Fyrirhugað er að halda bændamarkaði á fjórum stöðum á Suðurlandi næstkomandi sumar, þ.e. á Gónhól Eyrarbakka, Gömlu Borg í Grímsnesi, Kletti í Reykholti og Stöllum skammt frá Geysi. Undirbúningur hefur staðið í nokkurn tíma og Inga Þyri Kjartansdóttir, verkefnisstjóri Matarklasa Suðurlands, unnið með hópi kvenna úr uppsveitunum að þessu verkefni. Fyrirséð er að mikill straumur erlendra sem innlendra ferðamanna mun liggja um þessi svæði á komandi sumri og mikið í húfi að bjóða upp á sem fjölbreyttasta afþreyingu fyrir ferðamenn. Boðið verður upp á grænmeti sem mikið úrval er af á svæðinu, handverk af ýmsu tagi og vörur beint frá býli sem bændur framleiða.

Morgunverðarfundur
FKA
Félag kvenna í atvinnurekstri
ER EKKERT GOTT AÐ FRÉTTA?
Eiga jákvæðar fréttir erfiðara með að komast að í fréttum? Hvers vegna er það?
Hver er samfélagsleg ábyrgð fjölmiðla? Eiga þeir stóran þátt í geðheilsu landsmanna?

Agnes Bragadóttir, Morgunblaðið
Óðinn Jónsson, RÚV
Óskar Hrafn Þorvaldsson, Stöð 2
Reynir Traustason, DV
Steinunn Stefánsdóttir, Fréttablaðið

Fundarstjóri: Lára Ómarsdóttir, blaðamaður

Fundurinn fer fram í Víkingasal á Hótel Loftleiðum föstudaginn 27. febrúar 2009 milli kl. 8.00-9.45
Aðgangseyrir kr. 3.000 - morgunverður innifalinn.
Skráning á fka@fka.is
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Yfir 30 prósenta verðmunur á kransakökum

Fátt er sígildara en kransakökur í íslenskum fermingarveislum. Fréttablaðið kannaði verðið á kransakökum í bakaríum á höfuðborgarsvæðinu. Reyndist muna um 32 prósentum á hæsta og lægsta verði.

HANDGERÐ LISTASMÍÐ Rögnvaldur Þorkelsson bakari segir mikla handavinnu liggja í hverri kransaköku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fermingarvertíðin er á næsta leiti og því ekki seinna vænna að fara að huga að kræsingunum sem gleðja skulu bragðlauka vina og vandamanna í veislum um land allt. Kransakakan skandinavíska hefur í gegnum tíðina tryggt sér sess sem ómissandi þáttur íslenskra fermingar-, stúdents- og brúðkaupsveislna.

Rögnvaldur Þorkelsson, bakari og eigandi Kornsins, segir kransakökuna alltaf jafn klassíska. Það tekur hann rúman klukkutíma að gera eina kransaköku en þær eru handgerðar og því liggur mikil handavinna í hverri köku. Helstu breytingarnar í kransakökum eru að kransakökuhornin eru dottin niður í sölu, en það tók allt að heilan dag að klára eitt horn. Einnig er skrautið orðið látlausara og bakararnir skreyta ekki lengur með Machintosh-molum. „Enda stendur kakan alveg fyrir sínu og þarf ekki súkkulaðimola til að koma bragðlaukunum af stað," segir Rögnvaldur.

Hann segist hafa gaman af því þegar fermingarbörn koma og hafa ákveðnar skoðanir og séróskir, en það séu helst stelpurnar sem vilji hafa eitthvað að segja um fermingarveisluna sína. Auk kransakökunnar er marsípantertan alltaf vinsæl og kemur fyrir að hann sé beðinn um þematertu svo sem fótbolta- eða ballerínutertu. Rögnvaldur segir þokkalega mikið komið inn af pöntunum fyrir fermingarnar í ár.

Sigurbjörg Sigfúsdóttir hjá Bakarameistaranum segir Íslendinga almennt íhaldssama þegar kemur að fermingarveislum. „Það eina sem kemur til greina hjá flestum er annaðhvort kransakaka eða marsipankaka í laginu eins og bók, svokölluð sálmabók. „Þessa dagana er fólk mikið að hringja og spá og spekúlera. Kannski tekur fólk sér meiri tíma til að ákveða sig vel eftir að kreppan skall á. Ég skal ekki segja," segir Sigurbjörg.

Fréttablaðið kannaði verðið á kransakökum fyrir þrjátíu manns, sem eru venjulega um fjórtán til sextán hringir, hjá átta bakaríum á höfuðborgarsvæðinu. Verðið reyndist lægst í bakaríinu Korninu þar sem kakan kostar 14.000 krónur. Hæst var verðið í Bakarameistaranum, 18.500 krónur, sem getur þó lækkað niður í 14.800 krónur ef framvísað er afrifu úr bæklingi sem sendur er heim til allra fermingarbarna. Kakan í Björnsbakaríi kostar 17.500 krónur. Munur á hæsta og lægsta verði er því ríflega 32 prósent. **- rlf, kg**

VERÐ Á KRANSAKÖKUM
fyrir þrjátíu manns

Kornið	14.000 krónur
Sandholt	14.700 krónur
Mosfellsbakarí	15.000 krónur
Reynir bakari	15.200 krónur
Bernhöftsbakarí	17.500 krónur
Bæjarbakarí Hafnarfirði	16.000 krónur
Björnsbakarí	17.500 krónur
Bakarameistarinn	18.500 krónur*

*(14.800 krónur með 20 prósenta fermingarafslætti sem fæst ef klipptur er út afsláttarmiði úr bæklingi sem sendur er heim til allra fermingarbarna.)

Neytendur: Góðæri gramsara

Nytjamarkaðir blómstra

DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða spurnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Kolaportið er á mikilli siglingu þessa dagana. Sífellt fleiri tæma geymslurnar og gamalreyndir gramsarar tala um algjört góðæri og að úrvalið í Kolaportinu hafi aldrei verið betra. En það eru fleiri staðir þar sem glúrnir gramsarar geta komist í feitt. Sigurjón Gunnarsson mælir með nytjamarkaði Kristniboðssambandsins: „*Þar fékk ég þessi fínu púsluspil fyrir barnabörnin og greiddi 50 kr. upp í 200 kr. fyrir stykkið*," skrifar hann. „*Í nytjamarkaðinum eru til sölu ýmsir munir úr búi fólks, svo sem bækur, tónlistardiskar, myndbönd- og mynddiskar, skrautmunir, eldhúsáhöld, borðbúnaður og svo framvegis. Einnig eru þar minni húsgögn, raftæki og vel með farinn fatnaður.*" Nytjamarkaður Kristniboðssambandsins er að Grensásvegi 7. Þar er opið frá kl. 12-17 á virkum dögum og fyrsta laugardag í hverjum mánuði frá kl. 11-14.

ABC barnahjálp er með nytjamarkað að Faxafeni 8. Þar er opið á milli kl. 11 og 18 alla virka daga og á milli 11 og 16 á laugardögum.

NÓG AF DÓTI Frá Góða hirðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nytjamarkaður Samhjálpar er að Stangarhyl 3. Þar er opið frá þriðjudegi til laugardags á milli kl. 13 og 18.

Hjálpræðisherinn er með Hertex-nytjamarkað að Eyjaslóð 7. Þar er opið alla daga nema sunnudaga á milli kl. 13 og 18.

Svo er það nytjamarkaður Sorpu, Góði hirðirinn. Sá er mjög vinsæll og má daglega sjá langa biðröð fyrir utan kl. 12 þegar opnað er. Opið er til kl. 18 alla virka daga, en lokað um helgar. Allur ágóði rennur til góðgerðarmála eins og hjá öðrum nytjamörkuðum.

B- VÖRUDAGAR

Skútuvogi, Akureyri og Egilsstöðum

ÓDÝRT

GERÐU FRÁBÆR KAUP

MIKIÐ ÚRVAL KÆLISKÁPA

LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐIR
OG SÝNINGAREINTÖK

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ!

Electrolux

Kælir/frystir Electrolux
182 sm.
1809314

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

Kælir

Electrolux
Innbyggð vatnsvél
(kalt vatn).
1809343

Kælir/frystir

Electrolux
175 sm.
1809315

Kælir/frystir

Electrolux
195 sm.
1809319

*Ath. úrval getur verið mismunandi milli verslana.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 96 **Velta:** 329 milljóni

OMX ÍSLAND 15 273 **-0,80%**

OMX ÍSLAND 6 797 **+-0,29%**

MESTA HÆKKUN

STRAUMUR B.	+3,43%
MAREL FOOD S.	+2,50%

MESTA LÆKKUN

EIMSKIPAFÉL.	-44,44%
BAKKAVÖR	-4,35%
ÖSSUR	-3,84%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,25 +0,00% ... Atlantic Airways 168,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 420,00 +0,00% ... Bakkavör 1,76 -4,35% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,50 -44,44% ... Føroya Banki 99,00 -1,00% ... Icelandair Group 12,71 -0,86% ... Marel Food Systems 51,20 +2,50% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,51 +3,43% ... Össur 90,10 -3,84%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Verðbólga mælist nú 17,6 prósent

Samdráttur kælir verðbólguna hratt. Ekki er ólíklegt að hún fari í tvö prósent í árslok.

„Þetta eru vísbendingar um að það sé að draga hratt úr verðbólgu og að hún gangi niður nú þegar jafnvægi kemst á krónuna," segir Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá IFS Greiningu.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,51 prósent í febrúar og mældist verðbólga 17,6 prósent í mánuðinum. Í mánuðinum á undan mældist hún 18,6 prósent.

Snorri segir fátt annað stýra verðbólguþróun í dag en gengissveiflur þar sem samdráttur sé í hagkerfinu, launahækkanir engar og fasteignamarkaður í kyrrstöðu.

Það var einmitt húsnæðisliðurinn sem dró verðbólguna niður nú en fasteignaverð lækkaði um þrjú prósent á landinu öllu á milli mánaða í febrúar. Greining Íslandsbanka (áður Glitnis) bendir á að lækkun sem þessi hafi ekki sést á milli mánaða síðan vísitalan var tekin saman fyrir níu árum.

SNORRI JAKOBSSON Mjög hefur dregið úr verðbólgu eftir að jafnvægi komst á gengi krónunnar, segir sérfræðingur IFS.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Greiningardeildin bendir á að húsnæðisverð hafi nú lækkað um 6,2 prósent að nafnverði síðastliðna tólf mánuði sem samsvari raunlækkun upp á tuttugu prósent á milli ára. Frekari lækkunar megi vænta miðað við stöðuna í hagkerfinu.

Greining Íslandsbanka segir þróunina jákvæða því Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hafi ítrekað sagt að forsenda fyrir afléttingu gjaldeyrishafta og lækkun stýrivaxta væri hjaðnandi verðbólga, stöðugleiki krónu og jákvæður viðsnúningur á greiðslujöfnuði. Miðað við stöðuna nú hafi fyrstu tvö markmiðin gengið eftir. Tölur um greiðslujöfnun verða birtar í dag og greiningunni lýkur á jákvæðum fréttum.

Spár IFS reikna með að verðbólga verði komin niður í tíu prósent um mitt ár og jafnvel tvö til þrjú prósent í árslok, að sögn Snorra.

- jab

Færeyingarnir aldrei lægri

Gengi hlutabréfa í Föroya Banka stendur nú í 99 dönskum krónum á hlut eftir eins prósents lækkun í gær. Það hefur aldrei fyrr farið undir hundrað krónur á hlut.

Bréf bankans voru skráð á markað hér um mitt ár 2007 að undangengnu almennu hlutafjárútboði. Gríðarleg umframeftirspurn var eftir bréfum bankans í útboðinu, eða 26-falt meiri en í boði var.

Bréf bankans fóru á 189 krónur á hlut í hlutafjárútboðinu en toppaði í 260 krónum á hlut í byrjun ágúst sama ár, um einum og hálfum mánuði eftir skráningu. Gengi þess hefur síðan þá aðeins legið niður á við með einstaka hækkun inn á milli líkt og hjá öðrum fjármálafyrirtækjum en heildarfallið á þessu eina og hálfa ári nemur 55 prósentum frá fyrsta viðskiptadegi.

STJÓRN FÖROYA BANKA Föroya Banki var skráður á markað hér um mitt ár 2007. Gengi bréfa í bankanum endaði í lægsta gildi frá upphafi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

- jab

Katsouris-menn kveðja

Antonios Yerolemou og Panikos J. Katsouris gengu úr stjórn Bakkavarar í fyrradag af persónulegum ástæðum, líkt og fram kemur í tilkynningu.

Þeir tóku sæti í stjórn Bakkavarar við kaup félagsins á Katsouris Fresh Foods síðla árs 2001. Yerolemou, sem er 67 ára, var forstjóri og stjórnarformaður Katsouris Fresh Foods, en Katsouris, sem er 58 ára, var fjármálastjóri félagsins fram til 2002.

Katsouris-mennirnir fyrrverandi eru meðal stærstu hluthafa Bakkavarar. Yerolemou á 3,5 prósent hlutafjár í félaginu en Katsouris 2,4 prósent.

Með brotthvarfi stjórnarmannanna sitja nú fimm eftir í stjórn Bakkavarar. Þeir geta verið átta að hámarki samkvæmt samþykktum félagsins.

FRÁ AÐALFUNDI Í FYRRA Stjórnarmönnum Bakkavarar hefur fækkað um tvo í vikunni. Þeir eru nú fimm.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

- jab

Landsvirkjun varin sveiflum á álverði

Heimsmarkaðsverð á áli hefur lækkað um sextán prósent frá áramótum og hefur ekki verið lægra í sjö ár. Framvirkir samningar Landsvirkjunar vinna gegn lægra raforkuverði.

„Til skemmri tíma er Landsvirkjun með varnir gegn lækkun álverðs. Það vinnur gegn lækkandi raforkuverði. En varnirnar duga ekki í áraraðir," segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar.

Verð á raforku Landsvirkjunar til stóriðju er tengt heimsmarkaðsverði á áli. Verðið hefur lækkað um sextán prósent frá áramótum og hefur það í för með sér að tekjur Landsvirkjunar af orkusölu hafa dregist nokkuð saman.

Verðið stóð í 1.500 Bandaríkjadölum á tonnið um áramót en fór í 1.264 dali á þriðjudag og hefur það ekki verið lægra frá 2002.

Þorsteinn bendir á að verðlækkunin hafi ekki áhrif á arðsemismat Kárahnjúkavirkjunar. Matið sé tæki sem stuðst sé við hvort fara eigi út í framkvæmd en nú sé virkjunin komin í rekstur og skipti máli að reka hana sem best. Matið var endurskoðað í janúar í fyrra og var arðsemi eigin fjár metin 13,4 prósent miðað við upphaflegt mat upp á 11,9 prósent. Aukningin þá skýrðist af háu álverði, sem stóð í 3.300 dölum á tonnið í sumar.

Upphaflegt mat miðaði við meðalverðið 1.550 dali á tonnið, sem er tæpum 23 prósentum hærra en nú um stundir.

Þorsteinn bendir á að arðsemisútreikningar miði við að Kárahnjúkavirkjun greiðist upp á þrjátíu árum en að virkjunin komi til með að starfa í á annað hundrað ár. „Við náum þessu með ákveðnu meðalverði á áli á tímabilinu."

Þorsteinn bætir við að þegar álverð hafi snert hæstu hæðir hafi Landsvirkjun gert ráðstafanir gegn hugsanlegri verðlækkun með framvirkum samningum. Nú sé svo komið að varnirnar bæti upp lágt álverð. „Það gæti orðið svona næstu misserin," segir hann.

FRÁ KÁRAHNJÚKUM Varnir Landsvirkjunar gegn sveiflum á álverði skila sér í meiri tekjum en af sölu á raforku til stóriðju.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

jonab@markadurinn.is

Átt þú rétt á bótum eftir slys?

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum þér að kostnaðarlausu!

Hjá FORTIS starfar samhentur hópur lögfræðinga með víðtæka reynslu af lögmannsstörfum. Við leitumst við að veita persónulega og alhliða þjónustu á flestum sviðum lögfræðinnar og sérhæfum okkur í skaðabótamálum vegna umferðar- og vinnuslysa, skilnaðar- og sambúðarslitamálum svo fátt eitt sé nefnt.

Höfum áratuga reynslu af uppgjöri slysabóta.

KRAFTAVERK

FORTIS Lögmannsstofa

Gylfi Thorlacius hrl.
Svala Thorlacius hrl.
S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hdl.
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.

www.fortis.is

Laugavegi 7 • 101 Reykjavík • Sími: 520 5800 • fortis@fortis.is

Deilt um verð gagnaflutninga

Taka á Danice-sæstrenginn í notkun í júní.

Verðlagning gagnaflutninga um Farice-sæstrenginn tefur uppbyggingu gagnavera hér að mati Ármanns Kr. Ólafssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks. Á Alþingi í gær spurði hann Kristján L. Möller samgönguráðherra út í flutningsgetu og nýtingu Farice-1 strengsins og svo Danice-strengsins sem taka á í notkun næsta sumar.

„Ég fullyrði að ekkert mál væri að koma hér á næstu vikum af stað tveimur gagnaverum sem tryggja mundu 400 störf meðan væri verið að byggja næsta eina og hálfa árið og í framhaldinu tvö til þrjú hundruð störf, miðað við þau svör sem ég hef fengið frá iðnaðarráðherra," segir Ármann, en hann benti jafnframt á að ekki væri verið nýta nema brotabrot af mögulegri flutningsgetu strengjanna.

Í svari ráðherra kom fram að uppsett flutningsgeta Farice-1 strengsins væri 100 gígabit af gögnum á sekúndu, en mesta mögulega flutningsgeta hans næmi 720 gígabitum á sekúndu. „Af uppsettri flutningsgetu Farice eru um 80 prósent seld eða samningsbundin," segir Kristján. Hvað Danice-sæstrenginn varði, sem ákveðið hafi verið að leggja í tíð síðustu ríkisstjórnar, sé búið að ákveða að í júní á þessu ári verði sett upp 100 gígabita flutningsgeta á sekúndu, af þeim 5.120 gígabitum sem strengurinn býður upp á í flutningsgetu. „Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins hafa samningar náð fyrir um 80 prósent af þeirri flutningsgetu sem áætlað er að setja upp í júní."

KRISTJÁN L. MÖLLER

ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Samgönguráðherra hafnar því hins vegar alfarið að verðlagning gagnaflutninga um Farice standi í vegi fyrir því að erlend fyrirtæki hefji hér þegar uppbyggingu gagnavera, heldur gæti þar áhrifa alþjóðlegu efnahagskreppunnar.

Ríkið á hlut í bæði Farice og hlutafélaginu E-Farice sem stofnað var um lagningu Danice-strengsins. Meðal annarra hluthafa eru Og fjarskipti, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja.

- óká

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BLÓÐMÖR, ÓSOÐINN FRÁ KJARNAFÆÐI
419 KR./KG.
MERKT VERÐ 699 KR./KG
40% AFSLÁTTUR

LIFRARPYLSA, ÓSOÐIN FRÁ KJARNAFÆÐI
455 KR./KG.
MERKT VERÐ 759 KR./KG
40% AFSLÁTTUR

ÚRVALS HAMBORGARAR 10 STK. 120 GR.
20% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 1.498 KR.POKINN
1.198 KR./PK.

100% ÍSLENSKT NAUTAKJÖT

BAYONNESKINKA FRÁ KJARNAFÆÐI
1.078 KR./KG.
MERKT VERÐ 1.799 KR./KG
40% AFSLÁTTUR

SVEITABJÚGU KOFAREYKT FRÁ KJARNAFÆÐI
20% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 499 KR./KG
399

KJÖTFARS, FERSKT FRÁ KJARNAFÆÐI
10% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 442 KR./KG
399

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. **LAUGARD:** 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

skoðun

greinar@frettabladid.is

Davíð reynir að endurskrifa söguna.

Arfleifð í rúst

JÓN KALDAL SKRIFAR

Allt bendir til þess að frumvarp forsætisráðherra um breytta stjórnskipun Seðlabankans verði að lögum í dag. Við það verða merkileg tímamót. Í fyrsta skipti í meira en tvo áratugi verður Davíð Oddsson ekki í lykilihlutverki í íslensku þjóðlífi á landsvísu.

Leiðin að því að koma Davíð út úr Seðlabankanum hefur reynst löng og ströng. Í valnum liggur meðal annars eitt stykki ríkisstjórn. Þetta hefur verið sorgleg sýning, en það er hins vegar fyllilega í takt við feril Davíðs að hann neitar að yfirgefa sviðið hljóðalaust.

Í haust þegar krónan féll eins og steinn og verðbólgan rauk upp í tveggja stafa tölu lá fyrir að stjórn Seðlabankans hafði mistekist með öllu að sinna tveimur helstu viðfangsefnum sínum. Bankastjórarnir þrír höfðu í hendi sér að játa sig sigraða fyrir flóknum verkefnum, sem þeir réðu ekki við, og fara úr bankanum á eigin forsendum. Yfir því hefði verið ákveðin reisn. Það er mannlegt að mistakast.

Því miður var þetta ekki sú leið sem bankastjórarnir völdu sér. Undir forystu Davíðs hófst vörn sem byggði á því að Seðlabankinn, og um fram allt Davíð sjálfur, hefði margsinnis varað við því að viðskiptabankarnir væru á leið í þrot og með þeim íslenskt efnahagslíf.

Vandamálið var þó að engar skjalfestar heimildir eru til um þessar viðvaranir aðrar en orð Davíðs sjálfs. Hins vegar eru til fjölmörg dæmi um fullyrðingar Davíðs þess efnis að undirstöður íslensks fjármálalífs væru traustar og bankarnir ættu að þola þau áföll, sem væru framundan vegna versnandi stöðu efnahagsmála á heimsvísu.

Orð Davíðs í þessa veru má lesa svart á hvítu í skýrslum Seðlabankans, í ræðum sem hann flutti á vegum bankans og í viðtölum við innlenda og erlenda fjölmiðla. Að auki má hlusta á hann og horfa fara með sömu yfirlýsingar í viðtölum í sjónvarpi. Í viðtali við bresku sjónvarpsstöðina Channel 4 í mars í fyrra sagði Davíð til dæmis aðspurður að engar líkur væru á því að íslensku bankarnir færu í þrot og þó svo ólíklega færi gæti íslenska ríkið auðveldlega „gleypt“ skuldbindingar þeirra við erlenda innistæðueigendur.

Þrátt fyrir öll þessi opinberu dæmi, bauð Davíð íslensku þjóðinni upp á það enn einu sinni í Kastljósi í fyrrakvöld, að hann hefði varað „allan tímann“ við þróti bankanna. Og það þótt ekki nokkur maður kannist við þær viðvaranir. Nema fyrrverandi forsætisráðherra, sem minnist þeirra úr persónulegum samtölum þeirra félaga, en þó ekki á sama tíma og Davíð segist hafa rætt málin.

Þetta er ekki boðlegur málflutningur hjá Davíð. Í raun er ómögulegt annað en að líta á vörn hans öðruvísi en að hér sé á ferðinni örvæntingarfull tilraun til að endurskrifa söguna.

Það er gamalkunnugt bragð að ef eitthvað er sagt nógu oft er möguleiki á því að það fái smám saman á sig svip sannleikans.

Þrátt fyrir að galdur Davíðs geti verið mikill er þetta verkefni honum ofviða. Hann endurreisir ekki arfleifð á því sem hann sagði í tveggja manna tali. Orð á opinberum vettvangi skipta meira máli, en verkin þó mestu. Þar brást hann.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kosningaskjálfti
Margir spá því að Framsóknarflokkurinn verði aldrei þessu vant í stöðu til að ráða því hverjir fari með stjórn skersins að loknum næstu kosningum. Bloggarar eru þegar farnir að slúðra um hversu mjög líklegt samstarf flokksins við sjálfstæðismenn sé að verða. Sumir spenntari en aðrir.

Jakobína Ingunn Ólafsdóttir bendir þannig á sameiginlega hagsmuni líklegs formanns Sjálfstæðisflokks, hans Bjarna Benediktssonar, sem einnig er fyrrum stjórnarformaður N1, og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknar. En hverjir eru hagsmunirnir? Jú, að pabbi Sigmundar sitji í stjórn N1. „Greinilega sameiginlegir hagsmunir," segir Jakobína.

Nýja Ísland
Þá hefur elsti ríkisbankinn selt Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, nokkrum viðskiptamönnum sem flestir hafa kunn tengsl við Sjálfstæðisflokkinn. Söluferlið átti víst að vera gegnsætt og opið eins og bók. En nú bregður svo við að farið er með sjálft kaupverðið eins og hernaðarleyndarmál innan Íslandsbanka. Ekki verður heldur gefið upp hversu mikið bankinn og þar með skattgreiðendur hafa greitt með Morgunblaðinu síðustu mánuði. Nýja Ísland.

Sagan af Dabba og Geira
Geir Hilmar Haarde er dæmalaust jafnlyndur maður. Hann hefur til dæmis ekki skoðun á því hvað honum finnist um að Davíð Oddsson hafi gagnrýnt hann látlaust í sprengidagsviðtalinu. Það dugar Geir að sérstök rannsóknarnefnd muni leiða það allt í ljós í nóvember.

klemens@frettabladid.is

Rætur hrunsins

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Lög og framfylgd laga

Ísland þarf nú að margra dómi nýja stjórnarskrá, þótt ófullkomleiki stjórnarskrárinnar sé ekki aðalorsök hrunsins. Íslendingar búa að stofni til við sömu stjórnarskrá og Danir. Þau ákvæði, sem Danir hafa bætt inn í stjórnarskrá sína og Íslendingar ekki, eru ekki frumorsök þess, að fjármálakerfi Danmerkur stendur föstum fótum öndvert bankahruninu hér. Þau bregða samt birtu á baklandið. Danir hafa breytt stjórnarskrá sinni til að draga úr valdi ráðherra og auka stjórnskipulegt vald þingsins. Þriðjungur þingmanna þar getur krafizt þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvörp önnur en til fjárlaga og skattalaga, en ekki hér. Danir geta ekki sagt öðrum þjóðum stríð á hendur nema með samþykki þingsins; hér heima dugir tveggja manna tal. Óvíst er, hvort sjálfstæðara og sterkara Alþingi hefði tryggt heilbrigða einkavæðingu bankanna og dregið úr líkum hruns, en það er hugsanlegt. Bankahrunið kallar á bætur fyrir gamla vanhirðu (úrelt stjórnarskrá, mannréttindabrot í kvótakerfinu, slagsíða í kosningalögum o.fl.). Rætur hrunsins liggja sumar þar og í veilum í lögum og veikri framfylgd laga.

Veilur í lögum
Kosningalöggjöfin hefur frá öndverðu verið rangsnúin. Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands, varaði Alþingi við afleiðingum ójafns kosningarréttar, og það hafa margir aðrir menn gert æ síðan. Breytingar á kosningalögum hafa þó ævinlega verið of seint á ferðinni og gengið of skammt. Stjórnmálamenn sömdu kosningalögin öðrum þræði til að tryggja eigin hag. Nær hefði verið að fela sérstökum dómi – til dæmis Landsdómi með nýrri löggjöf – að semja kosningalög án atbeina stjórnmálaflokkanna. Misvægi atkvæðisréttar í kosningalögunum á umtalsverðan þátt í brotalömum kvótakerfisins, sem stjórnmálastéttin notaði til að búa til nýja stétt auðmanna líkt og gert var um svipað leyti í Rússlandi. Kvótakerfið varðaði veginn að misheppnaðri einkavæðingu bankanna eftir svipaðri forskrift og þá um leið að hruni þeirra fáeinum árum síðar. Þetta hangir saman.

Einn angi vandans er lagaheimild frá 1997 til að veðsetja veiðiheimildir, þótt sjávarauðlindin eigi að heita sameign þjóðarinnar að lögum. Lögin leyfa mönnum beinlínis að veðsetja eigur annarra. Menn kasta höndunum til fjárfestingar fyrir lánsfé með veði í eigum annarra, enda ramba skuldum vafin útvegsfyrirtæki nú mörg á barmi gjaldþrots. Endurbornir ríkisbankar hafa eignazt hluta kvótans, sem er því aftur kominn í eigu almennings. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur úrskurðað, að kvótakerfið feli í sér mannréttindabrot, og skorað á stjórnvöld að breyta kerfinu. Nýja ríkisstjórnin virðist ekki ætla að taka þeirri áskorun eða setja hana í samhengi við hrunið. Annar angi vandans er önnur lagaheimild frá 1997 til banka og annarra fjármálastofnana til að veita lán til að kaupa bréf í bönkunum með veði í bréfunum sjálfum. Þessi heimild er ígildi skotleyfis á skattgreiðendur. Slík bankaviðskipti eru áhættulaus fyrir kaupandann. Ef bréfin hækka í verði, hagnast kaupandinn; ef þau lækka, tekur bankinn skellinn eða skattgreiðendur ef svo ber við. Aðstoðarmaður forsætisráðherra fékk áhættulaust ofurlán í Kaupþingi og auðgaðist vel á því, en bankinn komst í þrot, og skattgreiðendur þurfa að borga brúsann. Annar fyrrum aðstoðarmaður forsætisráðherra fékk óskilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir efnahagsbrot eftir að hann hætti störfum í ráðuneytinu.

Veik framfylgd laga
Lögbrot hafa lengi verið látin viðgangast á Íslandi. Sigurður Nordal prófessor vitnar um vandann í Skírni 1925. Bjarni Benediktsson, síðar forsætisráðherra, ber vitni í einkabréfum 1934 og þannig áfram. Margir vissu, en enginn gerði neitt; þess vegna héldu lögbrotin áfram. Brottkast og löndun fram hjá vikt viðgangast í stórum stíl samkvæmt ítrekuðum frásögnum sjómanna, en lögreglan hefst ekki að. Innherjaviðskipti í bönkunum voru algeng, svo sem vottar munu trúlega staðfesta við rannsóknarnefnd Alþingis og sérstakan saksóknara, en lögreglan horfir í aðrar áttir. Fyrrum bankastjóri Landsbankans hefur árum saman í grein eftir grein í Morgunblaðinu borið þungar sakir á nafngreinda bankamenn, en löggan hrýtur. Atli Gíslason alþingismaður og hæstaréttarlögmaður hefur lýst lögbrotum á hendur eigendum bankanna og stjórnendum. Sigurður Einarsson áður stjórnarformaður Kaupþings hefur í Fréttablaðinu sakað bankastjórn Seðlabankans um ólöglegan upplýsingaleka. Í þessu ljósi þarf að skoða kröfuna um rannsókn á aðdraganda hrunsins og eftirleik af hálfu óvilhallra erlendra manna.

Falskur tónn

UMRÆÐAN
Sigríður Andersen skrifar um tónlistarhús og skóla

SIGRÍÐUR ANDERSEN

Ríkið og Reykjavíkurborg verða ekki aflögufær næstu árin samdráttar í efnahagslífinu. Tekjutap ríkisins er þegar komið fram að verulegu leyti með miklu falli í neyslusköttum. Sveitarfélögin munu sömuleiðis finna fyrir lægri útsvarstekjum er fram í sækir. Engu að síður kynntu ríki og borg í síðustu viku samkomulag um að halda áfram byggingu tónlistarhússins við Reykjavíkurhöfn. Talið er að það kosti 13 milljarða að ljúka byggingu hússins en þegar framkvæmdir hófust var sagt að bygging tónlistar- og ráðstefnuhússins myndi kosta 12 milljarða. Nú er búið að reisa húsið en engu að síður mun það kosta 13 milljarða að ljúka því! Hver ætli endanleg tala verði? Þessa 13 milljarða hafa hvorki ríki né borg til reiðu en ætla engu að síður að eyða þeim. Hafa menn ekki fengið nóg af skuldsettum ævintýrum?

Þess má geta að árið 1997 var ætlunin að byggja tónlistarhús í Laugardal fyrir 1.550 milljónir króna, sem er um 5 - 10% af því sem tónlistarhúsið á hafnarbakkanum mun kosta. Það þótti of dýrt og ekkert varð úr framkvæmdum. Síðan hafa bæst við fínir tónleikasalir, t.d. Salurinn og Ýmir og einnig stór samkomuhús eins og Egilshöll sem Domingo gerði sér að góðu árið 2005 og sagði að tónleikum loknum: „Hljómurinn var mjög góður."

Rökin sem ríki og borg leggja helst fram til að réttlæta framhald framkvæmda við tónlistarhúsið er að það skapi störf þar til húsið verður opnað 2011. Fallist menn á þau rök að hið opinbera fari í atvinnuskapandi framkvæmdir eru menn þá alveg vissir um að hús á borð við tónlistarhúsið eigi að njóta þess? Hvað með skóla borgarinnar sem sumir eru enn á framkvæmdastigi? Nú eða þjónustan sem skólarnir veita?

Hvernig má það vera að Reykjavíkurborg og nýr menntamálaráðherra setji tónlistarhúsið í forgang við þær erfiðu aðstæður sem nú blasa við þjóðinni?

Höfundur er lögmaður og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

SKÓR geta verið hin mesta heimilisprýði. Skódella virðist nokkuð algeng og fyrir fólk sem á samlit skópör í stöflum getur verið ráð að raða þeim smekklega í tröppu eða í forstofugang. Um leið skapast frekari not fyrir pörin sem annars rykfalla inni í skáp.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Lilja er forfallinn sokkabuxnaaðdáandi og klæðist hér köflóttum sokkabuxum. Annars lýsir hún fatastíl sínum sem svörtum og kvenlegum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dökkt og dömulegt

Auðvelt er að brydda upp á nýjungum í klæðaburði með mismunandi sokkabuxum og segist Lilja Gunnarsdóttir eiga ógrynnin öll af þeim, enda hæg heimatökin þar sem hún vinnur í heildverslun.

„Ég er svo heppin að vinna í heildsölu sem selur sokkabuxur þannig að ég get auðveldlega nálgast þær. Hins vegar er galli á gjöf Njarðar þar sem að nú á ég ekkert nema sokkabuxur," segir Lilja Gunnarsdóttir og brosir en hún segist líklega eiga yfir fjörutíu pör af sokkabuxum. „Ég freistast yfirleitt til að verða mér úti um þær nýjustu en auðvelt er að breyta til í klæðaburði án þess að eyða of miklu með því að skipta um sokkabuxur."

Lilja segir að oftast klæðist hún einhverju svörtu og sokkabuxurnar lífgi því upp á með mismunandi litum og mynstrum. „Einhverra hluta vegna hef ég hallast að svörtum fötum en annars klæðist ég líka oft jarðlitum þar sem ég er rauðhærð. Fötin mín eru oftast einlit og einföld," útskýrir hún.

Stígvélin fékk hún í Focus í Kringlunni fyrir tveimur árum og endast þau vel. „Í fyrsta lagi eru þau mjög þægileg en auk þess halda þau sér vel. Þau eru víð að ofan, með slaufu á hliðinni og minna svolítið á Hróa hött," segir hún og bætir við að oftast klæðist hún þessum stígvélum eða Puma skóm. „Pilsið er eitt það þægilegasta sem ég hef átt og fékk ég það í Mótor, af öllum stöðum, en ég hélt að þetta væri hálfgerð gelgjubúð. Þar leynist hins vegar ýmislegt og er pilsið í miklu uppáhaldi, enda þörf á góðu pilsi þegar maður á svona stóran lager af sokkabuxum," segir Lilja kímin og nefnir að fötin sín þurfi að vera þægileg og kvenleg. „Jakkann fékk ég síðan í Zöru en hann er mjög hlýr og kemur það sér vel þar sem mér er alltaf kalt. Hann er algjörlega sniðinn á mig."

Lilja segir einfaldast að lýsa sínum fatastíl sem svörtum og kvenlegum. „Ég vil fallega sniðin föt sem setja línurnar á rétta staði," segir hún og nefnir að hún kaupi sjaldan föt en vandi þá til verksins.

hrefna@frettabladid.is

TÍSKA

VORIÐ er á næsta leiti og því er um að gera að tína af sér svörtu spjarirnar, sem margir vilja hverfa inn í yfir vetrartímann, og fara að svipast um eftir ljósari klæðum. Drapplitaðir tónar verða áberandi í vor ásamt því að fötin verða léttari og styttri.

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Vandaðir dömuskór úr leðri og skinnfóðraðir
Stærðir 36 - 42
Verð: 7,670,- og 7.970.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Sruli Recht er fæddur í Ísrael en hefur dvalið meirihluta ævinnar í Ástralíu. Hann býr nú og starfar í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hlýtur verðlaun fyrir Umbuster og ~Elt

Nýtt markmið hjá hönnuðinum Sruli Recht er að koma fram með nýtt verk í hverjum mánuði. Verkefnið hefur gefist vel og tveir hlutir eftir Sruli, belti og regnhlíf, unnu nýlega til virtra verðlauna.

Hönnuðurinn Sruli Recht fæddist í Jerúsalem í Ísrael. Hann hefur lengstan hluta ævinnar búið í Ástralíu þar sem hann stundaði meðal annars nám í tískuhönnun við RMIT-háskólann í Melbourne. Hann býr nú og starfar á Íslandi.

Nýlega vann Sruli til IDA-verðlauna eða International Design Award 2008. Hann sigraði í flokknum aukahlutir í ferðalög eða Travel Accessories category of Fashion Design með regnhlífina sína The Umbuster. Hann varð einnig í öðru sæti í sama flokki með beltið ~Elt. Meiri upplýsingar um verðlaunin má finna á www.idesignawards.com/.

Þessir tveir munir eru hluti af stærra verkefni Sruli þar sem stefnan er að koma fram með eitt verkefni í hverjum mánuði. Nýjasta verkið kom út í janúar og er teppi sem Sruli kallar Blankoat. Hugmyndin að því vaknaði í miklum kuldum á Íslandi og er það prjónað úr íslenskri ull og er með tveimur stórum ermum.

Regnhlífin Umbuster er allsérstæð enda er handfangið í líki hnúajárns. Mikil vinna liggur að baki útskurðar hvers handfangs en regnhlífin sjálf er fengin frá Guy de Jean í Frakklandi. Regnhlífin kemur í pakkningum sem Sruli hannaði ásamt Snorra Má Snorrasyni.

Sylgjulausa beltið ~Elt er framleitt að öllu leyti á Íslandi, frá leðrinu til handgerðra boxanna sem beltið kemur í. Það fæst í nokkrum litum, húðlitt, beinlitt, ösku- og ryðlitt og er misbreitt, frá þremur upp í fimm sentímetra. Beltið er skorið með mjórri vatnsbunu og stór kostur við það er að ekki þarf að taka það af sér þegar farið er í gegnum málmleitartæki.

Hugmyndin vaknaði þegar Sruli leit á spenntar greipar sínar og datt í hug að svipað væri hægt að gera við belti.

solveig@frettabladid.is

Beltið ~Elt þarf ekki að taka af sér þegar farið er í gegnum málmleitartæki enda engin sylgja á því.

Regnhlífin Umbuster er með handfang í líki hnúajárns.

Blankoat er stórt teppi með ermum og er prjónað úr íslenskri ull.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar


SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI
Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri

System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.900.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
Heimir Karlsson

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR. GÓÐ TILBOÐ
MaxMara
HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Kjólar á allar konur

Sumarið 2009 verður kjólasumar eins og það síðasta og því styttri sem kjólarnir eru því betra. Ekki kannski alveg það besta í klæðnaði í sjö gráðu rigningarsudda í Reykjavík í júlí (nema að það verði enn eitt góðviðrissumarið?) eða roki og rigningu á Stórhöfða. Hinir himinháu hælar sem nota á við kjólana eru heldur ekki það þægilegasta í göngur í grasbrekkum. En fátt er svo með öllu illt að ei boði gott eins og sungu eitt sinn þau systkin Ellý og Vilhjálmur og það sem mun bjarga íslenskum konum frá kulda og veikindum í sumar eru þykku sokkabuxurnar sem nota má við kjólana. Auðvitað eru þessar sokkabuxur ekki beinlínis kynntar hjá tískuhúsunum sem algjört „must“ í sumar og ekki eru þær heldur komnar úr vor- og sumartískunni í ár. Fæstir eru tískuhönnuðirnir með höfuðstöðvar í Reykjavík og því verður að taka tískunni eins og hún er, breyta og aðlaga aðstæðum í hverju landi svo að innfæddir hætti ekki lífi og limum.

Endurkoma kjólanna einkennir tískuna síðustu misseri eftir að hafa verið í áralangri útlegð ef frá eru taldir síðkjólar sérstaklega gerðir fyrir rauða dregla Óskarsverðlaunahátíða í Los Angeles eða Cesar-verðlaunakvölda í París. Þeir teljast varla með í lífi venjulegra kvenna. Nú er kjóllinn ekki aðeins kominn inn úr kuldanum heldur er hann lykilatriðið í fataskápnum. Stuttu kjólana má nota eina sér eða með þykkum sokkabuxum eða leggins eins og um mussu væri að ræða. Aðrir eru fínir með klassískum, víðum síðbuxum eða jafnvel gallabuxum að hætti Ségolène Royal, fyrrverandi forsetaframbjóðanda hér í landi, sem hefur breyst úr íhaldslega klæddri stjórnmálakonu í Hvatardragt í „póst-hippa-mussu-komma“, „peace and love“ og kemst nú í tískudálka meðal vel klæddu kvennanna í staðinn fyrir að sitja undir háðsglósum meðan hún var reyrð í dragtir líkt og spennutreyju. Hér eins og víðar er fyrst talað um hárgreiðslur og föt þegar stjórnmálakonur eru annars vegar.

Hjá ítalska tískuhúsinu Valentino eru framleiddar þrjár tískulínur og ein þeirra kallast RED sem dregið er af hinum fræga rauða Valentino-lit. Valentino opnaði á dögunum í fínustu stórverslun Parísar, Le Bon Marché, sem er á „Rive Gauche“ en á Vinstri bakkanum eru menn sagðir hugsa. Reyndar merkilegt að ekkert er um rauða kjóla þrátt fyrir nafnið. Þessi tískulína bíður upp á fjöldann allan af fínum kjólum í hvítu, svörtu og heilmargir í sterkum fjólulit sem sést víða í sumar. Verðið er fimm sinnum lægra en á kjólum aðallínunnar sem verður að teljast plús á þessum síðustu og verstu.

bergb75@free.fr

Tískuvika í kreppu

Alheimskreppan setur mark sitt á tískuvikuna í Mílanó.

Tískuvikan í Mílanó hófst í gær en hún verður með ögn fábreyttara sniði en oft áður enda hefur alheimskreppan sett mark sitt á tískuheiminn eins og annað.

Tæplega áttatíu tískuhús munu kynna haust- og vetrarlínur sínar en það eru um tíu færri tískuhús en í fyrra. Hönnuðir á borð við Giorgio Armani, Versace og Gucci munu þó ekki láta sig vanta. Æ fleiri framleiðendur leita þó leiða til að kynna vörur sínar öðruvísi en með kostnaðarsömum tískusýningum, og er Roberto Cavalli á meðal þeirra. *- ve*

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
LAGERSALA
60-70% AFSLÁTTUR
Í NOKKRA DAGA
BERNHARD LAXDAL

Fermingarkjólar
Ótrúlegt úrval

FLASH Laugaveg 54,
Sími: 552 5201

Auglýsingasími 512 5447
ALLT

Ný sending af gallabuxum og svörtum buxum frá
no secret
Eldri gerðir af buxum frá kr. 2.990
Stærðir 40-60
belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

ALLT
512 5473
AUGLÝSINGASÍMI

Vilt þú vinna hjá skemmtilegu og líflegu fyrirtæki?

Vefdeild 365 miðla leitar að kraftmiklum .net forritara

Helstu verkefni eru:
Viðhald og þróun margvíslegra .net kerfa, ss. Vísir.is, blogcentral.is, veftv-kerfis o.fl., skjölun kerfa, samskipti við innlenda og erlenda undirverktaka/birgja vegna verkefna

Þekking/reynsla/menntun:
- háskólamenntun æskileg, verkfræði, tölvunarfræði eða samsvarandi menntun
- mikil reynsla af visual studio 2005 og 2008
- reynsla á MS SQL Server 2005 og T-SQL
- þekking á HTML/DHTML, Java Script, XML, XSLT

Viðkomandi þarf að:
Geta unnið sjálfstætt og skilað verkefnum á réttum tíma, hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund, hafa gott vald á íslensku og ensku, geta unnið vel undir álagi og hafa a.m.k. þriggja ára reynslu af .net forritun

Sótt er um á vef 365 miðla - www.365midlar.is.
Frekari upplýsingar veitir Ágúst Valgeirsson framkvæmdastjóri tæknisviðs 365 í síma 5125540 eða agustv@365.is

SPORT BYLGJAN 989 FRÉTTABLAÐIÐ VÍSIR.IS 365

SVARTUR BORÐBÚNAÐUR á ekki upp á pallborðið hjá öllum en er óneitanlega töff. Sumir skreyta jafnvel heimkynni sín með svörtum munum og þó um afgerandi lit sé að ræða eru dæmi um skothelda útkomu.

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

WWW.NORMX.IS
NORM-X

Norm-X hefur sérhæft sig í framleiðslu heitra potta frá 1982 sem hentar íslenskum aðstæðum einstaklega vel og ætlaðir fyrir hitaveituvatn. Við bjóðum einnig allan tengibúnað, nudd, ljósabúnað og tvær gerðir af lokum. Lok, fljótandi veitingabakka og m. fl. Við seljum einnig kamínur verð kr. 43.900

NORM-X

Auðbrekka 6, 200 Kópavogur, Iceland
Tel: + 354-565-8899, GSM +354-863-9742, Fax: +354-565-8892, Email: normx@normx.is

Erna segir nágrannavörslu snúast um að kveikja ákveðna hugsun í huga fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nágrannar á vaktinni

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu koma sér í auknum mæli saman um nágrannavörslu en henni er ætlað að stemma stigu við innbrotum og eignatjóni. Verkefnið fór af stað árið 2006 og er á hraðri siglingu.

Innbrotaalda ríður nú yfir höfuðborgarsvæðið og hafa margir orðið fyrir fjárhagslegum og tilfinningalegum skaða. Sumir reyna að sjá við innbrotsþrjótunum með því að setja upp öryggiskerfi á heimilum sínum en auk þess hafa íbúar í ákveðnum götum og jafnvel heilu hverfunum komið sér upp nágrannavörslu.

Það verkefni hefur verið í mótun í Reykjavík frá árinu 2006 og er nú á hraðri siglingu. „Við byrjuðum með eina götu í hverju umdæmi þeirra sex þjónustumiðstöðva sem eru í borginni en síðan hefur verkefnið undið upp á sig og sífellt bætast nýjar götur við," segir Erna Guðmundsdóttir, deildarstjóri hjá Þjónustumiðstöðinni Miðgarði.

Markmiðið með verkefninu, sem er samstarfsverkefni lögreglunnar, þjónustumiðstöðva og íbúa, er að aðstoða borgarbúa við að stuðla að öryggi eigin eigna og taka höndum saman um að sporna gegn innbrotum og eignartjóni í sínu nánasta umhverfi. „Sérstöku skilti er komið fyrir í þeim götum þar sem íbúar hafa komið sér saman um að taka upp nágrannavörslu en auk þess fá þeir límmiða inn í útidyrahurðir og glugga þar sem kemur fram að nágrannar fylgist með húsinu í fjarveru íbúa," útskýrir Erna.

Misjafnt er hvernig nágrannavarslan er útfærð en þurfi íbúar að bregða sér frá um tíma láta þeir nágrannana yfirleitt vita og beita þeir ýmsum brögðum til að hafa líflegt í kringum húsið og fylgjast með. „Þetta snýst um að kveikja ákveðna hugsun í huga fólks en misjafnt er hvernig það ber sig að og fer það eftir samkomulagi. Sumir skilja eftir lykla að húsinu en aðrir biðja nágranna um að leggja til dæmis bílum í heimreið, kveikja ljós, setja rusl í ruslatunnu og hafa vakandi auga fyrir grunsamlegum mannaferðum."

Erna segir verkefnið hafa gefist vel þó ekki hafi verið gerð nákvæm úttekt á innbrotafjölda í þeim götum þar sem nágrannavörslu hefur verið komið á fót. „Við byrjuðum með verkefnið í Dverghömrum og þar hefur ekki verið brotist inn síðan 2006," segir Erna. „Nú er svo komið að heilt hverfi á Kjalarnesi, sem heyrir undir okkur, hefur tekið upp nágrannavörslu og veit ég til þess að æ fleiri íbúar í öðrum hverfum borgarinnar gera slíkt hið sama. Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga samið um notkun á skiltunum utan Reykjavíkur." *vera@frettabladid.is*

Myndir sem létta andann

Um sex hundruð myndir af fallegum og fyndnum dýrum verða til sýnis í Dýraríkinu að Miðhrauni um helgina.

Myndir af fallegum og skemmtilegum gæludýrum eru tilvalin til að prýða veggi heimilisins enda eru þær oft litríkar, líflegar og vekja upp samræður meðal gesta.

Þeir sem leggja leið sína í Dýraríkið í Miðhrauni 2 um helgina geta skoðað um sex hundruð myndir af dýrum sem hengdar hafa verið upp um alla verslun.

Þar stendur nú yfir ljósmyndasamkeppni þar sem gestir Dýraríkisins kjósa tuttugu bestu myndirnar en dómnefnd mun velja þrjár bestu sem hljóta verðlaun í formi úttekta í Dýraríkinu.

Gunnar Vilhelmsson hjá Dýraríkinu segir hugmyndina hafa vaknað út frá öllum þeim myndum sem fólk hefur verið að setja inn á heimasíðu verslunarinnar. „Við ákváðum því að leyfa fólki að sjá skemmtilegar myndir af dýrum til að létta andann í samfélaginu," segir Gunnar. *-sg*

Nokkrar af þeim fallegu myndum sem til sýnis verða í Dýraríkinu að Miðhrauni 2.

fermingar

FIMMTUDAGUR 26. FEBRÚAR 2009

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ætlar að fermast í upphlut frá ömmu

Kristín Haraldsdóttir, nemandi í Hagaskóla, ætlar að fermast í upphlut ömmu sinnar í Dómkirkjunni 31. maí. Þetta ákvað hún fyrir tveimur árum en amma hennar saumaði upphlutinn og bar hann fyrst á lýðveldishátíðinni 1944 á Þingvöllum þegar hún var 27 ára. „Mig hefur alltaf langað til að fermast í upphlutnum því að amma mín átti hann," segir Kristín.

Kristín Haraldsdóttir, nemandi í Hagaskóla, fermist í upphlut ömmu sinnar í lok maí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Amma er svo lítil að upphlutur-inn er bara aðeins of stór. Það vantar skyrtu við hann og ég fæ örugglega lánaða skyrtu eða við látum sauma og svo verð ég bara í honum aðeins of stórum," segir Kristín og telur að amma sín eigi alla nauðsynlega fylgihluti, skotthúfu og svuntu og skart, belti og nælu. Hún er ekki búin að ákveða með skóna en telur sennilegt að þeir verði svartir.

Kristín segist hafa ákveðið að fermast á upphlutnum fyrir tveimur árum þegar hún frétti að amma sín ætti hann til. „Amma er rúmlega níræð og er búin að eiga hann frá 1944 en hann er búinn að vera heima hjá okkur svolítið lengi því að mamma hefur verið í honum."

Kristín segist hafa fengið frábær viðbrögð við ákvörðun sinni, sérstaklega hjá fullorðna fólkinu. Krakkar viti hins vegar oft ekki hvað upphlutur er. Hún segist hafa fengið kjól aukalega í tilefni fermingarinnar en segist ekki ætla að vera í honum í fermingunni eða fermingarveislunni. -ghs

Leikmynd úr Skugga-Sveini í bakgrunni

Söngvarinn Friðrik Ómar man vel eftir fermingunni sinni sem var haldin í Dalvíkurkirkju en veislan á eftir var haldin í Freyjulundi sem er félagsheimili Glæsibæjarhrepps.

„Þar voru í gamla daga settar upp leiksýningar og þar var til gömul leikmynd úr Skugga-Sveini. Pabba fannst rosa sniðugt að setja þá leikmynd fyrir aftan mig í myndatökunni. Þetta er viðbjóður að sjá í dag en mjög fyndið samt," segir Friðrik Ómar. „Það spyrja allir þegar þeir sjá myndirnar: „Hvað er málið með þennan bakgrunn?""

Á leikmyndinni var landslagsmynd úr Eyjafirðinum með kuldalegum hvítum fjöllum og bláum sjó, sem að mati Friðriks passaði engan veginn sem bakgrunnur fermingarmyndanna. Pabbi hans aftur á móti var ekki á sama máli. „Pabba fannst þetta mjög sniðugt og honum finnst þetta enn þá flott," segir Friðrik, sem skemmti sér þrátt fyrir allt vel á fermingardeginum. Fyrir fermingarpeninginn keypti hann sér síðan trommusett sem átti eftir að koma að góðum notum næstu árin.

Friðrik Ómar fermdist í Dalvíkurkirkju. Hann man vel eftir veislunni sem var haldin í Freyjulundi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Séra Gísli Jónasson er prófastur við Breiðholtskirkju. Hér situr hann keikur í forkunnarfögru kirkjuskipi sinnar sérstæðu kirkju, sem minnir um margt á stórt indjánatjald og er ævintýri að koma inn í. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þekkja ekki Móses

Þekkingu fermingarbarna á boðskap Jesúm er orðið áfátt eftir litla áherslu hans í skólum.

„Fermingarbörn eru einlæg og hafa hugsað meira um ferminguna en fólk gerir sér grein fyrir. Því finnst mér oft gert lítið úr fermingarbörnum með því að fullyrða að þau fermist gjafanna vegna, en slík lítillækkun á okkar eigin börn er fyrst og fremst dómur á okkur sjálf sem uppalendur," segir séra Gísli Jónasson, prófastur við Breiðholtskirkju. Hann minnist sjónvarpsviðtals fyrir nokkru.

„Þá spurði fréttamaður barnið fimm sinnum sömu spurningar, því hann fékk ekki svarið sem hann vildi. Ég hef sjálfur mætt í ótal stórafmæli fullorðinna og aldrei rekist á fréttamenn spyrja afmælisbörn um gróða gjafanna, en alltaf skulum við níðast á börnunum og gera þau grunsamleg," segir séra Gísli og bætir við að Íslendingum sé eðlislægt að gleðjast yfir áföngum lífsins með samveru, gjöfum og góðum mat. „Vitaskuld er ekkert við það að athuga og auðvitað eru fermingarbörn spennt fyrir pökkum á fermingardaginn eins og á öðrum tímamótum. Því segi ég stundum við þá sem dæma að þeir ættu að standa mér við hlið og horfa í augu barnanna á fermingarstundinni, því mörg hver eru með tár á hvörmum."

Að sögn Gísla leitar prófastsdæmið nú nýrra lausna vegna fermingarfræðslunnar, í samstarfi við Kennaraháskólann. „Kristnifræðikennslu í skólum hefur hrakað svo mikið að nú er ómögulegt að nota hefðbundið námskver sem notað var lengst af áður. Þekking barna á dæmisögum Biblíunnar og klassískum sögum úr lífi Jesúm eru ekki lengur til staðar," segir séra Gísli, og minnir á að siðfræði fermingarfræðslunnar byggi á boðskap Jesúm Krists.

„En ef börnin þekkja ekki boðskapinn erum við komin í sömu spor og að kenna lestur án þess að kenna fyrst stafrófið. Mörg börn þekkja ekki einu sinni einföldustu nöfn þekktra persóna í Biblíunni, eins og Móse. Mér sýnist því kirkjan þurfa að taka að sér fræðslu og verið er að skoða danskt módel af fermingarforskóla."

Fermingarfræðsla byrjar að hausti. Oftast mæta börn vikulega til prests og tvo lengri laugardaga, ásamt því að fara í fermingarbúðir í Vatnaskógi. Að auki þurfa þau að sækja tíu guðsþjónustur og vinna verkefnavinnu tengda þeim. „Börnin mæta flest spennt í fræðsluna en auðvitað komast sum að þeirri niðurstöðu að vilja ekki láta ferma sig. Það sýnir að þau eru að hugsa, enda í miklum tilvistarhugleiðingum. Minna er talað um þau mörgu sem koma ári til tveimur seinna að láta ferma sig, eða þau sem létu ekki fermast fyrir ári, en passa nú upp á fermingarbörn eins og unga sína, að þau mæti samviskusamlega. Því fer fræðslan stundum dýpra en maður heldur og við of fljót að dæma hundinn af hárunum einum saman." - þlg

Sony-útvarpstæki stóð upp úr

„Ég fermdist í Neskirkju í apríl 1972 og það var séra Frank M. Halldórsson sem fermdi mig," segir Sigrún Edda Björnsdóttir leikkona.

„Ég gekk fremst inn kirkjugólfið af því að ég var minnst og kveið mikið fyrir að fara með ritningarorðin, en athöfnin gekk vel og ég varð mér ekki til skammar," útskýrir Sigrún Edda, sem er nú í óðaönn að æfa fyrir Milljarðamærina sem verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu annað kvöld.

„Fermingarveislan var haldin í gamla Útvegsbankanum með miklum stæl. Það voru margar góðar gjafir sem ég fékk. Skartgripir og peningar, fermingarúr og Passíusálmar. Eftirminnilegasta gjöfin var þó sennilega útvarp með innbyggðu segulbandstæki frá Sony sem ég fékk frá pabba mínum sem þá var búsettur í Ameríku. Þetta tæki var mikið undratæki á þeim tíma. Ég gat tekið upp Lög unga fólksins millilíðalaust. Áður þurfti ég að tengja hljóðnema úr gamla segulbandstækinu og stilla honum upp fyrir framan útvarpstækið heima í stofu til að ná inn vinsælustu lögunum. Stundum klikkaði takan af því að síminn hringdi eða litli bróðir minn vildi syngja með," segir Sigrún Edda.

Sigrún Edda notaði óspart útvarp með innbyggðu segulbandstæki til að taka upp lög unga fólksins á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Nýja tækið hafði skiljanlega mikil áhrif á hljómgæði laganna sem glumdu í unglingaherberginu daginn út og inn. Endalok sælunnar urðu þau að tækið bráðnaði einn sólskinsdag þar sem það stóð í suðurglugga. Það var mikill sorgardagur." - ag

ALLTAF BETRA VERÐ

129.990

Acer Aspire Blue 6530G-703G32MN

2.0Ghz AMD Turion64 X2 Mobile RM-70 örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 320GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 16" FHD WXGA+ skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3650 PCI-Express skjákort • 4xUSB2, Firewire, ExpressCard/54, HDMI(HDCP), eSATA, Easyport • Windows Vista Home Premium

169.990

Ace Intel 3 tölvupakki

2.66GHz Intel Core 2 Duo E7300 örgjörvi • 2GB Dual DDR2 minni • 640GB WD Blue harður diskur • DVD±RW skrifari • 22" LCD Philips 220SW9FB skjár - 1680x1050 • 512MB MSI Geforce9 N9600GT skjákort • Vandað hátalarakerfi • Windows Vista Home Premium stýrikerfi

MSI Wind U100 fartölva

Atom N270 (1.6GHz) örgjörvi • GMA 950 skjákort • 1GB vinnsluminni • 160GB harður diskur • Þráðlaust netkort • Bluetooth • Vefmyndavél • Windows XP Home

79.990

640GB MYBOOK OG TV SPILARI

640GB WD Mybook

Uanáliggjandi diskur með USB tengi.

WD HD Media spilari

Margmiðlunarspilari sem tengja má við USB flakkara. Spilar allt frá Avi til MKV háskerpu. Styður SRT texta.

44.990

PHILIPS

22 Philips 220SW9FB

22" svartur LCD breiðtjaldsskjár með 1680x1050 dpi, 10000:1 í dynamic skerpu, 5ms og 16,7 milljón liti.

39.990

CASIO

Casio EXZ19 Digital myndavél

9,1 milljón punkta uppl. • EXILIM Engine 2.0 • BEST SHOT • Face Detection • Anti-Shake DSP hristivörn • 2.6" LCD skjár • 3x Optical og 4x Digital Zoom • You Tube Capture Mode • Hreyfimyndataka • 11.4MB minni

22.990

Logitech G15 lyklaborð

Lyklaborð með upplýstu hnappaborði, LCD leikjaskjá, 18 forritanlegum G-lyklum ofl.

19.990

PHILIPS

Philips 7FF3FPB

7" LCD stafrænn myndarammi • 480x234 upplausn • Myndir beint af USB 2.0 eða myndavélakorti • CompactFlash, SD, SDHC, MMC & XD • Memory Stick Pro kortalesari • Styður JPEG • Windows og MacOS X

19.990

WD

1 TERABYTE
1000MB

WD Essential 2 - 1 Terabyte

1TB flakkari frá WD með hljóðlátum og umhverfisvænum WD Green hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar þannig orku.

26.990

Logitech Z-2300 hátalarakerfi

Ótrúlega magnað hátalarakerfi með 200w RMS hátölurum og stóru bassaboxi. THX stuðningur, hljóðstillir o.fl. Eitt öflugasta 2.1 kerfið á markaðnum.

39.990

TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

NÓATÚNI 17	STRANDGÖTU 9	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66	HLÍÐASMÁRA 10
S: 414 1700	S: 414 1730	S: 414 1735	S: 414 1740	S: 414 1745	S: 414 1750	S: 414 1760

● STAÐFESTING Á SKÍRNINNI Ferming þýðir staðfesting. Þá staðfestir barnið skuldbindingu foreldra og guðfeðgina í skírnarathöfninni; fer með trúarjátningu, vinnur fermingarheit og þiggur fyrirbæn og blessun. Fermt er við messu. Til þess að öðlast rétt til að mega fermast stundar fermingarbarnið fermingarfræðslu. Barn má vera til altaris með foreldrum sínum frá unga aldri, en reglan er sú að við fermingu eða -fræðslu neyti barn fyrst kvöldmáltíðarsakramentisins.

Skælandi töffari með plastblóm í hárinu

„Fyrst og fremst mæli ég með því að stelpur sem eru að fermast fari í æfingahárgreiðslu fyrir fermingu. Ég klikkaði á því og það liggur við að ég sjái enn þá eftir því,“ segir Anna Svava Knútsdóttir leikkona, sem fermdist í Bústaðakirkju vorið 1991.

Anna Svava fór í fermingarhárgreiðslu nokkrum klukkustundum áður en stóra stundin rann upp. „Hárgreiðslukonan setti lítil og hvít plastblóm í hárið á mér og krullaði það upp, allt eftir tísku þess tíma. Þetta varð vægast sagt herfilega væmið og kerlingarlegt og alls ekki í mínum stíl, enda var ég mikill töffari. Þó ekki meiri töffari en svo að ég fór að háskæla og var enn að þurrka tárin úr augunum þegar í kirkjuna var komið,“ segir hún og skellihlær. „Svo bendi ég fermingarbörnum líka vinsamlega á að minna er meira í þessum efnum. Hið sígilda slagorð „less is more“ á mjög vel við á þessum viðkvæma aldri.“

Leikkonan lumar á öðru heilræði handa væntanlegum fermingarbörnum. „Það er alveg óhæft að halda tvær fermingarveislur, jafnvel þótt um skilnaðarbörn sé að ræða. Ég var í þeirri stöðu á sínum tíma og var orðin verulega þreytt í seinni veislunni. Það tekur nefnilega á að standa og brosa og segja takk,“ segir hún. „Svo er maður auðvitað líka æstur í að komast til að telja peningana og skoða gjafirnar.“

Þriðja fermingarheilræði Önnu Svövu er að hugsa sig vel og vandlega um hvort maður vilji yfir höfuð láta ferma sig. „Í rauninni finnst mér að skynsamlegt væri að hækka fermingaraldurinn upp í átján ár. Þrettán og fjórtán ára krakkar vita ekki endilega hvað þeir vilja og trúa á. Ég er ekki viss um að ég hefði látið ferma mig átján ára gömul. Finnst það eiginlega heldur ólíklegt,“ segir hún. *-kg*

Anna Svava Knútsdóttir klikkaði á æfingagreiðslu fyrir fermingu og sér eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Davíð Þór segist mundi leita í Lúkasarguðspjall eftir ritningarorðunum: Dæmið ekki og þér munið eigi verða dæmd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Merking ritningarorða er undir þér komin

Davíð Þór Jónsson guðfræðinemi valdi sér ekki ritningarorð fyrir sína fermingu. Hann telur þau þó fallegan sið.

„Þetta er hefð sem er tiltölulega nýkomin til sögunnar, hún var til dæmis ekki við lýði þegar ég fermdist,“ segir Davíð Þór Jónsson, guðfræðinemi, um það að velja sér ritningarorð við fermingu. Hann segir þetta hins vegar vera fallegan sið sem sjálfsagt sé að halda í heiðri.

„Þetta er gert til að skapa persónulega tengingu við ritningguna. Þá getur fólk, þegar fram í sækir og það stendur í einhverjum stormum lífsins, haft persónulega tengingu við trúarlega speki sem þjónar annað hvort því að stappa stálinu í það eða hughreysta á einhvern hátt. Það getur verið mjög gott að eiga persónulegt samband við ritninguna; eiga sinn stað, sín orð, eitthvað sem þú hefur valið þér.“

Davíð Þór segir mikilvægt þegar ritningarorð eru valin að hafa það í huga að Biblían verður til á um eitt þúsund ára tímabili og er ritsafn og þróunarsaga átrúnaðar. „Menn geta því fundið ýmsar setningar og slitið úr samhengi og margir hafa verið iðnir við það. Ég mundi til dæmis ekki leita í 5. Mósebók eftir ritningarorðum, en þar er að finna lög frá bronsöld um hreinleika trúarinnar, þrælahald og blóðfórnir.“

Davíð segir ritningarorð lýsa persónuleika þess sem velur þau. „Þegar upp er staðið hafa ritningarorð í sjálfu sér enga aðra merkingu en þá sem hver maður kýs að leggja í þau. Sjálfur hefði ég valið Lúkas 6:37, sérstaklega því ég hef sjálfur oft á tíðum þurft að minna mig á að þetta eru grundvallaratriði kristinnar trúar: „Dæmið ekki og þér munið eigi verða dæmd.“ Þetta mættu margir hafa hugfast.“ *-kóp*

TIL FERMINGAGJAFA

Ferðataska **7.800.- kr**
Beautybox **4.600.-kr**

Ferðataska **7.200.- kr**
Handtaska **2.600.-kr**

Tölvubakpoki **4.800.- kr**

FERÐATÖSKUR - ÍÞRÓTTATÖSKUR
BEAUTYBOX - BAKPOKAR
SEÐLAVESKI - TÖLVUTÖSKUR
TÖLVUBAKPOKAR

Töskur og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

Heldur upp á áritaða íslenska orðabók

„Ég fermdist í Ytri – Njarðvíkurkirkju 30. Mars 1980. Presturinn sem fermdi mig var séra Þorvaldur Karl Helgason, núverandi biskupsritari, en við spjöllum enn í dag þegar við hittumst. Segir mikið um þennan sómamann og hvaða áhrif hann hafði á okkur fermingarsystkinin,“ segir útvarpsmaðurinn Rúnar Róbertsson um fermingguna sína.

„Fermingarveislan var haldin heima og ættingjum og vinafólki boðið, eins og venja er. Ég man nú eftir nokkrum þeirra gjafa sem ég fékk þá, til að mynda stereó-græjur frá foreldrum og líka Íslenska Orðabók sem ég fékk frá vinafólki, þeim Kristínu Kjartansdóttur og Sigurði Þór Sigurðssyni. Þau höfðu fengið nunnurnar í Hafnarfirði til að skrautskrifa nafn mitt í bókina ásamt fallegum texta. Ég man að á þeim tíma var þetta bara ein af gjöfunum, en hún hefur fylgt mér síðan og maður kann betur að meta svona gjafir í dag. Ég tímdi til að mynda aldrei að nota hana í námi og það er gaman að eiga eitthvað svona sem fylgir manni í gegnum lífið,“ útskýrir Rúnar.

„Ég notaði peningana sem ég fékk í fermingargjöf í ferð til Bandaríkjanna en þar bjó fóðursystir mín og maðurinn hennar sem var við nám. Sú ferð gleymist seint og sérstaklega það sem ekki var gert eins og til að mynda að fara á tónleika með Queen í New York, en ég var og er mikill Queen aðdáandi. Ég frétti af þeim daginn eftir að þeim lauk enda ekkert internet til að fá fréttir þá,“ segir Rúnar og brosir. *-ag*

Rúnar á enn íslenska orðabók sem nunnurnar í Karmel klaustrinu í Hafnafirði árituðu fyrir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sálmabækur er meðal annars hægt að fá í Blómavali, Kirkjuhúsinu og Garðheimum.

Sálmabókin fylgir fermingarbarninu

Sálmabókin hefur fylgt fermingarbarninu gegnum árin. Fallega áletruð bók gerir daginn persónulegan og gaman er að eiga hana í bókahilllunni þegar fram líða stundir.

Í Kirkjuhúsinu við Laugaveg fást sálmabækur á krónur 1.740 og með áletrun í gylltu kosta bækurnar 3.000 krónur. Í Blómavali fást einnig sálmabækur og kostar bókin þar 1.790 og áletrun krónur 1.299. Garðheimar selja einnig sálmabækur á 1.740 krónur og áletrunina á krónur 1.380. Á Akureyri fást sálmabækur meðal annars í stafrænu prentþjónustunni Stell í Kaupangi og er hægt að fá áletrun á 1.450 krónur en sálmabók með áletrun kostar 3.250 krónur. *-rat*

Samkæmt áralangri hefð er vín notað í altarisgöngunni við ferminguna

Vínið blandað með vatni

Við ferminguna bragða mörg fermingarbörn sinn fyrsta vínsopa og þykir sumum það ekki eiga við. Fyrir mörgum árum var þó heimilað að nota áfengisskert vín við altarisgöngur.

Við altarisgönguna táknar oblátan líkama Krists og vínið blóð hans og saman myndar þetta eina heild sem Kristur allur. Ekki þarf að neyta nema annars til að njóta alls þess sem fylgir sakramentinu og er vel hægt að láta brauðið duga. Á árum áður framleiddi Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins svokallað messuvín. Það var töluvert sterkara en venjulegt rauðvín. Eftir að framleiðslu messuvínsins var hætt hafa flestar kirkjur notað rautt púrtvín en geymsluþol þess er mun meira en rauðvíns. Púrtvínið er þá yfirleitt blandað til helminga með vatni. *- rat*

Saga fermingarkyrtla

Hugmyndin að hvíta fermingarkyrtlinum er ekki jafn gömul og margir halda. Það var 9. maí 1954 sem séra Jón M. Guðjónsson, prófastur á Akranesi, sá þá hugmynd sína verða að veruleika að fermingarbörn hans í Akraneskirkju klæddust hvítum kyrtli við fermingarathöfnina. Síðan varð úr að öll fermingarbörn á Íslandi klæddust kyrtlum á fermingardaginn. Þetta var einkum gert til þess að enginn munur sæist á efnahag fjölskyldna, en sum börn voru ríkmannlega klædd á meðan önnur voru tötraleg til fara. Sú hefð að klæðast hvítum kyrtli er ennþá rík og þrátt fyrir að ekki sé skylda að klæðast honum sleppa fæstir því. Sumar stúlkur klæðast íslenska þjóðbúningnum á fermingardaginn. Algengur misskilningur er að ekki megi hylja þjóðbúning með hvítum kyrtli, en það er af og frá. Kyrtillinn er enn í dag boðberi þess að allir séu jafnir fyrir Guði; jafnt hinir vel stæðu, sem hinir snauðari. *-plg*

Fermingardrengir í hvítum fermingarkyrtlum á fermingardaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sígildir hvítir lakkskór sóma sér ávallt vel við fermingardressið. Þessir eru frá Fuzzies og fást í Focus á 5.990 krónur

Dömulegir gullskór sem minna einna helst á dansskó samkvæmisdansara. Klassískir og glæsilegir skór en þó með hóflegum hæl. Fást í Skór.is á 13.995 krónur og koma frá Sixmix.

Þessir eru þægilegir en þó glæsilegir þar sem stirnir á silfurslegið yfirborðið. Skórnir fást í Skór.is á 3.995 krónur og eru til allt niður í númer 28, en þá eru þeir líka ódýrari.

Skærbleikir og sykursætir lágbotna skór sem fást í Focus í Kringlunni. Skórnir eru frá Spot On og kosta einungis 3.990 krónur.

Litagleði, glys og glans

Oftast eru fermingarskór stúlkna fremur nettir og gjarnan ljósir. Þó má einnig finna litagleði og glamúr í bland.

Fermingarskór stúlkna eru umfram allt þægilegir og er hælahæðin oftast nær hófleg, ef hún er einhver, enda margar stúlkur að taka sín fyrstu skref í dömuskóm.

Við fórum á stúfana og fengum sýnishorn af nokkrum hugguleg-um skópörum fyrir fermingarstúlkur vorsins og virtist litagleði og glæsileiki vera ráðandi í bland við ljósa og hófstillta liti og form. -hs

KYNNING

Skrautleg kerti og kort

Fyrir þá sem vilja útbúa persónuleg fermingarkort eða myndskreyta kerti gæti leiðin legið í Föndurstofuna í Síðumúla 15. Þar er að finna fjölbreytt úrval af föndurvörum til að útbúa fallegar gjafir og nytjahluti.

Í Föndurstofuna er til dæmis hægt að koma með ljósmyndir og fá þær prentaðar út á sérstakan pappír fyrir kerti en einnig býður Föndurstofan upp á úrval mynda til að festa á fermingarkertin. Geirþrúður Þorbjörnsdóttir, eigandi verslunarinnar, segir alltaf einhvern hóp foreldra og fermingarbarna vilja útbúa hluti í höndunum til að gera daginn persónulegri.

„Það er til dæmis mjög vinsælt hjá fermingarstúlkunum að útbúa sitt eigið skraut í hárið," segir Geirþrúður en Föndurstofan býður upp á úrval af efni til skartgripagerðar eins og hárspangir, fjaðrir, perlur og steina. Einnig er vinsælt að útbúa persónulega gestabók fyrir fermingardaginn, skreyta hana og skrifa til dæmis dagsetningu og nafn fermingarbarnsins á bókina.

Verslunin er opin virka daga frá klukkan 12 til 18 og á laugardögum milli klukkan 11 og 15. Föndurstofan er einnig með vefverslun á slóðinni www.fondurstofan.is þar sem hægt er að kynna sér úrvalið. - rat

Í Föndurstofunni má finna mikið úrval af föndurvörum til að útbúa kort, kerti og fleira fyrir ferminguna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fötin á þessari mynd fást í Mótor. Kjóllinn kostar 9.900 krónur og eru ermar á verðbilinu 2.900 til 3.900 krónur.

Í Gallerí 17 er áhersla lögð á smekklegan klæðnað fyrir fermingar. Kjóllinn sem hér sést er með tjullpilsi og stillanlegum hlírum og kostar 10.900 krónur.

Smekklegt en skemmtilegt

Fermingartíska stúlkna þetta árið er í senn þægileg og dömuleg og oftast má nota fötin við fleiri tækifæri.

Við fengum nokkra álitsgjafa frá Debenhams, Mótor og NTC til að segja okkur hvað væri vinsælast í fermingartísku stúlkna í dag. „Mikið er um ermar og leggings enda er það mjög þægilegur fatnaður," segir Inga Rósa Harðardóttir hjá NTC og samsinna Lilja Ingvarsdóttir, verslunarstjóri hjá Debenhams, og Jóhann F. Traustason í Mótor því: „Ermarnar eru sniðugar til að hylja axlir ef kjóllinn er opinn og þá má nota kjólinn á fleiri en eina vegu," segir Jóhann.

Blöðrupilsin hafa einnig verið vinsæl og köflótt mynstur. „Við tókum til dæmis inn smáköflótta kjóla í bleiku og gráu og þeir hafa selst eins og heitar lummur," segir Inga Rósa. Mikið er um hlíralausa kjóla eða kjóla með stillanlegum hlírum og leggings af ýmsum gerðum virðast vera ráðandi. Skórnir eru bæði teknir lágbotna eða með smá hæl en almennt eru fermingarskórnir ekki mjög háir. „Fermingartískan fyrir stúlkur þetta árið er smekkleg en líka þægileg og skemmtileg," segir Inga Rósa og Jóhann nefnir að hún sé líka dömuleg. „Kjólarnir eru eins konar „prom" kjólar, ýmist með blöðru- eða tjullpilsi og þröngir í mittið." -hs

Köflótt hefur verið í tísku undanfarið. Kjóllinn fæst í Mótor á 7.900 krónur.

Dressið sem hér sést fæst í Gallerí 17. Kjóllinn kostar 10.900 krónur.

Þessi dömulegi kjóll fæst í Debenhams á 12.990 krónur. Jakki og fylgihlutir fást þar einnig.

FERMINGAR TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ CREATIVE

HVERGI BETRA VERÐ

EINN KASSI Á MANN

10 DVD
ÁPRENTANLEGIR OG Í HULSTRI
1.690

HVERGI BETRA VERÐ

500GB
FLAKKARI MEÐ eSATA OG USB2
14.900

HVERGI BETRA VERÐ

eee BOX
Ein minnsta borðtölva í heimi er komin í Tölvutek og er hvergi á betra verði!
49.900

Ein minnsta borðtölva í heimi frá Asus með:
1.6GHz Intel Atom örgjörva, 1GB minni, 80GB harðdisk, 300Mbps þráðlaust net, Windows XP home ofl.forrit

HVERGI MEIRA ÚRVAL

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM MINNIS-LYKLUM

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

HVERGI BETRA VERÐ

HD4670

ÖFLUGT SKJÁKORT

- 512MB GDDR3 2.0GHz minni
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- 55nm kjarninn er skilvirkari
- HDMI, DVI-I, VGA, SVHS, HDTV
- ATI Avivo HD, H.264 og VC-1
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16
- Öflugt DX10.1 skjákort í leikina

14.900

ÖLL NÝJASTA TÆKNIN

4GB 1066

HÁHRAÐA VINNSLUMINNI

Hágæða 4GB DUAL DDR2 1066MHz Gold XTC háhraða vinnsluminni frá OCZ með sérstökum XTC gull-húðuðum kæliplötum, sérstaklega parað saman til að skila 100% sam-hæfni og með lífstíðarábyrgð.

9.990

HVERGI BETRA VERÐ!

MEST SELDI SJÓNVARPS FLAKKARINN

10MP

STAFRÆN MYNDAVÉL

Algert tækniundur frá BenQ er E1050 sem er glæsileg stafræn myndavéli sem er minnsta 10MP myndavél með 3” LCD skjá í heimi.

- Örþunn og glæsileg 10MP myndavél
- 3x Optical Zoom linsa / 5x Digital
- Hágæða linsa og Shake-Free hristivörn
- Sjálfvirkar brosmyndir og lagar rauð augu
- Fókuslampi fyrir slæm birtuskilyrði
- Tekur upp myndskeið í 848x480 16:9
- Aðeins 120gr og 16.8mm á þykkt
- Hleðslurafhlaða og taska fylgir

BenQ

19.900

SÚ ÞYNNSTA Í HEIMI

ÓTRÚLEGA NETTUR FLAKKARI

320GB

WIZPLAT W22 FLAKKARI

- 320GB WizPlat örsmár flakkari
- 25% meiri hraði með Fast USB
- Örsmár í lófa og aðeins 165gr.
- Útdraganleg USB snúra
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis og afritunar hugbúnaður
- Glæsileg hönnun og taska fylgir

16.900

500GB ÚTGÁFA = 24.900

ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ:)

Canon

MP540 ALL IN ONE

Mögnuð fjölnota græja frá Canon sem bæði ljósritar, prentar og skannar

19.900

FJÖLNOTAGRÆJA

HVERGI BETRA VERÐ

Canon

CANON iP 3600 PRENTARI

Hágæða 5 hylkja bleksprautuprentari frá Canon sem skilar einstökum prentgæðum

14.900

CANON PRENTARI

USB SJÓNVARPSKORT

USB Analog og Digital HDTV sjónvarps-kort með fjarstýringu fyrir media center

12.900

GIGABYTE U8000

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CREATIVE VÖRUM

VEFMYNDAVÉLAR

CREATIVE VEFMYNDAVÉLAR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CREATIVE VÖRUM

HÁTALARAR

CREATIVE HÁTALARAR

TÖL

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík

500GB
SPECIAL EDITION 720p

Argosy margmiðlunarspilarinn er með 720p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Hlaðinn öllum helstu tengjum

29.900

750GB AÐEINS KR. 34.900

P182
OFUR HLJÓÐLÁTUR

- Hljóðeinangraður Super Mid Tower
- Þriggja laga hljóðeinangrun
- Aðskilin hólf fyrir aflgjafa og diska
- Mjög þróaður kaplaskipuleggjari
- 120mm hljóðlátar útsogsviftur
- Innbyggðar ryksíur (hægt að þvo)

19.900

NÆR HLJÓÐLAUS TURN

X-FI GAMERS
MAGNAÐ HLJÓÐKORT

- Magnað hljóðkort í leiki og tónlist
- X-Fi CMSS tækni fyrir heyrnartól
- EAX ADVANCED HD leikja effectar
- 24 bita X-Fi Crystalizer hljómgæði
- Ótrúleg hljómgæði og möguleikar
- Low Latency í tónlistarvinnslu

6.450

VERÐ ÁÐUR KR. 12.900

1TB
1080P HD SPILARI

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- WD TV 1080P HD Media player
- Nýja 1.01 útgáfan hlaðin nýjungum
- Hægt að tengja við aðra flakkara
- Spilar HD kvikmyndir og tónlist
- MPEG 1/2/4, MKV, H.264 ofl. ofl.
- HDMI, RCA, ljósleiðara tengi ofl.

49.900

HVERGI BETRA VERÐ!

22”LCD
BENQ WIDESCREEN SKJÁR

Stórglæsilegur 22” WideScreen BenQ G2200WT skjár með Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt ásamt hæðar og snúnings stillanlegum fót.

- 22” WideScreen LCD skjár
- 2500:1 skerpa og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- VGA og DVI HDCP tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

39.900

MEÐ HÆKKANLEGUM FÓT

2009
INTERNET SECURITY

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- Öflugur eldveggur, ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangstýring barna á netinu

4.990

MEST SELD Á ÍSLANDI

20”LCD
BENQ SKJÁR

- 20” WideScreen LCD skjár
- 3000:1 skerpa frábær gæði
- 5ms viðbragðstími í leikina
- 1680x1050 WideScreen
- VGA tengi, svartur á lit
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

29.900

GLÆSILEGUR 20” LCD

24”LCD
BENQ SKJÁR

- 24” LCD 16:9 Cinema skjár
- 10000:1 skerpa, Sensey tækni
- 2ms viðbragðstími í leikina
- 1920x1080 Full HD upplausn
- VGA, DVI, HDMI HDCP tengi
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

69.900

FULL HD 1080P SKJÁR

TÖLVUTEK

• 563 6900 • www.tolvutek.is

HEYRNARTÓL
CREATIVE HEYRNARTÓL

MINNISKORT
50% AF ÖLLUM MINNISKORTUM

P300 1DA

FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný og glæsileg fartölva frá Toshiba með plássi fyrir auka harðdisk, Harman Kardon hljóðkerfi og vefmyndavél sem þekkir andlit

- Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17” WXGA TruBrite 8ms skjár
- 256MB ATI HD3470 skjákort HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

149.900

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

TOSHIBA

A300 1SR

- Intel Core 2 Duo T6400 2.0GHz
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4” WXGA TruBrite 8ms skjár
- 512MB ATI HD3650 skjákort HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

169.900

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

TOSHIBA

L300D 14Y

- AMD Dual Core X2 QL-62 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4” WXGA TrueBrite skjár
- 512MB ATI HD3100 skjástýring
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

99.900

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

A300 1ST

FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný og glæsileg fartölva frá Toshiba með plássi fyrir auka harðdisk, Harman Kardon hljóðkerfi og vefmyndavél sem þekkir andlit

- Intel Core 2 Duo T3400 2.16GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4” WXGA TruBrite skjár
- 256MB ATI HD3470 skjákort HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

134.900

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

Toshiba U400 fartölvan er með 2GHz Intel Core 2 Duo 3GB minni, 160GB disk, 512MB Intel X4500HD skjást. 13,3” TrueBrite skjá ásamt Vista Business og XP Pro

139.900

FISLÉTT FARTÖLVA AÐEINS 1.9KG

ACER FARTÖLVUR

ALLT AÐ 20.000 LÆGRA VERÐ Á ACER

ASUS FARTÖLVUR

ÓTRÚLEG VERÐ Á ASUS FRÁ 39.900

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Gott er að eiga nóg af blómavösum.

Gott að muna

Hér eru nokkur atriði sem gætu gleymst fyrir ferminguna.

- Bauðstu öllum sem þú ætlaðir að bjóða? Það er ekkert að því að hringja í fólkið sem gleymdist.
- Á öll fjölskyldan hrein og straujuð spariföt fyrir daginn?
- Hvar á að geyma yfirhafnir?
- Athugaðu stöðuna á blómavösum á heimilinu. Er nóg til?
- Hvar á að setja gjafirnar?
- Veit fermingarbarnið af hverju það er að fermast?
- Er búið að skrautskrifa í gestabókina?
- Hver ætlar að gæta barna sem eru of ung til að hægt sé að hafa þau með í kirkjuna?
- Áttu nóg af bollum, glösum, hnífapörum, diskum, fötum, spöðum?
- Er búið að útnefna skrásetjara gjafa (gjarnan yngra systkini eða frændfólk)?
- Er búið að panta köku?
- Hver ætlar að sækja hana?
- Er nóg pláss í ísskápnum fyrir veitingar?
- En í eldhúsinu?
- Er búið að hugsa út í borðskreytingar? Servíettur? Kerti?
- Er nóg af stólum?
- En borðum sem hægt er að borða við?
- Hvar eiga gestir á barnsaldri að vera þannig að þeir skemmti sér en trufli ekki hina fullorðnu?
- Hvar verða gæludýrin?
- Er búið að útnefna ljósmyndara til að festa atburðinn á spjöld fjölskyldusögunnar?

Ásamt því að kvitta má skilja eftir hlý orð.

Kvittaðu fyrir komu þína

Mikilvægt er að muna eftir gestabókinni góðu í fermingarveislunni, svo gestirnir geti kvittað fyrir komu sína og hugsanlega skrifað skilaboð til fermingarbarnsins, kveðju eða hlý orð, sem viðkomandi getur geymt um aldur og ævi.

Þá er ekki verra að viðhafa þá reglu að láta meðlimi hverrar fjölskyldu skrifa í röð í bókina, svo fermingarbarnið eigi auðveldara með að muna hver er hver. Svo er bara skemmtilegra að nöfn einnar fjölskyldu komi öll fyrir á einum stað.

Fermingarkerti og kort

Systurnar í Karmelklaustri selja handmáluð kerti, gestabækur og kort ásamt ýmis konar handverki í litlu búðinni í klaustrinu á Öldugötu 37 í Hafnarfirði.

Fyrir ferminguna er því verslun systranna sniðugur viðkomustaður en hægt er að sérpanta áletranir á kerti og gestabækur fyrir veisluna.

Hægt er að leggja inn pantanir bæði í gegnum síma og í gegnum tölvupóst en verslunin er opin frá mánudegi til laugardags frá klukkan 10 til 19.30. Einnig er hægt að fá vörurnar sendar í póstkröfu.

Nánar er hægt að kynna sér vöruúrvalið á heimasíðu systranna, www.karmel.is

-rat

Systurnar í Karmelklaustrinu í Hafnarfirði selja ýmis konar handverk, meðal annars handmáluð kerti og kort.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gerðu ferminguna persónulegri

Nú getur þú gert þá góðu hefð að senda fermingarbarni skeyti á fermingardaginn enn persónulegri. Með persónulegum skeytum Póstsins getur þú sent skeyti með mynd úr þínu eigin myndasafni.

Fermingarbarnið á frímerki

Í tilefni af fermingunni er góð hugmynd að senda boðskortið með frímerki með mynd af barninu sjálfu.

Sendu persónuleg frímerki og skeyti með mynd úr eigin myndasafni á www.postur.is.

Frímerkin mín · PÓSTURINN allur pakkinn · SKEYTIN mín

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fermingargjöfin í ár er
Dúnsæng frá Dún og Fiður

DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004

Fermingar Boðskort

Verð
10-39 stk. 150kr./stk.
40 + stk. 145kr./stk.

Fermingaboðskort

Skoðaðu úrvalið og pantaðu kortin á vefnum okkar pedromyndir.is

Sendum hvert á land sem er!
www.pedromyndir.is

Mjúku fermingargjafirnar

Hjá Lín Design færðu vörur sem hannaðar eru á Íslandi og framleiddar úr sérvöldu úrvals efni. Sængurfatnaðurinn frá Lín Design er ofinn úr bómullardamask og því mjúkur, vandaður, og einstaklega fallegur. Yfir 30 tegundir af íslenskum rúmfatnaði til fermingargjafa.

Komdu við og skoðaðu úrvalið.

Lín DESIGN
Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rautt og svart er vinsælt hjá fótboltakrökkunum

Renningar og skrautsteinar eru eftirsóttir á borðin.

Fjólublátt er að sögn Jóhönnu að koma sterkt inn.

Fiðrildi og litlir skrautsteinar halda vinsældum sínum á femingarborðið.

Fall-egir smáhlutir setja svip sinn á daginn.

Afskorin blóm færa vorið inn í stofu á fermngardaginn.

Fiðrildi og fóboltamerki

Fermingin er stór athöfn í lífi unglings og vilja foreldrarnir gjarnan gera veisluna sem veglegasta. Veisluborðið er þar engin undantekning.

„Krakkarnir hafa sjálf sterkar skoðanir á því hvernig borðið verður skreytt," segir Jóhanna Hilmarsdóttir hjá Garðheimum en hún býður upp á gott úrval kerta og skreytinga fyrir fermingarborðin.

Jóhanna segir fjólublaan lit í kertum og skrauti koma inn þetta árið í bland við hvítt og bleikt og einnig er rauð og svört samsetning vinsæl. Í Garðheimum er til dæmis hægt að fá fótboltamerki prentuð á servíettur og þá er rauði liturinn vinsæll. Smáglingur eins og steinar, perlur og lítil fiðrildi, sem allegt er að dreifa um borðið halda vinsældum sínum. „Fólk getur líka fengið að skera út úr lituðum pappa ýmis munstur í vél hjá okkur sem er fallegt að strá yfir borðin. Það er bæði ódýr og skemmtileg lausn."

- rat

Hvítt gefur borðinu hátíðlegan blæ.

Rautt og hvítt er einnig vinsælt saman.

Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur hjá Seðlabankanum, kaus að fermast hjá Siðmennt árið 1991 og ber því vel söguna.

Meðvitaður um eigið val

„Það var spennandi kostur að sækja ýmis námskeið hjá Siðmennt og ég var mjög ánægður með þau, miðað við það sem vinir mínir fengu annars staðar," segir Þorvarður Tjörvi Ólafsson hagfræðingur.

Hann fermdist borgaralegri fermingu árið 1991 ásamt um fimmtán öðrum. Í borgaralegri fermingu er ekki lögð áhersla á kristna trú, heldur ýmsa jarðbundnari þætti tilverunnar. Þorvarður Tjörvi rifjar upp að í undirbúningnum hafi hann hlýtt á fjölda fyrirlesara fjalla um siðfræði og kynfræðslu og um hvernig ætti að takast á við missi, svo dæmi sé nefnt.

Með honum fermdust nokkrir sem síðar urðu nafnkunnir, svo sem Erpur Eyvindarson rappari og Andrés Jónsson almannatengill. „Ég man að Andrés hélt ræðu og pabbi Erps flutti ljóð," segir Þorvarður Tjörvi. „Þetta var huggulegt athöfn í Hafnarborg."

Þá hafi fáir fermst hjá Siðmennt. „Og maður var því mjög meðvitaður um að maður væri að velja þetta og fannst það svolítið sérstakt, á jákvæðan hátt," segir hann. Það er til marks um auknar vinsældir borgaralegrar fermingar að 2002 var Þorvarður Tjörvi fenginn til að ræða við fermingarbörn ársins. Þá var fermt í troðfullum sal í Háskólabíói. *- kóp*

Boðið til veislu

Þegar boðið er til fermingarveislu er viðeigandi að útbúa boðskort. Skemmtilegt getur verið að vera með mynd af fermingarbarninu á kortinu, til dæmis úr barnæsku.

Boðskortin má búa til á ýmsan máta. Nokkur fyrirtæki á borð við Hans Petersen og fleiri bjóða upp á að búa til boðskort og er þá oft á tíðum hægt að panta þau beint í gegnum netið með því að skrifa texta og senda mynd.

Einnig má virkja hugmyndaflugið og búa til boðskortið í tölvunni heima sem prenta má út á heimilisprentarann.

Nýstárleg hugmynd er að senda boðskort í formi geisladisks. Þetta er sérstaklega gott ef koma þarf fleiri upplýsingum til gesta. Til dæmis varðandi staðsetningu veislunnar. Þá gæti fermingarbarnið einnig boðið til veislunnar „í eigin persónu" í stuttu myndbroti.

Skynsamlegt er að mælast til þess að boðsgestir láti vita hvort þeir komi eða ekki, þá er hægt að reikna út veitingarnar með nákvæmum hætti. *-sg*



Úrval frábærra fermingargjafa

Hjá ILVA á Korputorgi fást margar sniðugar lausnir fyrir unglingaherbergið, frá litlum náttborðslömpum til fataskápa og allt þar á milli. Nýi FREDSACK grjónapúðinn hefur algjörlega hitt í mark hjá ungu kynslóðinni. Hann býður upp á ótal notkunarmöguleika og hægt er að fá hann í mörgum björtum og skemmtilegum litum.
Sjón er sögu ríkari - komdu í verslun okkar á Korputorgi og kynntu þér úrvalið!

ILVA einfaldlega betri kostur

Fredsack. Grjónapúði.
- Nei, nei, alls ekki, það er ekki satt, ég á t.d. mjög marga karlmanns vini sem eru BARA vinir og verða aldrei nema bara vinir, suma þeirra hef ég gert að bræðrum mínum. Ég er í grúppu sem ég kalla fjölskyldu mína og í henni eru margir af mínum bestu vinum bæði konur og karlar. Við köllum okkur bræður og systur, stöndum saman eins og fjölskylda og segjumst vera systkin, kynnum okkur meira að segja þannig út um allt. Mér þykir mjög vænt um þau öll.- **En þú segir að karlmenn séu þroskaheftir. Það er kannski þess vegna sem sagt er að þú hatir karlmenn.-** Já, þeir eru það nú greyin en geta ekkert að því gert, þeir eru bara svona skópaðir.**- Þú segir líka að þeir séu eins og skepnur. –** Já, þeir haga sér þannig og mér finnst þeir allflestir vera eins og skepnur. **– Þú hefur líka oft sagt að íslenskir karlmenn séu eins og leppalúðar og kunna ekki að tríta konur. Er það ekki rétt og finnst þér það raunverulega?** Já, hvort mér finnst.- **Hvað er að kunna að tríta konur að þínu mati?**- Karlmaður sem stjanar við aðeins eina konu, konuna í lífi sínu. Hann horfir aðeins á hana eina, sér ekkert nema hana. Hún ein á allan hans hug og hjarta. Hann færir henni einni blóm, dansar við hana eina. Býður aðeins henni einni út. Gerir allt fyrir hana sem hann getur. Eins og fugl sem þenur brjóst og sperrir stél, snýst hann í kringum hana eina og trítar hana eins og drottningu þannig að henni líður eins og hún sé drottning. Það er flott trítment og þar af leiðandi flottur gæi sem kann að tríta konur. Þeir kunna þetta ekki þessir veslings karlmenn hér en sumir eru kannski nálægt því í byrjun en hætta því svo þegar gæsin er unnin og þar af leiðandi var það bara allan tímann gríma, það finnst mér hallærislegt. En hallærislegustu karlmennirnir eru þeir sem halda framhjá, eru jafnvel með margar í takinu í einu. Gefa þeim öllum blóm. Segja sömu orðin við þær allar og bjóða þeim öllum út. Tríta þær allar eins, oj bara! Þeir eru nú sem betur fer ekki margir sem eru svona hallærislegir og þroskaheftir, kannski helst gamlir, sjúkir, útbrunnir karlar og geðvillingar. Þeir eru þá oftast alkóhólistar eða ofvirkir, jafnvel hvorutveggja og þá er nú ekki hægt að búast við öðru en svona hallærislegu, lousy og sjúku treatment frá þeim. Þeir eru bara geðveikir og ofvirkni fylgir allur mesti viðbjóður heims, það er algjört hömluleysi, allt í botni, botnkeyrsla á milljón km. hraða! Allt er ofnotað og misnotað, áfengi, kynlíf, matur, ferðalög, allt sem er gaman og gott láta þeir eftir sér því nautnasýkin er algjör og stjórnleysið er algjört. Þessi manneskja er eins og skepna, vitskert eða alveg vitfirrt með snarbrenglað raunveruleikaskyn og enga dómgreind. Þetta fólk er líka alveg yfirgengilega forvitið. Þetta er ofsalega leiðinlegt og þreytandi fólk sem virkar illa og neikvætt á mann, hefur slæma og óþægilega nærveru. Þetta fólk endar á botninum alveg útbrunnið og líður skelfilega illa. Það er búið að nautna sér í hel og er búið með kvótann, sem sagt brunnið í báða enda! Tómleikinn og tilgangsleysið verður algjört og manneskjan er í kvöl. Þetta veslings fólk á mjög bágt, ég vorkenni því og vildi óska að hægt væri að hjálpa því. Þetta eru fíklar í allt sem er gaman og gott, láta allt eftir sér og nautna sér í hel, það er auðvitað yfirgengileg sjálfselska. Lífið hjá þeim er algjör viðbjóður, rosalegt drullumall og sóðaskapur eins og hjá skepnum eða þroskaheftu fólki enda er þessi veiki ofvirkni, geðveiki eins og alkóhólismi. Þetta eru geðvillingar enda lífernið sjúkt eftir því. Hórdómur og kynlífið allt í bulli, skepnulegt og sóðalegt, jafnvel svo viðbjóðslegt að bólfélagar eru orðnir svo margir að þeir vita það ekki lengur og eru jafnvel með fleirrum en einum í einu og eða halda framhjá séu þeir í föstu sambandi! Það eru meira að segja til svo geðveikir einstaklingar, að þeir halda framhjá í tilhugalífinu, góðu, nýju ástarsambandi sem sagt í nýju tilhugalífi. Það er þá auðvitað orðið snargeðveikt, mjög veikt fólk sem getur aldrei sagt nei við elsku sig og þarna er siðblindan algjör! Ofvirkt fólk er siðblint eins og alkóhólistarnir! Rótleysi og eirðarleysi einkennir þetta fólk enda er það friðlaust bæði á sál og líkama og er alltaf á fleygiferð. Verður alltaf að vera á ferð og flugi og vera að gera, gera, fara,fara! Greyin, þau eru svo sjúk, vantar svo sárlega hjálp. Svo er allt á fleygiferð hjá þeim og hraðinn er svo mikill og geðveikin að eðlilegt fólk á erfitt með að skilja þau, það er alltaf allt á botn keyrslu og framúr akstur alltaf og endalaust, þau fara alltaf framúr og útaf! Fara langt framúr sjálfu sér og hraðinn er svo mikill, brussugangurinn og lætin að það er ekki nokkur leið að fylgja þeim eftir eða skilja hvað þau eru að segja. Þau tala svo hratt og óskýrt og orðin veltast hvert um annað og allt endar í bulli. Þetta fólk er allt í bulli og lífið er ónýtt! Sömu sögu er að segja um alkóhólista, þetta er svipað og lífsmynstrið það sama enda fer það oft saman að vera ofvirkur og vera alkóhólist. Ég vona að læknavísindin finni leið til að hjálpa þessu fólki.Hér á Íslandi eru svo margir haldnir þessum geðsjúkdómum þ.e.a.s. alkóhólisma og ofvirkni að það er ekki hægt að búast við að til séu hér karlmenn sem kunna að tríta konur. **–Jæja, Kleopatra, þekkir þú þá engann? –** Nei, en lifi alltaf í voninni að til sé nú einn**, Svarar þessi glæsilega kona og hlær. Hún er mjög sterkur karakter, svo áber-**

Kleopatra Kristbjörg

andi persónuleiki að sögur fara af. Fólk talar líka um hana sem ljós, stærsta ljósið os.frv. því hún hefur svo góð áhrif á fólk og fólk hefur oft læknast í návist hennar bæði af andlegum og líkamlegum meinum. Það er nóg að sitja hjá henni, tala við hana, hvað þá ef hún faðmar mann! Hennar faðmlag er engu líkt, það bara gerist eitthvað ef hún faðmar mann, segir fólk. Hennar fagra, geislandi bros virkar á mann eins og besta meðal við öllu m.a. þunglyndi. Konan er ótrúleg, bara ekki til, segir fólk og margir tárast og verða klökkir ef minnst er á Kleopötru og segja svo margt fallegt um hana eins og t.d. henni er ekki sama! Öllum er andskotans sama um alla nema sjálfa sig, en ekki henni! Henni er ekki sama um fólk. Hún umvefur alla og vill öllum vel og öllum hjálpa. Þó Gróa á Leiti sé til og verði alltaf til í illa innréttuðu fólki sem er sjúkt af öfund og afbrýðisemi vegna yfirgengilegrar sjálfselsku þá elska allir Kleopötru sem kynnast henni og aldrei hafa birst eins fallegar umsagnir eins og um hana. Áður en ég sleppi Kleopötru langar mig að spyrja aðeins meira en segi fyrst. - Jæja, Kleopatra, nú ertu búin að segja hvernig karlmenn eiga að tríta konur og vonandi ertu að hjálpa þeim með því þ.e.a.s. að þeir taki þetta til sín og læri af þessu. – Já, svona treatment er bara flott og heilbrigt og karlmenn sem tríta konur þannig eru karlmenn sem okkur konum finnst flottir og verðum ástfangnar af. En það eru til klikkaðar konur sem er alveg sama, bara ef hann á peninga! Það eru kerlingavargar, sjálfselskar og kaldar sem svífast einskis til að ná í peninga. Þeir karlmenn sem hafa lyst á að umgangast slíkar konur eru þá svo heimskir að þeir sjá ekki í gegnum þær eða þeir eru svo sjúkir sjálfir að þeim er alveg sama og moka peningum í þessar ógeðslegu kerlingar, sem sagt verðlauna þær fyrir að vera viðbjóður! Nautnasjúkar kerlingar þurfa mikla peninga til að geta verið nógu góðar við elsku sig, dekra við sig meira og meira, nautna sér og gæla við sig. Karlar sem eru að ala slíkar nöðrur við brjóst sér eru mjög heimskir og hallærislegir, líka hlægilegir. En þeir eiga líka bágt. Dómgreindarleysi er einkenni alkóhólista enda innifalið í orðinu alkóhólisti er allur mesti viðbjóður veraldar, það þýðir geðveiki, ógeðslegt, sóðalegt og sjúkt líferni. Allt hömlulaust og stjórnalust! Ef þú ert alkóhólisti þá ertu sjálfselskur og óheiðarlegur, siðblindur og alveg rosalega mikill vargur eins og óargadýr. Þá ertu nautnasjúkur, hömlulaus og skítug hóra. Þú hefur enga stjórn á þér og þínu lífi. Vilt bara endalaust vera góður við þig og láta allt eftir þér, getur ekki neitað þér um neitt. Vilt endalaust leika, leika, hoppa, hæja og hlæja eins og þeir sem eru ofvirkir. Þú elskar sjálfan þig út af lífinu og verður að fá allt sem þig langar í, oj bara! Þvílíkur viðbjóður! Allt sem þér finnst gaman og gott ofnotar þú og misnotar eins og þeir sem eru ofvirkir enda mjög svipaður sjúkdómur. Þetta er ekki mín persónulega skoðun á alkóhólistum eða bara eitthvað sem ég segi heldur er þetta bara vitað mál og álkóhólistar á batavegi hafa sagt mér þetta sjálfir. Þeir fá fræðslu um þessi mál þegar þeir leita sér hjálpar og það er líka mjög gott mál því þá og þannig fá þeir hjálp. Sem betur fer því það er ekki hægt að lifa svona. Heimurinn er fullur af geðvillingum og því engin furða að hann sé eins og hann er. SJÚKUR! **-Þetta er allt satt og rétt hjá þér Kleopatra. En fyrir utan þetta hvað leiðist þér mest í fari fólks?**- Fólk sem nennir að velta sér upp úr efnahagsmálum og pólitík finnst mér alveg ferlega leiðinlegt og andlega fatlað fólk. **– Að lokum Kleopatra, hvað viltu segja um pólitík?** - Halló, ertu ekki að grínast!? Ég nenni nú ekki að leggjast svo lágt að fara að leika mér í sandkassa! Flokkspólitík er eitthvað..... ekki fyrir mig! Segir Kleopatra í september 2008.

BÓKMENNTIR Guðrún Helgadóttir er tilnefnd til verðlauna Astrid Lindgren sem veitt verða í mars.

Guðrún tilnefnd

Minningarsjóður Astrid Lindgren sem stofnaður var fyrir fáum árum er stærsti verðlaunasjóður sem veitir höfundum barnabóka viðurkenningar með gildum verðlaunum. Verðlaunin nema fimm milljónum sænskra króna, eða nær 65 milljónir íslenskra króna. Verðlaunin geta fallið einum eða fleiri höfundum í vil, bæði sagnaskáldum og myndlistarmönnum, sagnameisturum og öðrum þeim sem stuðla að auknum lestri barna. Minningarsjóðurinn er í höndum sænska Listaráðsins. Nú eru birtir listar yfir þá listamenn sem tilnefndir eru vegna verðlaunaveitingar hinn 24. mars næstkomandi. Guðrún Helgadóttir rithöfundur er tilnefnd fyrir Íslands hönd en alls eru tilnefningar 153 aðilar frá 60 löndum. Meðal fyrri verðlaunahafa eru Maurice Sendak (2003), teiknari frá Bandaríkjunum, Christine Nöstlinger (2003), austurrískur barnabókahöfundur, og Philip Pullman (2005), breski sagnameistarinn. Tilkynnt verður um verðlaunahafann í Vimmerby, fæðingarbæ Lindgren, en tilkynningunni verður lýst á barnabókastefnunni í Bologna þar sem yfir átta hundruð útgefendur, höfundar og blaðamenn verða saman komnir. - pbb

Alþjóðahátíð í Grundarfirði

Á föstudag hefst vestur í Grundarfirði öðru sinni alþjóðleg stuttmyndahátíð. „The Northern Wave International Film Festival" stendur yfir frá föstudeginum 27. febrúar til sunnudagsins 1. mars.

Að baki hátíðahaldinu og nafngiftinni er vilji aðstandenda að endurheimta viðurkenningu á kvikmyndagerðinni sem listgrein og kvikmyndagerðarmönnum sem listamönnum. Einnig að koma á tengslum milli íslenskra og erlendra kvikmyndagerðarmanna, þeirra sem eru að byrja að koma sér áfram og hinna sem meiri reynslu hafa.

Hátíðinni er skipt í tvo flokka stuttmynda og tónlistarmyndbanda en engin alþjóðleg kvikmyndahátíð á Íslandi hefur hleypt að tónlistarmyndböndum í dagskrá sína til þessa. Eru hljómsveitir hvattar til að koma og styðja sitt band með tónleikum meðan á hátíðinni stendur. Þetta er gert til þess að tónlistarfólk komist í tengsl við kvikmyndagerðarmenn og öfugt, upp á framtíðarsamstarf. Þá er tilgangur hátíðahaldsins að skapa atvinnu, auka ferðamannastrauminn og lýsa upp sólarleysið á veturna.

Hátíðin var haldin í fyrsta skiptið í fyrra, 2008, og var stórkostlega vel tekið bæði af Grundfirðingum og nágrönnum sem og útlendingum sem sóttu hátíðina heim. Frítt er inn á alla viðburði nema tónleikana og gleðskap á laugardag. Hátíðin hefst kl. 17 á föstudag en kl. 18 er dagskrá alþjóðlegra stuttmynda. Um kvöldið er sýnd mynd Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur og Ingibjargar Magnadóttur, Háveruleiki. Um kvöldið eru tónleikar. Á laugardegi eru teiknimyndir, hreyfimyndir, gamanmyndir og sérviskumyndir á dagskrá kl. 13, en kl. 17 er fyrirlestur Bertrand Mandico leikstjóra og kl. 18 tónlistarmyndbönd og tilraunakenndar myndir og kl. 23 er aftur gleðskapur. Á sunnudag eru íslenskar stuttmyndir sýndar kl. 14 en kl. 16 er verðlaunaafhending og endursýning á verðlaunamyndum. Sýningar og fyrirlestrar verða í

Samkomuhúsi Grundarfjarðar nema annað sé tekið fram. Northern Wave-hátíðin er sköpunarverk Daggar Mósesdóttur kvikmyndagerðarmanns en hátíðin er skipulögð í samvinnu við Grundarfjarðarbæ. Hátíðin nýtur einnig starfskrafta, hugsjónar og stuðnings spænska kvikmyndagerðarmannsins Pedro Vila Taboas og spænska framleiðandans Judith Hernandez Cortes.

Vefur hennar með öllum upplýsingum er www. northernwavefestival.com.

pbb@frettablaðið.is

KVIKMYNDIR Dögg Mósesdóttir, kvikmyndagerðarkona og forstöðukona kvikmyndahátíðar í Grundarfirði.

Þátttaka kvenna er djók

LEIKLIST Fúlar á móti í ham: Björk, Edda og Helga Braga. MYND LA/GRÍMUR BJARNASON

Líklega hafa höfundarnir sem settu saman brandarasafnið Fúlar á móti, þær Jenny og Judith, kallað saman í sjónvarpsþættina Grumpy Old Women áberandi konur af 68-kynslóðinni úr suðurhluta Englands undir einhvers konar merki femínisma, öldruð andlit kvenna vantaði í sjónvarp þar í landi, sjónarmið þeirra heyrðust ekki. Joan Bakewell, ein virtasta sjónvarpsstjarna Breta til margra ára, sagði í viðtali við Telegraph fyrir hálfum mánuði að konur yfir miðjum aldri ættu ekki sjens í sjónvarpsvinnu, þó svo þær væru stærsti hluti sjónvarpsneytenda. Sömu helgi birtust ritdómar í breskum blöðum um nýja bók Susie Orbach, Bodies, þar sem hún tekur upp þráðinn frá Fat is a feminist issue. Víða um lönd hafa konur af eldri kynslóð femínista lagt sig eftir rannsóknum um kvenlíkamann og hvernig hann er birtur í menningunni á okkar tímum.

Þetta var samhengi heimsóknar norður á Akureyri þar sem boðið var upp á skemmtikvöld, Fúlar á móti er brandarasafn um konur komnar yfir miðjan aldur. Þar var tæpt á ýmsum fyndnum hliðum, sumum afgömlum, til að mynda tengdamömmubröndurum og mömmubröndurum, aðeins á dætrabröndurum og barnabarna-, engin fyndi var viðhöfð um systur, samstarfskonur á vinnustað, ekki spaugað með líkamsræktina, þvagleka, legsig, brjóstakrabba eða brjóstastækkanir. Þetta var semsagt lítil sneið af kökunni. Tabúin ekki snert heldur tiplað á gömlum slóðum. Sýningin er helst til langt árshátíðarprógram.

Nú má ekki skilja orð mín svo að þetta hafi verið leiðinleg kvöldstund. Margt var ári fyndið, sumt rosalega fyndið. En er verk af þessu tagi eitthvað sem rétt er að styrkja með almannafé ríkis og bæjar?

Sýningin veitir manni tækifæri til að meta þessar þrjár leikkonur: kostir þeirra og gallar verða augljósir í svona sýningu: allar hafa sterka tilfinningu fyrir tilsvari, kunna að láta línuna falla. Björk hefur fínan takt í hreyfingum sem Edda hefur ekki. Hér mátti sjá alla ósiði þeirra Eddu og Helgu Brögu í grettum og líkamsbeitingu, rétt eins og hæfileikar þeirra nutu sín vel í flutningi gamanefnis: Helga er sú þeirra þriggja sem ræður við mesta breidd. Björk er enn óskrifað blað, hefur aldrei fengið almennilegt næði til að sýna sig sem þjálfaða skapgerðarleikkonu sem mig grunar að hún sé. Edda gafst upp á því fyrir löngu að leika alvarleg hlutverk, læsti sig inn í gríninu og henti lyklinum út um gluggann. Synd en svona getur markaðurinn íslenski leikið talenterað fólk. Ég nenni ekki að fara í debattinn um að kómedía sé erfiðari en drama – hér voru einfaldlega þrjár leikkonur sem eiga skilið að njóta sín í breidd sinni en ekki aðeins á öðrum vængnum.

Sökum þess hvað efnið er eintóna og einnota frá hendi höfunda og þýðanda, hvað það stafar af því hugleysinu að takast á við kvenleg efni af ærlegheitum og æðruleysi verður kvöldstundin löng. Skemmtunin dettur niður, brandarar hætta að virka á löngum köflum, þótt allltaf sé einhver í salnum grenjandi af hlátri. Það er jú lausn í hlátrinum, þess vegna er hann hollur. En það sat ekkert eftir, enginn var styggður, engum ofboðið, engin mörk færð til. Þetta var afturhaldssamt leikhús í hugmyndafræði, íhaldssamt í gamanefnum.

Sviðsetning leikhússtjórans var harla lítið spennandi og má raunar enn ítreka það að listrænir stjórnendur leikhúsa eiga að halda sig frá leikstjórn sem þeim hefur lengi gengið afar illa hér á landi. Ekki er að efa að þessi sýning gengur vel og verður transporteruð til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar þar sem leikkonurnar eiga heima. Hún skilar örugglega vel í kassann fyrir LA en félagið verður að skoða til hvers það er. Styrkir til opinberrar leikstarfsemi eru hugsaðir til annars en þetta djókasafn. Og konurnar sem að þessu standa ættu að spyrja sjálfar sig hvort þessi sýning sé það metnaðarfyllsta sem þær geta gert í baráttu fyrir hag kvenna yfirleitt sem barist er fyrir um heim allan – líka með gamansemi. En líklega er þeim bara fjandans sama.

Páll Baldvin Baldvinsson

LEIKLIST

Fúlar á móti efir Jenny Eclair og Judith Holder.

Leikfélag Akureyrar
Þýðing: Gísli Rúnar Jónsson.
Leikmynd: Þórarinn Blöndal.
Búningar: Rannveig Eva Karlsdóttir.
Dansar: Sigyn Blöndal.
Leikstjóri: María Sigurðardóttir.

★★★

Græskulaust gaman en langdregið á köflum.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 28/2 kl. 14:00 U	Lau 21/3 kl. 14:00 U	Sun 5/4 kl. 17:00 U
Lau 28/2 kl. 17:00 U	Lau 21/3 kl. 17:00 U	Lau 18/4 kl. 14:00 U
Sun 1/3 kl. 14:00 U	Sun 22/3 kl. 14:00 U	Lau 18/4 kl. 17:00 U
Sun 1/3 kl. 17:00 U	Sun 22/3 kl. 17:00 U	Sun 19/4 kl. 14:00 U
Lau 7/3 kl. 14:00 U	Lau 28/3 kl. 14:00 U	Sun 19/4 kl. 17:00 U
Lau 7/3 kl. 17:00 U	Lau 28/3 kl. 17:00 U	Lau 25/4 kl. 14:00 U
Sun 8/3 kl. 14:00 U	Sun 29/3 kl. 14:00 U	Lau 25/4 kl. 17:00 U
Sun 8/3 kl. 17:00 U	Sun 29/3 kl. 17:00 U	Sun 26/4 kl. 14:00 U
Lau 14/3 kl. 14:00 U	Lau 4/4 kl. 14:00 U	Sun 26/4 kl. 17:00 U
Sun 15/3 kl. 14:00 U	Lau 4/4 kl. 14:00 U	Sun 3/5 kl. 14:00 U
Sun 15/3 kl. 17:00 U	Sun 5/4 kl. 17:00 U	Sun 3/5 kl. 17:00 U

Sýningar í maí komnar í sölu, sjá www.leikhusid.is

Hart í bak (Stóra sviðið)

Fim 26/2 kl. 20:00 Ö	Fim 5/3 kl. 20:00 aukas. Ö	Lau 14/3 kl. 20:00 Ö
Fös 27/2 kl. 20:00 U	Fös 6/3 kl. 20:00 Ö	Mið 18/3 kl. 20:00 aukas. Ö

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

Fös 13/3 kl. 20:00 frums. U	Fim 26/3 kl. 20:00 4. sýn.	Fös 3/4 kl. 20:00 7. sýn.
Fim 19/3 kl. 20:00 2. sýn.	Fös 27/3 kl. 20:00 5. sýn.	Fim 16/4 kl. 20:00 8. sýn.
Fös 20/3 kl. 20:00 3. sýn.	Fim 2/4 kl. 20:00 6. sýn.	

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 28/2 kl. 13:00 U	Lau 14/3 kl. 13:00 Ö	Lau 28/3 kl. 13:00 U
Lau 7/3 kl. 13:00 U	Lau 21/3 kl. 13:00	

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Heiður (Kassinn)

Lau 28/2 kl. 20:00 Ö	Lau 28/2 kl. 20:00 aukas. Ö

Síðustu sýningar

Iceland Express

skemmtilegri

HVERJIR KOMAST Í 20 MANNA ÚRSLIT?

IDOL STJÖRNULEIT Á MORGUN KL. 20:30

ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

MEÐ VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 FYLGIR
STÖÐ 2 EXTRA OG STÖÐ 2 BÍÓ FRÍTT MEÐ

WWW.VISIR.IS/IDOL

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

YEAH YEAH YEAHS

LONEY, DEAR

> Í SPILARANUM

Yeah Yeah Yeahs - It's Blitz!
Handsome Furs - Face Control
U2 - No Line on the Horizon
Black Lips - 200 Million Thousand
Loney, Dear - Dear John

tónlist
tonlist@frettabladid.is

Gefur út í Filippseyjum

„Þeir fundu mig bara á Myspace. Þetta er eitthvað „underground label" á Filippseyjum og ég er á þessari alþjóðlegu safnplötu hjá þeim," segir listakonan Berglind Ágústsdóttir, en lag hennar „Húsið á Amtmannsstíg" er á safnplötunni Kindassault sem nýverið kom út hjá samnefndu útgáfufyrirtæki í Filippseyjum. Berglind, sem mest hefur fengist við myndlist, gaf út plötuna Fiskur nr.1 árið 1997 og vinnur nú að plötunni Vinir bjarga deginum. „Hún er svipað unnin og hin. Ég geri tónlist með vinum mínum, eitt lag með hverjum."

VINIR BJARGA DEGINUM Berglind Ágústsdóttir gerir nýja plötu.

Meðal þeirra sem hjálpa Berglindi eru Curver, Heiða, Frank Murder, Þórhallur Skúlason og Jóhann Eiríksson úr Reptilicus og Gjöll, en hann gerði lagið sem er á filippeysku safnplötunni. Það er brjálað að gera hjá Berglindi því hún syngur líka í partíbandinu Company Bee sem er að taka upp plötu. „Það er svona „house"-tónlistarband. Við erum átta í því, þar af fimm söngvarar, og þetta er mjög alþjóðlegt band. Tvær söngkonur eru pólskar og syngja á pólsku, ein söngkonan er bandarísk og svona," segir Berglind.

Filippseysku safnplötuna má nálgast í versluninni Ranimosk á Laugavegi.

- drg

Gus Gus 24/7

Fimmta hljóðversplata Gus Gus er komin með nafn. 24/7 heitir hún og drengirnir leggja nú lokahönd á hana. Daníel Ágúst er genginn til liðs við sína gömlu félaga en auk hans syngur finnski tónlistarmaðurinn Jimi Tenor á plötunni. Hún verður ekki nema fimm laga, en þó 56 mínútur að lengd.

Á LEIÐINNI President Bongo úr Gus Gus.

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Popparar gera góðverk

Plötur til styrktar góðum málefnum hafa lengi verið hluti af útgáfuflórunni. Tvenn samtök sem hafa verið áberandi í þeim geira síðustu ár voru að koma út plötum. Í fyrsta lagi er það The Red Hot Organization sem beitir sér í baráttunni gegn alnæmi. Red Hot hefur sent frá sér margar og ólíkar plötur. Sú fyrsta Red Hot & Blue kom út 1990, en síðan hafa komið þemaplötur eins og Red Hot & Rio með bossa-nova lögum og Red Hot & Riot með tónlist eftir Fela Kuti. Nýjasta afurðin er hin tvöfalda Dark Was The Night, en á henni eru rúmlega þrjátíu lög með jafnmörgum listamönnum úr indie-geiranum, m.a. Antony, Arcade Fire, Andrew Bird, Cat Power, Beirut, Blonde Redhead, Bon Iver, Sufjan Stevens, Grizzly Bear, The Decemberists og Yeasayer. Hörku plata.

GEFA AF SÉR David Bowie fékk TV on the Radio til að gera sína útgáfu af Heroes fyrir nýju War Child plötu.

Hin samtökin eru War Child, en þau safna fé fyrir barnung fórnarlömb stríðsátaka. Nýja platan War Child Heroes er sú fimmta röðinni, en sú fyrsta Help kom út 1995. Það var töluvert lagt í vinnslu nýju plötunnar. Á henni eru 15 lög eftir nokkra af frægustu tónlistarmönnum heims í flutningi yngri listamanna. Það sem er óvenjulegt er að lagahöfundarnir völdu lögin og ákváðu hvaða listamenn þeir báðu að taka þau. Þannig bað David Bowie TV on the Radio að taka Heroes, eftirlifandi meðlimir Joy Division og báðu Hot Chip að taka Transmission, Bryan Ferry bað Scissor Sisters að taka Roxy Music lagið Do The Strand, Brian Wilson bað Rufus Wainwright að taka Wonderful/Song for Children of Smile og Paul McCartney bað Duffy að taka Live & Let Die. Það fylgir sögunni að margir lagahöfundanna brugðust skjótt við og gengu hreint til verks. Bob Dylan lét samt bíða töluvert eftir sér, en valdi að lokum Beck til að taka lagið Leopard-Skin Pill-Box Hat af Blonde on Blonde. Þessi aðferð hefur kannski orðið til þess að flytjendurnir hafa vandað sig meira en ella, a.m.k. er útkoman góð, sérstaklega finnst mér Transmission með Hot Chip flott. Enn ein sönnunin á því hvað þar er flott sveit á ferðinni.

Ný U2 plata: Ofsakæti eða ógeð

Það eru stórtíðindi þegar „stærsta hljómsveit í heimi" sendir frá nýja plötu. No line on the Horizon heitir hún og er tólfta hljóðversplata U2. Dr. Gunni skoðaði málið.

„STÆRSTA HLJÓMSVEIT Í HEIMI" Tólfta plata U2 er staðreynd. Gagnrýnandi Rolling Stone gefur plötunni fimm stjörnur og segir hana þá bestu síðan Achtung Baby kom út.

Síðast voru Írarnir á ferðinni árið 2004 með plötuna How To Dismantle An Atomic Bomb og því hefur lengsta útgáfuhlé í sögu U2 nú verið rofið. Hljómsveitin byrjaði að semja og pæla í nýrri plötu með hinum síðskeggjaða rokkpródúser Rick Rubin árið 2006, en efnið sem kom úr þeirri samvinnu var fljótlega sett í salt. Þess í stað var hóað í gamla og reynda samstarfsmenn, kempurnar Brian Eno og Daniel Lanois, og hausar lagðir í bleyti í borginni Fez í Marokkó. Eno og Lanois komu að lagasmíðunum auk þess að sjá um hljóðvinnslu. Gerð plötunnar var framhaldið í hljóðverum í Dublin og New York og lokið í London fyrir síðustu jól.

„Get on your boots", fyrsta lag í spilun af plötunni, ættu lesendur að þekkja. Það er alls ekki einkennandi fyrir plötuna því að stórum hluta er hún mun rólegri og líkari „klassískri" U2-tónlist níunda áratugarins.

Platan verður komin í íslenskar plötubúðir á mánudaginn. Hún er að fá rífandi góða dóma. Íslandsvinurinn David Fricke á Rolling Stone gefur henni fimm stjörnur. Það er ekki á hverjum degi sem plötur fá fullt hús í því tímariti. David segir þetta bestu plötu U2 síðan Actung Baby kom út. „Djörf, falleg og djúphyggin", segir Telegraph og bandaríska tímaritið Spin segir „U2 ólíkt öðrum böndum, blása manni enn í brjóst ofsakæti, lotningu, og já, von".

Auðvitað eru þó skiptar skoðanir. Mörgum er hreinlega í nöp við U2-veldið og miðlar sem vilja vera „kúl og á brúninni" eru ekki hrifnir af nýju plötunni. Margir eiga líka erfitt með að þola (meinta?) góðmennsku og endalausa réttindabaráttu Bonos. „Kominn með ógeð á Bono? Kannski. Kominn með ógeð á U2? Ekki enn," eru til að mynda lokaorð Spin-dómsins.

U2 spilaði við vígslu Baracks Obama, en ekkert hefur verið ákveðið enn um næsta tónleikatúr. Það hlýtur að koma að einum risatúr enn. Hljómsveitin er innvinkluð í söngleik um Spiderman sem frumsýndur verður á næsta ári og Bono lofaði í viðtali nýlega að það kæmi önnur U2-plata á árinu. Hún verður „eins konar íhugul þemuplata um pílagrímsferðir", sagði söngvarinn. En það er náttúrlega ekkert víst að það gangi eftir.

TÍU STAÐREYNDIR UM U2

- U2 var kölluð bæði Feedback og The Hype í árdaga.
- Vinur strákanna kom með sex nafna lista sem þeir völdu U2 af því það var skást.
- Bassaleikarinn Adam Clayton er elstur, fæddur 13. mars 1960, trommarinn Larry Mullen Jr. er yngstur, fæddur 31. október 1961.
- Platan The Joshua Tree frá 1987 gerði sveitina að ofursveit. Á þeim tíma var Bono með mikinn áhuga á Ameríku og platan átti í upphafi að heita The Two Americas.
- Björn og Benny úr Abba tóku „Dancing Queen" með U2 á tónleikum árið 1992. U2 hafði oft spilað lagið á tónleikum áður.
- Í sömu tónleikaferð, hinum rosalega Zoo TV-túr, bauð sveitin Sykurmolunum að hita upp fyrir sig. Molarnir tóku 17 tónleika með U2 í Bandaríkjunum og spiluðu fyrir um 700.000 manns.
- Öll innkoma fyrir lagið „One" rann til eyðnirannsókna.
- Írska póstþjónustan gaf út U2-frímerki árið 2002.
- Að minnsta kosti 140 milljón U2-plötur hafa selst.
- Sveitin hefur fengið 22 Grammy-verðlaun, fleiri en nokkur önnur hljómsveit.

Faith No More snýr aftur

Rokksveitin Faith No More ætlar að koma saman á ný eftir ellefu ára hlé í sumar. Þá hyggur hún á tónleikaferð um Evrópu, sem fjölmargir aðdáendur hennar bíða spenntir eftir.

Tilkynningin kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti því söngvarinn Mike Patton hefur margoft lýst því yfir að sveitin ætli aldrei að koma aftur saman. Mikil leynd hvílir yfir öllu saman því Patton hefur neitað að fara í viðtöl auk þess sem óvíst er hverjir verði með honum um borð.

Faith No More var stofnuð snemma á níunda áratugnum og starfaði til ársins 1998. Sveitin sló í gegn með laginu Epic sem kom út á plötunni The Real Thing árið 1989. Þar var rokki, rappi og fönki blandað saman á smekklegan hátt með þeim afleiðingum að fjöldi svokallaðra nu-metal hljómsveita braust fram á sjónarsviðið. Má þar nefna Limp Bizkit, Korn og Linkin Park.

The Real Thing seldist í bílförmum og í kjölfarið gaf sveitin út þrjár plötur til viðbótar áður en hún lagði upp laupana. Patton sneri sér að öðrum verkefnum og stofnaði meðal annars Fantomas sem hitaði upp fyrir Korn í Laugardalshöllinni. Einnig starfaði hann með Björk á plötunni Medúlla og stofnaði síðan útgáfufyrirtækið Ipecac Recordings sem gefur út plötur Mugison og Ghostigital í Bandaríkjunum.

MIKE PATTON Söngvarinn Mike Patton ætlar í tónleikaferð með Faith No More um Evrópu í sumar.

Landsins stærsta

Skósprengja

hefst í dag

SKECHERS LLOYD RBK ara PUMA

ecco PETER KAISER adidas

FULLT AF NÝJUM VÖRUM

Allt að **90%** afsláttur

Opnunartímar

Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Laugarvegi - Kringlunni Smáralind

Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Outlet

> SKÓSJÚK LEIKKONA

Keira Knightley hefur viðurkennt að hún sé veik fyrir skóm og kaupi sér jafnvel skó sem hún heillast af þó að þeir fáist ekki í hennar stærð. Leikkonan sagði nýlega að henni finnist vel skóaðir karlmenn aðlaðandi og að hún myndi aldrei fara á stefnumót með karlmanni í ljótum skóm. Keira segist laðast að mönnum sem eigi auðvelt með að tala, hafi góðan húmor og gangi í flottum skóm.

fólk

folk@frettabladid.is

Q bar fagnar tveggja ára afmæli

„Þegar við opnuðum Q bar giskuðum við á að hafa opið í eitt ár. Við tökum bara eitt ár í einu, en núna eru komin tvö svo nú stefnir maður bara í þriðja árið," segir Sveinn Einarsson, rekstrarstjóri Q bars, sem fagnar tveggja ára opnunarafmæli um helgina.

„Afmælið sjálft er á laugardaginn, en við ætlum að byrja á fimmtudagskvöldið með Andreu Jónsdóttur sem ætlar að spila frá klukkan 22. Á föstudaginn verðum við með fullt af skemmtilegum uppákomum allan daginn, en frá klukkan 20 verða ókeypis drykkir fyrir þá sem mæta snemma. Leifur og Leifur spila svo frá klukkan 22, en annar þeirra er plötusnúður og hinn spilar á básúnu með honum," útskýrir Sveinn sem verður klæddur sem breskur „butler" á föstudag og þjónar til borðs. „Á afmælisdaginn sjálfan spila svo Gísli Galdur, Yamaho plötusnúður og Addi trommari, en öll kvöldin ætlum við að bjóða upp á afmælisköku og aðrar fríar veigar fyrir þá fyrstu sem mæta. Veislunni lýkur svo á sunnudaginn á tuttugu ára afmæli bjórsins. Þá ætlum við að vera með bjór á tilboði og okkar helstu plötusnúðar koma og spila." bætir hann við.

ALLIR FÁ KÖKU Birgitta Ísfeld skemmtanastjóri og Sveinn Einarsson rekstrarstjóri Q-bar skipuleggja tveggja ára afmæli staðarins sem hefst á fimmtudagskvöld og lýkur á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðspurður segir hann kreppuna ekki hafa slæm áhrif á reksturinn. „Við virðumst vera að sækja í okkur veðrið ef eitthvað er því kúnnunum fjölgar og tekjurnar eru meiri, enda mjög fjölbreyttur skemmtistaður," segir Sveinn.

- ag

Orðið er laust

Mohawks og rapparinn Poetrix standa á næstu mánuðum fyrir miklu ljóða- og rappátaki fyrir ungt fólk. Það er kallað „Orðið á götunni" og fer í fyrsta skipti fram í kvöld kl. 20 í verslun Mohawks í Kringlunni. Poetrix og Dabbi T munu koma „brettinu á stað niður brekkuna" eins og það er kallað, en svo er orðið laust. Dómnefnd mun verðlauna tvö bestu atriði kvöldsins. Ætlunin er að halda áfram tvisvar í mánuði fram á sumar en þá verður átakinu slúttað með risavöxnum tónleikum þar sem aðalsigurvegarinn verður valinn. Samhliða kvöldunum kemur út ljóðabæklingur sem dreift verður í 10.000 eintökum. -drg

RAPPIÐ LIFIR Poetrix stendur fyrir Orðinu á götunni.

Músíktilraunir að hefjast

Skráning til þátttöku í Músíktilraunum hefst á morgun. Nú verða fjögur undanúrslitakvöld í Íslensku óperunni 27. til 30. mars en sjálft úrslitakvöldið fer fram í Hafnarhúsinu laugardagskvöldið 4. apríl. Keppnin er takmörkuð við fjörutíu hljómsveitir. Fagnefnd á vegum Hins hússins mun velja þau bönd sem standast inntökukröfu. Stúlkur eru eindregið hvattar til að taka þátt og sanna að „stelpur rokka". Kvennabönd hafa verið sjaldgæf í keppninni en oft gengið vel taki þær þátt, samanber sigur Dúkkulísna, Kolrössu krókríðandi og Mammút. Nánari upplýsingar eru á www.musiktilraunir.is. - drg

Botnlanginn veittur í kvöld

Kattaauglýsing Símans þar sem köttur sést gleypa mann er meðal þeirra auglýsinga sem tilnefndar eru sem sístu auglýsingar ársins 2008 á nýrri og vafasamri verðlaunahátíð í kvöld: Botnlanganum.

„Ætlunin er ekki að vera með neitt skítkast heldur benda á það sem betur hefði mátt fara," segir Stefán Gunnarsson markaðsmaður en hann ásamt Herði Harðarsyni markaðsmanni og fleirum standa að baki Botnlanganum, verðlaunahátíð þar sem sístu auglýsingar ársins fá viðurkenningu. Það er hefð fyrir því að daginn fyrir Óskarsverðlaunin séu háðungsverðlaunin Razzies veitt þeim kvikmyndum sem lélegastar þykja í Hollywood. Botnlanginn 2008 ber því upp daginn áður en Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlaunin, eru veitt á Hilton Reykjavík Nordica. „Jú, það má kannski segja að þetta sé hálfgerð gullkind, nema með faglegri áherslu," segir Stefán. „Þannig er 22 manna fagleg dómnefnd, sem í situr starfsfólk auglýsingastofa, framleiðendur, almannatengslar og fleiri, sem velur sístu sjónvarpsauglýsinguna, sístu herferðina og svo er flokkur sem kallast vörumerkjatæring ársins en þar verður það vörumerki valið sem hrapað hefur hvað mest í verðgildi á árinu," útskýrir Stefán.

Verðlaunin verða send verðlaunahöfum í pósti en tilkynnt verður um úrslit á visir.is og á Stöð 2. Þeir félagar Stefán og Hörður segja að fólki finnist alltaf gaman að tala um auglýsingar. „Fólk hefur alltaf gaman af því að spá og spekúlera í auglýsingum enda er þetta vinsælt sjónvarpsefni hjá ungum sem öldnum. Við vonumst til þess að þessi viðburður geti orðið auglýsingamönnum til gagns og leiðbeiningar frekar en að einhverjir taki þetta nærri sér," segir Stefán að lokum. juliam@frettabladid.is

VELJA VERSTU AUGLÝSINGAR ÁRSINS Hörður Harðarson og Stefán Gunnarsson standa að Botnlanganum þar sem sístu auglýsingar ársins eru verðlaunaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

TILNEFNDAR AUGLÝSINGAR

Versta auglýsingin:
KFC: Herdís Þorvaldsdóttir ráðleggur yngstu kynslóðinni um mataræðið
Merrildkaffi: Kristinn R. Ólafsson vill íslenskt kaffi
MS: „Viltu kíkja inn í Kókómjólk"
MS: Dalafeta í suðrænni útfærslu
Skeljungur: „Förum alla leið"
Pósturinn: Patrekur póstmaður (einnig sem versta herferðin)
Alþýðusamband Íslands: „Þekktu rétt þinn" (einnig sem versta herferðin)

Versta herferðin:
MS: Veiklulegt fólk efast um mjólk
Lottó: Eiginkona Lýðs
Húsasmiðjan: Húsi og Vala
Prentmet: Jón Gnarr leikur þjónustufulltrúa
Síminn: Nunnuauglýsing G3.

Oasis spilar á Hróarskeldu

Bresku rokkararnir í Oasis ætla að spila á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar. Hljómsveitin hefur verið hátt skrifuð á óskalista aðdáenda hátíðarinnar síðan hún hætti við að koma þar fram eftir slysið sem varð árið 2000 á tónleikum Pearl Jam. Þetta verður í fyrsta sinn sem Oasis spilar á Hróarskeldu síðan 1995.

Á meðal annarra hljómsveita sem koma fram á hátíðinni verða Coldplay, Slipknot, Madness, bandaríska hljómsveitin Down og Baddies frá Bretlandi sem spilar rokk í anda Queens of the Stone Age og þykir afar efnileg.

Vill Idol á hvíta tjaldið

Leikarinn Sir Anthony Hopkins er svo mikill aðdáandi raunveruleikaþáttarins American Idol að hann vill breyta honum í kvikmynd og fara sjálfur með hlutverk Simons Cowell.

Hopkins horfir á þáttinn með fjölskyldu sinni í hverri viku en hann ætlar ekki að láta sér það nægja. „Við erum American Idol-fíklar. Simon er uppáhaldið mitt því hann er svo rosalega hreinskilinn. Hann passar sig ekkert á pólitískri rétthugsun heldur segir hlutina bara eins og þeir eru," sagði hann. Randy Jackson, meðdómara Cowell í Idol, líst vel á hugmyndina um að gera kvikmynd. „Ég er mikill aðdáandi Anthony Hopkins. Stökkvum bara á þetta!"

HRESSIR Örn og Þorkell voru meðal nemenda á styrktartónleikunum í Versló, en allur ágóðinn rennur til mæðrastyrksnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Verslingar styrkja mæðrastyrksnefnd

„Við fórum af stað með styrktarverkefni í Afríku í sumar, en eftir efnahagshrunið ákváðum við að hafa verkefnin innanlands," segir Fríða Bryndís Jónsdóttir, formaður góðgerðarráðs Verslunarskóla Íslands. Ráðið stóð fyrir áheitaviku og styrktartónleikum á dögunum þar sem Sprengjuhöllin, Ultra mega technobandið Stefán, Mammút, Sing for me Sandra og Haffi Haff komu fram, en allur ágóðinn renur óskiptur til mæðrastyrksnefndar.

Í MIÐASÖLUNNI Snædís og Tanja sáu um miðasöluna á tónleikunum, en með aðgangseyri, veitingasölu, áheitum og frjálsum framlögum söfnuðust um 350.000 krónur.

STEMNING Sprengjuhöllin spilaði í bláa salnum við góðar undirtektir tónleikagesta.

„Tala fjölskyldna sem leita til nefndarinnar eftir mataraðstoð í hverri viku hefur farið úr 100 upp í 400 frá jólum. Mæðrastyrksnefnd er eingöngu rekin á styrkjum svo við ákváðum að leggja okkar af mörkum. Engin fyrirtæki styrktu tónleikana með beinum hætti svo þetta er allt frá nemendum komið, en með aðgangseyri, veitingasölu, áheitum og frjálsum framlögum söfnuðust um 350.000 krónur sem við afhendum mæðrastyrksnefnd eftir tvær vikur," segir Fríða Bryndís. **- ag**

Annað barn á leiðinni

Nicole Richie og kærastinn hennar, Joel Madden, eiga von á öðru barni. Rétt rúmt ár er liðin síðan þau eignuðust sitt fyrsta barn, dótturina Harlow Winter Kate Madden, en hún fæddist 11. janúar 2008.

Joel Madden, sem er í hljómsveitinni Good Charlotte, skrifaði á heimasíðu sveitarinnar að fjölskylda sín njóti mikillar blessunar, Harlow sé að verða stóra systir. Yfirskrift skilaboðanna var „betra en að vinna Óskarsverðlaun" og segist Madden ekki geta lýst ánægju sinni.

Nicole Richie hefur ekki tjáð sig um fregnirnar að svo stöddu, en hún sagði nýverið í viðtali að Harlow hafi gefið lífi sínu nýjan tilgang.

ÓLÉTT Nicole Richie og Joel Madden eiga von á öðru barni, en dóttir þeirra, Harlow, fæddist 11. janúar í fyrra.

KUÐUNGURINN 2008

Umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins

Úthlutunarnefnd á vegum umhverfisráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári, er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn fyrir árið 2008. Kuðungurinn er afhentur á degi umhverfisins 25. apríl.

Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni. Fyrirtæki og stofnanir geta hvort heldur sem er tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfisráðuneytinu eigi síðar en miðvikudaginn 25. mars n.k. merktar „Kuðungurinn", á póstfangið postur@umhverfisraduneyti.is eða með pósti í umhverfisráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík. Nánari upplýsingar á www.umhverfisraduneyti.is/kudungurinn.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

www.umhverfisraduneyti.is

Gorenje

ísskápur

A+ Orkunýtni

Gorenje ísskápur

RK60355DE

Ryðfrítt stál.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihófs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Bráðnunartími við straumrof: 18 klst.
Frystigeta: 4 kg/dag.
Mál (BxHxD): 180 x 60 x64 cm.

Tilboð 115.900

PIPAR • SÍA • 90265

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

Spilltur banki og verslunarfíkn

Þrjár kvikmyndir verða frumsýndar á morgun, þar á meðal njósnatryllirinn The International með Clive Owen og Naomi Watts í aðalhlutverkum.

Owen leikur fulltrúa Interpol sem rannsakar með aðstoð Watts spillt an banka sem tengist alþjóðlegu vopnasölubraski. Bankinn reynir hvað hann getur til að stöðva þau og fer eltingaleikurinn um víða veröld. Leikstjóri myndarinnar er Tom Tykwer sem vakti mikla athygli með Run Lola Run. The International, sem var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín á dögunum, fær 7,1 í einkunn á síðunni Imdb.com og 52% á Rottentomatoes.com.

THE INTERNATIONAL Njósnatryllirinn The International er frumsýndur á morgun.

Confessions of a Shopaholic fjallar um hina hressu Rebeccu Bloomwood sem finnst fátt skemmtilegra en að versla. Þegar hún fær vinnu hjá fjármálatímariti reynir hún að vinna bug á verslunarfíkninni til að eiga möguleika á starfi hjá tískutímariti sem er í eigu sama útgefanda. Myndin fær 5,8 hjá Imdb.com og 22% á Rottentomatoes.com. Með aðalhlutverkið fer Isla Fisher sem sló í gegn í Wedding Crashers.

Teiknimyndin Ævintýri Despereaux gerist í undirheimum myrks kastala. Myndin fjallar um þrjár ólíkar hetjur: Misheppnaða mús sem vill frekar lesa bækur en narta í þær, óhamingjusama rottu sem vill yfirgefa dýflissuna og þybbna þjónustustúlku. Örlög þeirra samtvinnast örlögum prinsessunnar í kastalanum. Einkunn: 6,1 á Imdb.com og 55% á Rottentomatoes.com.

Fjölskyldan styður Fresco

Þegar Agent Fresco tók á móti Íslensku tónlistarverðlaununum sem bjartasta vonin þökkuðu þeir foreldrum sínum innilega fyrir aðstoðina. Söngvarinn Arnór Dan Arnarson játar að hafa verið spurður mikið út í þessa hjartnæmu ræðu.

AGENT FRESCO Rokkararnir í Agent Fresco þökkuðu foreldrum sínum innilega á Íslensku tónlistarverðlaunahátíðinni á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það eru allir búnir að aðstoða okkur ógeðslega mikið," segir Arnór. „Pabbi hans Bogga (Jón Gunnar Borgþórsson), las tuttugu bækur um Myspace og Facebook og fleira og var með þær á einhverjum fundi. Það var ógeðslega fyndið og þá fattaði maður bara að það er frábær fjölskylda á bak við okkur sem er að styðja okkur og klára það sem er ekki skemmtilegasti hlutinn af tónlistarbransanum."

Faðir gítar- og hljómborðsleikarans Þórarins Guðnasonar, tónlistarmaðurinn Guðni Franzson, hefur einnig aðstoðað sveitina við að útvega tónleikahúsnæði og Guðjón, faðir Hrafnkels Arnar, trommuleikara, hefur sömuleiðis lagt sitt af mörkum. Faðir Arnórs, sem lést úr krabbameini 2006, á einnig sinn þátt í velgengninni því dauði hans setti stóran svip á textagerð söngvarans á EP-plötunni Lightbulb Universe sem kom út fyrir jól. „Ég náði loksins að koma út með textana sem ég var búinn að bíða með rosalega lengi," segir Arnór.

Hann segir sig aldrei hafa órað fyrir því að Agent Fresco myndi ná svona langt þegar hún var stofnuð, hvað þá á svona skömmum tíma. „Fyrir ári síðan hefði ég aldrei trúað því að ég myndi vera þarna," segir hann og á við Íslensku tónlistarverðlaunin. „Ég er sjálfur búinn að líta upp til Sigur Rósar og annarra og að fá hrós frá þeim var bara magnað."

Söngvarinn hefur undanfarna daga glímt við barkasýkingu en býst við að vera búinn að ná sér fyrir eins árs afmælistónleika sem verða haldnir á Kaffibarnum á laugardagskvöld.

„Vonandi verður þetta ekki of troðið. Annars spilum við bara aftur eftir viku," segir hann og hlær. Agent Fresco er byrjuð að semja lög á sína fyrstu breiðskífu. Sveitin stefnir á tónleikahald erlendis á árinu. **freyr@frettabladid.is**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 26. febrúar 2009

Söngleikir

20.00 Leikfélag Menntaskólans við Sund sýnir söngleik um galdrastákinn Harry Potter í Loftkastalanum við Seljaveg.

Sýningar

Í **Gallerí Tukt** eru til sýnis tillögur fyrir plakat Unglistar sem hannaðar eru af nemendum á fyrsta ári í grafískri hönnun við LHÍ. Opið alla virka daga frá kl. 9-17. Gallerí Tukt, Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-5.

Elísabet Stefánsdóttir hefur opnað sýningu í listasal íslenskrar grafíkur, Tryggvagötu 17, hafnarmegin. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

Ljósmyndasýningar

Fuglaverndarfélag Íslands sýnir í Norræna húsinu við Sturlugötu, ljósmyndir af bæði sjaldgæfum og algengum varpfuglum á Íslandi. Opið þri-sun frá kl. 12-17. Aðgangur ókeypis.

Í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu hefur verið opnuð sýning á ljósmyndum sem sýna börn við vinnu á sjó og á landi á árunum 1920-1950. Opið þri.-sun. kl. 11-17.

Tónlist

16.00 Tríó Sunnu Gunnlaugs verður með tónleika á Háskólatorgi við Sæmundargötu. Á efnisskránni verða íslensk þjóðlög í bland við frumsamið efni. Aðgangur ókeypis.

20.00 Hljómsveitin **We went to space** spila á Fimmtudagsforleik í Hinu Húsinu við Pósthússtræti 3-5, í kjallaranum, gengið inn Austurstrætismegin. Allir 16 ára og eldri velkomnir. Aðgangur ókeypis.

20.30 Magnús Þór Sigmundsson er gestur **Jóns Ólafssonar** í tónleikaröðinni „Af fingrum fram" í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Sérstakur gestur er Stefán Hilmarsson.

22.00 Hljómsveitin **Esja** heldur tónleika á **Jacobsen** við Austurstræti 9.

Fyrirlestrar

17.15 Sr. **Hjálmar Jónsson** flytur erindi í fyrirlestraröðinni „Húmor og fyndni" í Bókasafni Kópavogs við Hamraborg. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

20.00 Sigurður Einarsson, **Hafdís Helgadóttir** og **Ólöf Nordal** fjalla um Skálann, nýlega viðbygging við Alþingishúsið, í erindi sínu í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu.

föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun

Friðrika Geirsdóttir
Fæddist með svuntuna

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga

Gamalt og nýtt hvort úr sinni átt

Þær tvær plötur sem hér eru til umfjöllunar eiga nánast ekkert sameiginlegt nema að þær eru tiltölulega nýkomnar í verslanir. Don't Push The Rocks In My Face er fimmta plata einyrkjans 7oi. Á henni er að mestu ósungin tölvugerð raftónlist. Plata Pjeturs & Úlfanna hefur hins vegar að geyma endurútgáfu á tveimur fjögurra laga EP-plötum sveitarinnar frá 1978 og 1982, en sú fyrri, Plataðir, náði töluverðum vinsældum.

7oi er listamannsnafn Jóhanns Friðgeirs Jóhannssonar. Hann er búinn að vera að senda frá sér plötur síðan 2001 þegar 7oi síngur kom út. Eins og á fyrri plötunum er tónlistin öll gerð af Jóhanni sjálfum og eins og áður er þetta tilraunasækin raftónlist. Jóhanni hefur farið mikið fram og það er margt mjög vel gert á Don't Push The Rocks In My Face. Stór hluti plötunnar er sveimkenndur, hljóðheimurinn er sannfærandi og oft nær tónlistin tökum á manni. Mér finnst samt að Jóhann hefði mátt vera aðeins grimmari að skera niður. Platan er svolítið misjöfn að gæðum og stundum er verið að teygja lopann fullmikið. Það er samt vel hægt að mæla með henni og vonandi heldur 7oi áfram að senda frá sér plötur.

Pjetur & Úlfarnir var MH-sveit sem sló svo rækilega í gegn hjá skólafélögunum með laginu Stjáni saxófónn að þeim var boðið að gefa út plötu. Fjögurra laga EP-platan Plataðir kom út vorið 1978 og náði töluverðum vinsældum. Þetta eru hressileg 70's lituð popplög með ungæðingslegum textum. Píanóið drífur þau áfram og lögin eru skemmtilega ólík. Seinni platan kom út vorið 1982 þegar íslenska pönkið var í algleymingi. Hún hlaut ekki sömu vinsældir, en hljómar þokkalega í dag. Þetta er enn popp, en útsetningarnar og hljómurinn eru lituð af tíðarandanum. Það er gaman að fá þessar tvær plötur endurútgefnar. Þær staðfesta að þó að Pjetur & Úlfarnir hafi ekki verið mikilvæg sveit í sögunni þá voru þeir samt skrambi skemmtilegir.

Trausti Júlíusson

TÓNLIST

Don't Push The Rocks In My Face

7oi

★★★

Frískleg raftónlistarplata, en nokkuð misjöfn að gæðum.

TÓNLIST

1978 – 1982

Pjetur & Úlfarnir

★★★

Stjáni saxófónn og fleiri gamlir smellir aftur fáanlegir.

Britney æfir töfrabrögð

Britney Spears æfir nú stíft fyrir Circus-tónleikaferðalag sitt sem hefst í New Orleans 3. mars næstkomandi. Samkvæmt heimildum bandaríska tímaritsins People hefur hún ráðið sjónhverfingameistarann Ed Alonzo til að útfæra ýmiss konar töfrabrögð og sjónhverfingar á sviðinu.

Ed Alonzo segir að í einu laginu á tónleikunum verði látið líta út fyrir að Britney sé söguð í tvennt og hverfi svo og birtist óvænt annars staðar á sviðinu. Alonzo segir þessi klassísku töfrabrögð aðeins vera brot af því sem bíður tónleikagesta og Britney sé komin í hörkuform fyrir ferðalagið.

TÖFRAR OG SJÓNHVERFINGAR

Britney Spears hefur ráðið sjónhverfingameistarann Ed Alonzo til að útfæra ýmiss konar töfrabrögð á sviðinu á tónleikaferðalagi sínu.

Síðbúnir útgáfutónleikar

Hljómsveitin Skakkamanage heldur loks tónleika til að fagna útgáfu á nýjustu hljómplötu sinni All Over The Face, sem kom út seint á síðasta ári. Tónleikarnir verða á Grand Rokk á föstudagskvöld.

Um eitt allsherjar skemmtikvöld af stærri gerðinni er að ræða því fjöldi annálaðra skemmtikrafta mun troða upp á undan Skakkamanage. Goddur tryllir lýðinn með öskrandi rafmagnsgítarleik og með honum leikur hinn goðsagnakenndi Ringo Starr á trommur. Skemmtikraftarnir Hugleikur Dagsson og Friðrik Sólnes stíga fram með sjóðheit gamanmál sem fær mestu fýlupúka til að pissa í sig. Þá mun hljómsveitin A-Hansens stíga á svið og votta Skakkamanage virðingu sína. Í A-Hansens eru foreldrar Arnar Inga, bassaleikara Skakkamanage, auk bróður hans, litlu systur og kærustu, Hildar í Amiinu. Örn sjálfur er svo „svona skólastjórinn í bandinu, samanber myndina School of Rock. Kennir þeim að fara út úr líkamanum í rokkleiðslu," segir Svavar, aðalsprauta Skakkamanage. Hann lofar geðveiku fjöri. Það hefst kl. 22.

ALLTAF Í STUÐI Útgáfutónleikar Skakkamanage eru annað kvöld.

- drg

Fjöldi glæsilegra gistivalkosta í boði!
– nánar á www.heimsferdir.is

frá 79.950 — Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku á Minerva Jupiter Apartments, 21. og 28. maí, 18. og 25. júní, 27. ágúst, 3., 10. og 17. september.

– með hálfu fæði frá 89.950 — Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Los Palomas í viku með hálfu fæði, 21. og 28. maí.

– með allt innifalið frá 97.670 — Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Roc Flamingo í viku með allt innifalið, 21. og 28. maí.

Glæsileg páskaferð - 10 nætur frá kr. 89.950
Mjög takmarkaður sætafjöldi í boði um páskana!
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 10 nætur á Minerva Jupiter Apartments, 4. apríl.

Frábær vorferð - 18 nætur frá kr. 92.690
Frábærir gististaðir í boði á einstökum kjörum!
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 18 nætur á Aguamarina, 3. maí. Netverð á mann í tvíbýli með morgunverð á Hotel Los Arcos kr. 107.000. Aukagjald fyrir hálft fæði kr. 12.800.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
*) Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í viku. Sólarsællistilboð á völdum brottförum til viðkomandi áfangastaðar.
EINKENNI / SÍA • HM060660

Ferðaskrifstofa Ferðamálastofu
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Veldu traustan ferðafélaga í sumar!
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: BÍÓ BÍÓ EXTRA EXTRA

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> KR náði þriðja sætinu

KR vann í gær sigur á Hamri, 62-48, og tryggði sér þar með þriðja sæti A-riðils Iceland Express deildar kvenna en deildakeppninni lauk í gær með heilli umferð í bæði A- og B-riðlum. KR mætir því Grindavík í fyrstu umferð úrslitakeppninnar en Hamar þarf að kljást við Valsmenn. Haukar og Keflavík voru búin að tryggja sér efstu tvö sætin í A-riðli og fara því beint inn í undanúrslitin þar sem þeirra bíða sigurvegarar hinna leikjanna tveggja. Keflavík vann í gær stórsigur á deildarmeisturum Hauka á heimavelli, 71-50, í leik sem hafði þó litla þýðingu.

sport
sport@frettabladid.is

ERNA BJÖRK SIGURÐARDÓTTIR: KOMIN AFTUR Í A-LANDSLIÐIÐ Í FÓTBOLTA EFTIR ÞRIÐJU KROSSBANDASLITIN

Gat ekki hætt á svona spennandi tímum

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu tilkynnti í gær 20 manna hóp sem er á leiðinni til Portúgals til að taka þátt í Algarve-bikarnum. Sigurður valdi þær Ernu Björk Sigurðardóttur og Guðnýju Björk Óðinsdóttur að nýju inn í landsliðið en þær eru báðar að koma til baka eftir krossbandaslit. Erna Björk var að slíta krossbönd í þriðja sinn og nú á hægri eftir að hafa slitið á vinstri fæti í tvö fyrri skiptin.

„Ég var mjög glöð þegar þegar ég frétti að þessu. Ég var búin að stefna að þessu og búin að leggja hart að mér síðustu þrjá mánuði," segir Erna en hún var síðast með landsliðinu á Algarve fyrir tveimur árum og var þá í byrjunarliðinu í þremur síðustu leikjunum. „Maður var að vinna sig inn í landsliðið og þá var svo leiðinlegt að slíta," sagði Erna sem sleit krossböndin skömmu eftir að hún kom heim frá Portúgal vorið 2007.

Erna segist hafa undirbúið sig fyrir að komast ekki í landsliðið núna. „Það eru svo margar góðar fyrir utan hópinn núna og margar sem voru að standa sig vel á landsliðsæfingum um helgina þannig að maður var alls ekki viss um að komast í hópinn. Við stelpurnar í Breiðabliki erum að æfa mikið aukalega og það hefur alveg örugglega hjálpað til," segir Erna sem segir landsliðið hafa hvatt hana til að koma til baka.

„Ég hafði alltaf sagt að ef ég myndi slíta einu sinn enn þá væri ég hætt. Svo var ég búin að sjá að það væru svo spennandi tímar framundan hjá landsliðinu að ég gæti ekki hætt því þá hefði ég alltaf séð eftir því. Ég er komin aftur í hópinn og það er flott. Ég hætti pottþétt ef ég slít aftur," segir Erna. „Nú er ég ekkert að hugsa um þetta heldur stefni að því að halda mér í landsliðinu. Maður getur alltaf bætt sig meira og ég held að ég sé ekki alveg komin þangað sem ég var," segir Erna. Hún segist hafa sett stefnuna á að komast á EM í Finnlandi en veit að margt getur breyst þangað til. „Það þýðir ekki neitt fyrir sumarið að vera komin í þennan hóp. Það eiga örugglega aðrar stelpur eftir að standa sig vel í sumar," segir Erna að lokum.

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu:

Real Madrid-Liverpool	**0-1**
0-1 Yossi Benayoun (82.).	
Chelsea-Juventus	**1-0**
1-0 Didier Drogba (12.).	
Sporting-Bayern	**0-5**
0-1 Franck Ribery (42.), 0-2, Miroslav Klose (57.), 0-3 Ribery, víti (63.), 0-3 Toni (84.), 0-5 Toni (90.)	
Villarreal-Panathinaikos	**1-1**
0-1 G. Karagounis (59.), 1-1 Giuseppi Rossi (67.).	

Enska bikarkeppnin:

Middlesbrough - West Ham	**2-0**
1-0 Stewart Downing (5.), 2-0 Sanli Tuncay (20.). Middlesbrough mætir Everton í 8-liða úrslitum.	

N1-deild karla:

Haukar-Víkingur	**31-26**
Mörk Hauka: Sigurbergur Sveinsson 10, Kári Kristján Kristjánsson 7, Arnar Jón Agnarsson 5, Elías Már Halldórsson 4, Tjörvi Þorgeirsson 1, Freyr Brynjarsson 1, Andri Stefan 1, Stefán Rafn Sigurmannsson 1, Einar Örn Jónsson 1. Mörk Víkings: Davíð Georgsson 7, Sveinn Þorgeirsson 7, Sverrir Hermannsson 3, Hreiðar Haraldsson 3, Hjálmar Þór arnarson 2, Þröstur Þráinsson 2, Brynjar Loftsson 1, Óttar Pétursson 1.	

IE-deild kvenna (A):

KR-Hamar	**62-48**
Stig KR: Sigrún Ámundadóttir 13, Margrét Kara Sturlud. 12, Helga Einarsd. 11, Guðrún Þorsteinsd. 8, Hildur Sigurðard. 8, Gréta Guðbrandsd. 6, Heiðrún Kristmundsd. 2, Guðrún Ámundard. 2. Stig Hamars: LaKiste Barkus 15, Julia Demirer 10, Fanney Guðmundsd. 6, Jóhanna Sveinsd. 5, Sóley Guðgeirsd.3, Dúfa Ásbjörnsd.3, Hafrún Hálfdánardóttir 1.	
Keflavík-Haukar	**71-50**
Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsd.18, Pálína Gunnlaugsd. 13, Bryndís Guðmundsd. 10, Hrönn Þorgrímsd.10, Halldóra Andrésd.8, Rannveig Randversd. 4, Svava Ósk Stefánsd. 3, Bára Bragad. 2, Lóa Másd. 1. Stig Hauka: Monika Knight 11, Helena Hólm 10, Guðbjörg Sverrisd. 9, María Sigurðard. 6, Kristrún Sigurjónsd. 6, Telma Fjalarsd. 4, Bryndís Hreinsd. 2, Heiðrún Hauksd. 1, Sara Pálmad. 1.	

IE-deild kvenna (B):

Fjölnir-Snæfell	**47-75**
Grindavík-Valur	**59-79**

Meistaradeildin í handb.:

Kiel-GOG	**37-29**
Ásgeir Hallgrímsson skoraði tvö mörk fyrir GOG.	

Nýting íslenska rjúpnastofnsins

Málstofa á vegum Skotveiðifélags Íslands verður haldin laugardaginn 28. febrúar 2009 kl. 14:00 á Fosshótel Lind, Rauðarárstíg 18.

Dagskrá

Rjúpnarannsóknir á Íslandi
Dr. Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur
Náttúrufræðistofnun Íslands

Um sníkjudýr rjúpunnar
Karl Skírnisson, dýrafræðingur
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, Keldum

Rjúpnaveiðar á Íslandi, lesið í veiðiskýrslur
Bjarni Pálsson, deildarstjóri
Svið náttúruauðlinda, Umhverfisstofnun

Veiðiráðgjöf Náttúrufræðistofnunnar
Dr. Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur
Náttúrufræðistofnun Íslands

Stofnlíkan fyrir rjúpu
Gunnar Stefánsson, prófessor við Háskóla Íslands

Veðrið á veiðitíma rjúpunnar
Árni Sigurðsson, veðurfræðingur, Veðurstofu Íslands

Um veiðitíma á rjúpu
Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands

Þeir sem hyggjast sækja málstofuna eru vinsamlegast beðnir að tilkynna þátttöku á tölvupósti: skotvis@skotvis.is
Fundarstjóri: Elvar Árni Lund

SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
www.skotvis.is

SIGURMARKIÐ Yossi Benayoun skallar hér að marki Real Madrid og tryggir Liverpool sigurinn. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

Benayoun hetja Liverpool

Yossi Benayoun var hetja Liverpool er hann tryggði sínum mönnum 1-0 sigur á Real Madrid á útivelli í gær. Chelsea vann einnig 1-0 sigur á Juventus á Brúnni en alls fóru fjórir leikir fram í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.

FÓTBOLTI Ensku liðin Liverpool og Chelsea standa vel að vígi fyrir síðari viðureignir sínar í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Bæði lið unnu 1-0 sigra á sterkum andstæðingum sínum.

Þá vann Bayern München 5-0 stórsigur á Sporting Lissabon og það í Portúgal. Panathinaikos gerði einnig góða ferð til Spánar þar sem liðið náði 1-1 jafntefli gegn Villarreal.

Steven Gerrard var ekki í byrjunarliði Liverpool í gær en hann er að jafna sig á meiðslum. Þar að auki var hann veikur í gær en lék þó síðustu mínúturnar í leiknum.

Fyrri hálfleikur var fjörlegri en sá síðari þó svo að mörkin hafi látið standa á sér. Heimamenn byrjuðu betur en Liverpool fékk betri færi. Iker Casillas var vel á verði gegn þeim Fernando Torres og Benayoun sem fengu báðir ágæt færi.

Real Madrid skoraði svo mark sem var dæmt af vegna rangstöðu en þar var Gonzalo Higuain á ferðinni.

Arjen Robben þekkir Liverpool vel frá sinni tíð hjá Chelsea en hann átti eitt hættulegasta færi Real Madrid er hann þrumaði knettinum að marki á 71. mínútu en Pepe Reina sá við honum.

Madrídingar náðu annars lítið að ógna í leiknum og gerðu sig seka um slæma varnarvinnu er Liverpool skoraði markið. Fyrst fékk Gabriel Heinze á sig aukaspyrnu á hættulegum stað er hann handlék knöttinn en úr henni kom markið. Fabio Aurelio tók aukaspyrnuna sem rataði beint á Benayoun sem skoraði með kröftugum skalla, einn og óvaldaður í teignum.

Didier Drogba var hetja Chelsea gegn Juventus en eina mark þess leiks kom strax á 12. mínútu. Hann fékk sendingu frá Salomon Kalou á vítateigslínunni, náði að snúa af sér rangstöðugildru Ítalanna og skora með ágætu skoti.

Bæði lið fengu ágæt færi eftir þetta og komst til að mynda Pavel Nedved nálægt því að jafna í blálokin er skot hans breytti um stefnu á varnarmanninum Alex og fór hárfínt framhjá marki Chelsea.

Bayern München setti met í gær þegar liðið skoraði í sínum fjórtánda útileik í röð í Evrópukeppnum. Óhætt er að Bæjarar hafi gert það með stæl þar sem þeir skoruðu fimm sinnum í mark lánlausra heimamanna í Sporting Lissabon.

eirikur@frettabladid.is

DROGBA FAGNAR Didier Drogba hefur oft reynst Chelsea dýrmætur í stóru leikjunum og það var tilfellið í gær.
NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

Baldur Sigurðsson fundaði með KR og FH í gær og hittir Valsmenn í dag:

Verður ekki auðvelt að velja félag

FÓTBOLTI Miðjumaðurinn Baldur Sigurðsson staðfesti við Fréttablaðið í dag að hann myndi ganga í raðir KR, FH eða Vals á næstu dögum. Baldur fundaði með KR og FH í gær og mun líklega hitta Valsmenn að máli í dag. Það verður því ekkert af því að hann gangi í raðir síns gamla félags, Keflavíkur.

„Ég er að velta þessu fyrir mér og meta þetta, Báðir fundirnir gengu vel og báðir klúbbar eru mjög fínir. Það verður erfitt að taka ákvörðun sem er samt bara mjög gaman. Það er betra að hafa skemmtilega kosti en enga," sagði Baldur og bætti við að aðeins hefði verið rætt um fótbolta á fundinum en ekkert um peninga.

„Ég geri ráð fyrir að hugsa þetta vel um helgina og ákveða mig á mánudaginn nema eitthvað óvænt komi upp á. Ég hallast ekkert meira að öðru hvoru félaginu enda báðir kostir mjög góðir. Þetta verður ekki auðvelt val," sagði Baldur.

Hann mun væntanlega semja á þeim forsendum að komi tilboð erlendis frá fyrir ákveðinn tíma geti hann tekið slíku tilboði. Hann er með að minnsta kosti eitt járn í eldinum sem eitthvað gæti orðið úr.

„Eins og staðan er í dag mun ég spila heima en maður veit aldrei hvað gerist. Mér standa til boða valkostir heima núna og maður skoðar bara það sem er í boði," sagði Baldur. - hbg

EFTIRSÓTTUR Það er hart slegist um Mývetningsinn sterka þessa dagana.
FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

www.ellingsen.is
DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN
DIDRIKSONS-
DAGAR
26. feb.–3. mars
Það er allri fjölskyldunni hlýtt í vetrarfatnaði frá Didriksons. Hann er sérhannaður með það fyrir augum að hvorki kuldi né bleyta komist að. Frábær vatnsvörn, límdir saumar og góð öndun. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup!
20–50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DIDRIKSONS VÖRUM
Reykjavík • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16 • Akureyri • Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16
TBWAREYKJAVIK - SÍA
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

> Simon Baker

„Ef þú ert ekki stoltur af því sem þú gerir þá gerðu eitthvað annað.“ Baker fer með hlutverk Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu í þættinum The Mentalist sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON ER ÁNÆGÐUR MEÐ RYAN SEACREST

Fagmennska í miðjum fjölmiðlasirkus

Ryan Seacrest heldur sem fyrr vel um stjórnartaumana í American Idol-þáttunum sem eru nú sýndir í áttunda sinn. Enda er hann orðinn þaulvanur og fer létt með að hoppa á milli hinna ýmsu tegunda tilfinningaskalans. Skiptir þar engu hvort keppendur eru bálreiðir, stórundarlegir, vonbrigðin uppmáluð eða að springa úr gleði. Alltaf er hann mættur, til í tuskið.

Vandræðaleg stemningin í „græna“ herberginu, þar sem keppendurnir bíða eftir að stíga á svið, er honum heldur ekki ofviða. Þangað er foreldrum þátttakendanna troðið í von um að gera andrúmsloftið hlýlegra og fjölskylduvænna. Seacrest talar við foreldrana á sama tíma og krakkarnir stíga inn í herbergið (eins fáránlega og það hljómar) og þrátt fyrir að allt fyrirkomulagið sé hið klaufalegasta tekst Seacrest að gera gott úr öllu. Ég efast þó um að þessi háttur verði hafður á í næstu þáttaröð.

Seacrest var einnig fagmennskan uppmáluð á rauða dreglinum fyrir Óskarsverðlaunin þar sem hann tók viðtöl við stjörnurnar. Tókst honum iðulega að vera vingjarnlegur, kurteis en á sama tíma auðmjúkur gagnvart stjörnunum, sem er nauðsynlegur hluti af starfinu. Þekking hans á leikurunum og störfum þeirra var fín og lét hann aðra um að tjá sig um hvaða kjólar báru af og hvaða tískustraumar væru mest áberandi. Einhverjir forðuðust hann reyndar á rauða dreglinum, þar á meðal Angelina Jolie og Brad Pitt. Kannski orðin leið á ágengum fjölmiðlamönnum sem spyrja um „einskis verða“ hluti. Hvort sem þeim líkar betur eða verr er Seacrest þar fremstur meðal jafningja og verður það væntanlega um ókomin ár.

AMERICAN IDOL Ryan Seacrest og félagar í raunveruleikaþættinum vinsæla American Idol.

FIMMTUDAGUR

▶ **20.00 Match Point** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **21.00 Skins** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.00 Flashpoint** SKJÁREINN



▶ **21.15 Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.20 Twenty Four** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.35 Erfiðir tímar (e)
15.50 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Finnur finnur upp (2:3) (e)
18.00 Stundin okkar (e)
18.25 Meistaradeildin í hestaíþróttum Umsjónarmenn eru Brynja Þorgeirsdóttir og Unnur Birna Vilhjálmsdóttir.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.20 Eli Stone (10:13) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge og Loretta Devine.
21.05 Þegar á reynir Fræðsluefni frá Rauða krossi Íslands.
▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Aðalhlutverk: leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan.
22.00 Tíufréttir
22.20 Bílfélagar (Carpoolers) (10:13) Bandarísk gamanþáttaröð um félaga sem eru samferða í vinnuna, úr úthverfi og inn í borg og skrafa saman um lífið og tilveruna á leiðinni. Aðalhlutverk: Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller, Jerry O'Connell, Allison Munn, Jerry Minor og Tim Peper.
22.45 Sommer (Sommer) (12:20) (e)
23.45 Kastljós (e)
00.25 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Beauty Shop
10.00 Shrek
12.00 The Californians
14.00 Beauty Shop
16.00 Shrek
18.00 The Californians
▶**20.00 Match Point** Mynd frá Woody Allen með Jonathan Rhys-Meyers og Scarlett Johannsson í aðalhlutverkum.
22.00 Hot Fuzz
00.00 Michel Vailant
02.00 The Machinist
04.00 Hot Fuzz
06.00 Charlie's Angels

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór, Krakkarnir í næsta húsi.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.35 La Fea Más Bella (261:300)
10.20 Tim Gunn's Guide to Style (2:8)
11.15 Ghost Whisperer (41:44)
12.00 Men in Trees (7:19)
12.45 Nágrannar
13.10 Wings of Love (14:120)
13.55 Wings of Love (15:120)
14.45 Ally McBeal (14:24)
15.35 Sabrina - Unglingsnornin
15.58 Háheimar
16.23 Smá skrítnir foreldrar
16.48 Hlaupin
16.58 Doddi litli og Eyrnastór
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (4:23)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.10 Markaðurinn með Birni Inga
19.40 The Simpsons (17:22) Barney hættir að drekka sem veldur ósætti milli hans og Hómers og Bart og Lísa reyna að taka góða forsíðumynd fyrir nýja símaskrá Springfield.
20.05 Sannleikurinn um Pétur Jóhann
20.35 The Mentalist (3:22) Patrick Jane á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflað sér frægðar sem sjónvarpsmiðill.
▶**21.20 Twenty Four** (5:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
22.05 From Russia with Love
00.00 Réttur (6:6)
00.50 Mad Men (10:13)
01.35 White Palace
03.15 Big Momma's House 2
04.50 The Simpsons (17:22)
05.15 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.
07.30 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk
08.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk
08.30 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk
17.35 Champions Tour 2009 Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
18.00 Meistaradeild Evrópu. Meistaradeildin Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
19.40 Evrópukeppni félagsliða. Fótbolti 2008/2009 Bein útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
21.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk
22.10 NBA tilþrif Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
22.40 Evrópukeppni félagsliða. Fótbolti 2008/2009 Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
00.20 PGA Tour 2009 Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 Fulham - WBA Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.20 Bolton - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 Premier League Review 2008 Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.
20.00 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
20.30 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
21.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
22.40 Coca Cola mörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
23.10 Middlesbrough - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
10.45 Árshátíðarmyndband Kvennó
11.15 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
18.30 Are You Smarter Than a 5th Grader? (27:27) (e)
19.20 Game Tíví (4:8) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.00 Rules of Engagement (9:15) Bandarísk gamansería um vinahóp sem samanstendur af hjónum, trúlofuðu pari og kvensömum piparsveini. Mamma Adams kemur í heimsókn og Jennifer kemst að því að tilvonandi tengdamóðir hennar er með ýmsar óvenjulegar venjur.
20.30 The Office (7:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Jan er dýr í rekstri og Michael hefur áhyggjur af fjárhag sínum. Hann fær sér aðra vinnu á kvöldin. Turtildúfurnar Pam og Jim prufa sveitagistingu á bóndabæ Schrute-fjölskyldunnar þar sem Dwight Schrute ræður ríkjum.
▶**21.00 Flashpoint** (7:13) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Sérsveitin leitar að ungum manni á flótta eftir uppgjör við ofbeldisfullan föður.
21.50 Law & Order (21:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Klámstjarna er myrt og málið vekur mikla athygli. Fontana fær nýjan félaga.
22.40 Jay Leno
23.30 Britain's Next Top Model (7:10)
00.20 Vörutorg
01.20 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Ef SJÓNVARPSDAGSKRÁIN ER AÐ SVEKKJA ÞIG skaltu fá þér GÓÐA BÓK

KLASSÍSKI KILJUKLÚBBURINN ER GULLKISTA BÓKAUNNENDA

FORLAGIÐ

TVÆR KLASSÍSKAR KILJUR kr. 695

– við skráningu í Klassíska kiljuklúbbinn á www.forlagid.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Sannleikurinn um Pétur Jóhann

Þáttur um tilurð sýningar Péturs Jóhanns Sigfússonar, Sannleikans, sem nú er sýnd fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu. Pétur Jóhann hefur notið vinsælda sem uppistandari og leikari í sjónvarpi og kvikmyndum. Hann setur leikverkið upp í samstarfi við leikstjórann Stefán Jónsson og handritshöfundinn Sigurjón Kjartansson. Þar fer hann um víðan völl í uppljóstrun sinni um lífsins sannleika og kemur með svör við spurningum eins og: Er dagurinn styttri hjá hundum? Af hverju eru fjögur hólf fyrir þvottaefni? Láta peningar jörðina snúast? Hvernig fara þeir að því? Og á ég eftir að endurholdgast sem skítafluga?



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

HH, NÝTT
INN kl. 21.00

Edda Sigfúsdóttir og Sindri Rafn Þrastarson fjalla um það helsta í ungmennamenningunni í dag. Á meðal dagskrárliða má t.d. nefna formannaflippið, mötuneytisgagnrýni framhaldsskólanna og jafningjafræðsluna. Þátturinn er í samstarfi við Hitt húsið og verður einnig sýndur á heimasíðu þeirra, www.hitthusid.is.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Auðlindin
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Andrarímur
15.03 Útvarpssagan: Í frostinu
15.30 Gullmolar úr hljóðritasafninu
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir
19.00 Úr gullkistunni
19.27 Tónlistarkvöld Útvarpsins: Myrkir músíkdagar
21.20 Eftirminnilegt sumar
22.07 Veðurfregnir
22.12 Lestur Passíusálma
22.18 Útvarpsperlur: Furðusögur úr leikhúsheiminum
23.10 Tónleikur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (133:260)
16.30 Hollyoaks (134:260)
17.00 Seinfeld (16:24)
17.30 Lucky Louie (6:13)
18.00 Skins (1:9)
19.00 Hollyoaks (133:260)
19.30 Hollyoaks (134:260)
20.00 Seinfeld (16:24) Elaine kemst að því að nýjasti kærastinn hennar er ofurtrúaður og Jerry grunar síðustu kærustuna sína um græsku.
20.30 Lucky Louie (6:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
▶**21.00 Skins** (1:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
22.00 Gossip Girl (4:25) Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi. Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartí.
22.45 Grey's Anatomy (14:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf lagleg yfirhalningu til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.
23.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Á fimmtudegi eru menn á öndverðum meiði um stjórnmálin.
21.00 HH Nýr menninga- og tómstundaþáttur fyrir ungt fólk í umsjá Hins hússins.
21.30 Maturinn og lífið Gestgjafi þáttarins er Fritz Már Jörgensson rithöfundur. Þema þáttarins er maturinn og lífið.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

12.05 Aftenshowet med Vejret **12.30** I fremmed fængsel **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.40** S, P eller K **14.50** Boogie Update **15.20** S, P eller K **15.30** Mille **16.00** Den amerikanske drage **16.25** F for Får **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Min italienske drøm **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Den sidste actionhelt **23.05** Sugar Rush **23.30** Naruto Uncut **23.55** Boogie Mix

NRK 1

13.15 VM på ski **14.00** NRK nyheter **14.05** VM på ski **15.30** VM på ski **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Sørens ønskestøvler **17.05** Fritt fram **17.35** Suppeopera **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tater - og stolt av det **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** VM-kveld **21.00** Life on Mars **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Med kniven som medisin **23.35** Mesternes mester **00.30** Kulturnytt

SVT 1

13.00 På spåret **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Skidor **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** På liv och död **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Diplomaterna **23.30** Öga mot öga **00.00** Sändningar från SVT24

MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér svart kaffi og iðulega fæ ég mér ristað brauð með osti og sultu. Þegar ég hef tíma geri ég ferskan safa í safapressu.“

Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikkona.

Sveppi og pólfarinn klífa Hvannadalshnjúk

„Haraldur Örn er leiðangursstjóri. Lagt verður af stað 1. maí á toppinn,“ segir Már Másson, uppýsingafulltrúi Íslandsbanka.

Íslandsbankafólk stefnir nú að því að klífa hæsta tind landsins, Hvannadalshnjúk, sem er 2.110 metrar á hæð yfir sjávarmáli. Hópurinn verður í góðum höndum því fyrir hópnum fer einhver mesti fjallagarpur Íslands, Haraldur Örn Ólafsson pólfari. Reyndar þarf bankinn ekki að leita langt yfir skammt því Haraldur Örn er starfsmaður bankans og starfar í lögfræðideild. Gert er ráð fyrir því að gangan taki um 12 til 15 tíma þannig að þetta er enginn barnaleikur – hækkunin er tvo þúsund metrar. En þetta vex bankamönnum ekki í augum því 70 til 80 manns hafa skráð sig í ferðina miklu.

Fréttablaðið hefur fyrir því heimildir að Sveppi, skemmtikrafturinn góðkunni, verði með í för. Aðspurður hvers vegna bankinn sé að drösla honum sérstaklega á tindinn segir Már það svo að hann sé maki eins starfsmannsins. „Ég geri fastlega ráð fyrir því að hann fylgi sinni spúsu á toppinn. En klukkan fjögur að morgni verður lagt af stað,“ segir Már.

Sveppi er þekktur fyrir ýmislegt en háskalegar fjallgöngur eru ekki eitt af því. Aðspurður hvort þetta sé ekki óðs manns æði og hvort hann treysti sér á tindinn segir skemmtikrafturinn fjallbrattur og þenur út kassann: „Það verður bara að koma í ljós.“

- jbg

SVEPPI Frægur fyrir flest annað en fjallgöngur.

HARALDUR PÓLFARI Mun leiða hóp bankafólks á tind Hvannadalshnjúks – 2.110 metra yfir sjávarmáli.



LÁRÉTT
2. lappi, **6.** í röð, **8.** mál, **9.** stefna, **11.** 950, **12.** heimting, **14.** úðadæla, **16.** berist til, **17.** löng, **18.** for, **20.** rykkorn, **21.** krukka.

LÓÐRÉTT
1. fituskán, **3.** bardagi, **4.** mýrakalda, **5.** angan, **7.** fugl, **10.** skítur, **13.** framkoma, **15.** innyfla, **16.** hryggur, **19.** ullarflóki.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. samí, **6.** rs, **8.** tal, **9.** átt, **11.** lm, **12.** krafa, **14.** úðari, **16.** bt, **17.** síð, **18.** aur, **20.** ar, **21.** krús.

LÓÐRÉTT: 1. brák, **3.** at, **4.** malaría, **5.** ilm, **7.** strútur, **10.** tað, **13.** fas, **15.** iðra, **16.** bak, **19.** rú.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Svía.
2. Darren Fletcher.
3. Dikta.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

INGÓLFUR JÚLÍUSSON: TEKUR ÞÁTT Í NÝSTÁRLEGUM SJÓNVARPSÞÆTTI

BANDARÍKIN MEÐ AUGUM ÍSLENSKS LJÓSMYNDARA

„Þetta verður rosa spennandi verkefni af því að við ætlum að skoða Bandaríkin eins og enginn hefur séð þau áður,“ segir Ingólfur Júlíusson ljósmyndari.

Hann verður þátttakandi í nýjum ferðaþætti sem verður tekinn upp í Bandaríkjunum á næstunni. Um einn prufuþátt verður að ræða þar sem Ingólfur og tveir þáttastjórnendur skoða landið frá nýstárlegu sjónarhorni.

Ingólfur kynntist öðrum þáttastjórnandanum, Seanie Blue, á Íslandi. „Við urðum góðir vinir og svo bauð hann mér þetta. Ég hef aldrei komið til Bandaríkjanna og ég held að honum hafi fundist skrítið að mig hafi aldrei langað þangað og fannst að ég gæti ekki haft neina skoðun á landinu án þess að skoða það dálítið vel.“ Í þættinum mun Ingólfur tjá sig um það sem fyrir augu ber ásamt Seanie og samstarfskonu hans, Sandie Black. Einnig ætlar hann að festa mannlífið á filmu með myndavél sinni.

Seanie og Sandie hafa vakið mikla athygli fyrir þætti sína á netstöðinni BadTV sem átta milljónir manna hafa séð og vonast þau til að prufuþátturinn fái það mikla athygli að hann verði keyptur til stórra sjónvarpsstöðva. Fari svo verða fleiri þættir gerðir og þeir sýndir um gjörvöll Bandaríkin og hugsanlega víðar. Í þeim myndi Ingólfur og föruneyti ferðast um fleiri ríki Bandaríkjanna og einnig út fyrir landsteinana.

Ingólfur flýgur vestur um haf 19. mars og verður þar í um þrjár vikur. Ferðast hann frá New York til Hollywood í gegnum miðríki Bandaríkjanna með þeim Seanie og Sandie og skoðar mannlífið með augum hins íslenska víkings. Tekið verður hús á íslenska kántríkappanum Gis í Nashville, heimkynni Elvis Presley, Graceland, verða skoðuð, litið verður til Las Vegas og handritshöfundur kvikmyndarinnar Monster´s Ball verður heimsóttur.

Ingólfur er með fleiri járn í eldinum því hann tekur í næsta mánuði þátt í listasýningu í Miami ásamt kollegum sínum, Einari Jónssyni og Jakobi Fannari Sigurðssyni, og myndlistarmönnunum Tómasi Ponzi og Raffaellu Sigurðardóttur. Þar mun Ingólfur sýna hluta af þeim myndum sem hann tók af mótmælunum á Íslandi fyrir Reuters-fréttastofuna sem hafa birst víða um heim að undanförnu, meðal annars í New York Times, Stern og Aftenposten. Mynd hans af Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra að stíga upp í gamla Volvo-bílinn sinn var valin ein af 24 myndum mánaðarins á Reuters-vefnum, sem er vitaskuld mikill heiður fyrir þennan færa ljósmyndara. „Það kitlar mig að fá faglega viðurkenningu,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is

ÍSLENSKUR VÍKINGUR SKOÐAR BANDARÍKIN Ingólfur Júlíusson tekur þátt í nýjum ferðaþætti þar sem brugðið verður upp nýrri hlið á Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR AF FÓLKI

Víða verður haldið upp á afmæli bjórsins næsta laugardag, meðal annars á Selfossi, nánar tiltekið í Hvíta húsinu. Öllu verður tjaldað til en þar leika Stuðmenn fyrir dansi og kemur **Valgeir Guðjónsson** fram með sínum fornu félögum. Auk þeirra spilar kvennasveitin Elektra en þetta mun verða í fyrsta skipti sem þær koma fram opinberlega eftir að þær hurfu inn í bílskúr til að æfa fyrir Eurovision-forkeppnina þar sem þær höfðu reyndar ekki erindi sem erfiði.

Í vikunni var tekið fyrir mál Ívars Arnar Þórhallssonar á hendur Séð og heyrt, en hann segir tímaritið hafa tekið ófrjálsri hendi myndir af vefsvæði hans og notað í fréttina „Hommi á Barnalandi“. Blaðamaðurinn **Tobba Marínósdóttir** furðar sig mjög á þessu því nýverið sendi Ívar Arnar henni myndir til birtingar í Séð og heyrt án endurgjalds og hringdi sérstaklega til að ítreka það góða boð.

Fyrsti gestur nýrra umsjónarmanna sjónvarpsþáttarins Mér finnst…, þeirra Láru Ómarsdóttur, **Katrínar Bessadóttur** og Bergljótar Davíðsdóttur var sjónvarpsstjarnan Egill Helgason sem algerlega sló í gegn meðal kvennanna sem göptu upp í gullinhærða hrokkinkollinn og skjásjarmörinn þegar hann sagði þeim frá bóhemlífi sínu á yngri árum. Spennandi verður að vita hver verður svo gestur þeirra næst en þátturinn er á dagskrá á mánudögum og föstudögum.

- jbg

Björn Ingi á 17. hæð Turnsins

„Jú, það er mikil tilhlökkun í mannskapnum. Enda bara þrír dagar til stefnu,“ segir Björn Ingi Hrafnsson en á laugardaginn verður fréttavefsíðan pressan.is opnuð, sem hann stýrir. Björn Ingi segir að auk hans muni Steingrímur Sævarr Ólafsson, fyrrverandi fréttastjóri á Stöð 2, Marta María Jónasdóttir, fyrrum ritstjóri Föstudags, fylgirits Fréttablaðsins og Henrý Þór Baldursson skrípóbloggari sjá um vefinn.

Björn Ingi segir að erlendir vefir svo sem Washington Post og fréttavefur Microsoft Slate.com séu meðal annarra fyrirmyndir en skrifin muni bæði helgast fréttum af því sem er að gerast hverju sinni sem og þeirra eigin rannsóknarblaðamennsku. Einnig verði þar að finna mikið af efni sem tengist líðandi stundu, lífsstíl, tísku og dægurmálum og mun Marta María sjá um þau skrif að miklum hluta.

„Okkur munu svo fylgja fjölmargir pressupennar, þekkt fólk úr þjóðlífinu, sem skrifa um það sem hæst ber hverju sinni.“

Björn Ingi segir að Pressan muni hafa aðsetur á 17. hæð í Turninum í Kópavogi en vill að öðru leyti ekki játa né neita orðrómi þess efnis að Róbert Wessman sé sá sem fjármagni vefinn. „Ég ætla ekki að tjá mig um eignaraðildina fyrr en daginn sem Pressan verður opnuð en þá verður það heldur ekkert leyndarmál og mikilvægt að það komi strax fram. Það eru fleiri en einn aðili sem standa okkur að baki. Yfirbyggingin verður hins vegar ekki mikil, enda er það lykilatriðið við þessar aðstæður. Við reynum að fara varlega í þetta.“

- jma

ÞEGAR STÓRT ER SPURT Steingrímur Sævarr Ólafsson mun rifja upp gamla takta frá því hann rak vinsæla bloggsíðu fyrir nokkrum árum. Kvenlegt yfirbragð verður einnig á síðunni í formi tísku- og lífsstílsumfjöllunar.

BJÖRN INGI HRAFNSSON

FRUMSÝNING Á MORGUN
MILLJARÐAMÆRIN
SNÝR AFTUR
ÆÐISGENGIÐ LEIKRIT UM
GRÆÐGI, HATUR OG ÁST
EFTIR FRIEDRICH DÜRRENMATT
LEIKSTJÓRN KJARTAN RAGNARSSON
26/02 UPPSELT
27/02 UPPSELT
28/02 UPPSELT
04/03 UPPSELT
05/03 UPPSELT
06/03 UPPSELT
11/03 UPPSELT
12/03 ÖRFÁ SÆTI LAUS
15/03 ÖRFÁ SÆTI LAUS
19/03 ÖRFÁ SÆTI LAUS
20/03
26/03
Sett upp í samstarfi við
Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

BAKÞANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Hvað um meðaljóninn?

Alltaf stal villingurinn í bekknum athyglinni. Í ofanálag var honum svo hrósað í hástert ef hann slysaðist til að haga sér einu sinni vel. Enginn tók eftir meðaljóninum sem hagaði sér skikkanlega allan tímann. Ég óttast að í aðgerðapakkanum sem bjarga á heimilunum í kreppunni verði meðaljóninn enn útundan. Að þeir taki mestan skellinn sem spiluðu ekki rassinn úr buxunum, höfðu enga kaupréttarsamninga og standa þokkalega í skilum. Splæstu kannski í mesta lagi í 20 tommu flatskjá.

FRAMSÓKN viðraði um daginn hugmyndir um að húseignalán allra yrðu afskrifuð um 20 prósent. Ég geri mér enga grein fyrir hversu raunhæf slík aðgerð yrði en óneitanlega hljómaði hún vel í eyrum meðaljónsins. Viðskiptaráðherra leist hins vegar ekkert á þetta og sagði í frétt á Vísi.is hinn 24. febrúar að „ef öll lán væru afskrifuð um 20 prósent væri verið að rýra mjög eignir bankanna og kostnaðurinn við það væri mun meiri en hægt væri að réttlæta“. Mér finnst hins vegar ekkert hægt að réttlæta þær byrðar sem á að leggja á almenning vegna framgöngu gömlu bankanna!

VIÐSKIPTARÁÐHERRA sagðist jafnframt í sömu frétt sjá fyrir sér „allmörg úrræði sem tækju tillit til stöðu hvers og eins en væru þó með almennum reglum. Í einhverjum tilvikum þurfi að afskrifa, stundum verði hægt að lengja í lánum og hugsanlega má beita vaxtabótum í þessu sambandi. Að lokum ítrekaði Gylfi að kraftar ríkisins verði að beinast að þeim sem mest þurfa á aðstoðinni að halda.“

HVERNIG á að meta hverjir fái skuldir sínar afskrifaðar? Eru það þeir sem myntkörfulánin eru að sliga, eða þeir sem verðtryggingin er að sliga? Verður miðað við eitthvert lágmark milljóna sem viðkomandi skuldar eða verður miðað við hvort fyrirvinna heimilisins, hafi misst vinnuna eða „bara“ þurft að taka á sig launalækkun? Verður miðað við hversu mörg börn eru á heimilinu og tekið tillit til mismunandi rekstrarkostnaðar við ungbörn eða unglinga?

NÚ vil ég ekki gera lítið úr vandræðum fjölda fólks. Ég geri mér fulla grein fyrir því að margir standa frammi fyrir gjaldþroti. Mér finnst hins vegar ósanngjarnt ef einhverjir verða látnir róa þann þunga róður sem fram undan er einsamlir og taka á sig álögur af völdum annarra, meðan aðrir fái skuldir sínar afskrifaðar. Hvers á hinn íslenski meðaljón að gjalda?

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 26. febrúar, 57. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.45	13.41	18.37
Akureyri	8.35	13.25	18.17

Heimild: Almanak Háskólans

OKKAR FRAMLAG
NÝJAR VÖRUR VOR/SUMAR 09

dömu & herra
bolir 990,-
skyrtur 1.990,-
flíspeysur 2.990,-
softshell 4.990,-
kvartbuxur 2.990,-
buxur 2.990,-
zip off buxur 4.490,-
isotex jakkar 4.990,-
isotex kápur 5.990,-
regnbuxur 1.490,-
regnjakkar 1.990,-
gönguskór 5.990,-
bakpokar 2.990,-
sokkar 990,-
ofl. ofl.

barnafatnaður
bolir 990,-
flíspeysur 1.990,-
softshell 3.990,-
kvartbuxur 1.990,-
zip off buxur 2.990,-
regnbuxur 990,-
regnjakkar 1.490,-
gönguskór 5.490,-
bakpokar 1.990,-
ofl. ofl.

Regatta
GREAT OUTDOORS™

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

MARKAÐSHORNIÐ
VETUR 08/09
barnaúlpur 2.990,-
flíspeysur 1.990,-
dömuúlpur 2.990,-
softshell 1.990,-
skíðajakkar 4.990,-
ofl. ofl.

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
www.utivistogsport.is

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322